



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2011-2012





Inngangur formanns



Tómas Torfason
formaður KFUM
og KFUK

Félagsfólk í KFUM og KFUK getur sannarlega verið stolt af starfi félagsins. Eins og þessi ársskýrsla ber með sér er fjölþætt og blómlegt starf unnið í öllum deildum og starfsstöðvum þess. Fyrir starfinu fara sjálfboðaliðar, félagsfólk sem vill leggja sitt af mörkum. Það ber að þakka.

Á fundum með ráðamönnum hef ég stundum sagt í léttum tóni að það sé ekki nóg að vera skemmtilegur og kunna að spila á gítar til að geta verið leiðtogi í starfi KFUM og KFUK. Í dag gerum við meiri kröfur til þeirra sem starfa með börnum og unglingum, ekki síst að því sem snýr að öryggi þeirra og velferð. Okkar ungu leiðtogar kappkosta því að sækja margskonar námskeið sem haldin eru til að vera gildandi í barna- og unglingastarfi KFUM og KFUK. Á það jafnt við hvort starfað sé í einum af sumarbúðum KFUM og KFUK eða í deildum þess á veturna. Í þessu felst meðal annars gæðastarf félagsins.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að eldri og reynslumeiri félagar hlaupi undir bagga, dusti rykið af leiðtoganum og taki einn flokk í sumarbúðum, eða komi að vetrarstarfinu með einum eða öðrum hætti. Það er vel og því ber að fagna. Ég vil hvetja þetta fyrirmyndar félagsfólk að sækja námskeiðin sem unga fólkíð okkar sækir. Bæði til

að smyrja hjól reynslunnar en ekki síður til að vera á sömu blaðsíðu og samstarfsfólkið í starfinu. Tímarnir breytast, kröfur aukast og það er ekki nóg að búa bara að reynslu.

Á komandi aðalfundi læt ég af embætti sem formaður félagsins. Líkt og í öðru sjálfboðastarfi sem ég hef gegnt í KFUM og KFUK hefur það verið mér lærdómsríkt, gefandi, þroskandi og ánægjulegt. Ég vil þakka það traust sem mér hefur verið sýnt. Ég vil þakka fyrir stuðning í starfi sem félagsfólk hefur sýnt mér á undanförunum árum. Þá vil ég sérstaklega þakka samstarfsfólki í stjórn og starfsfólki KFUM og KFUK fyrir samstarfið. Félagið hefur á að skipa afar öflugum og traustum fólki, bæði í hópi stjórnar og starfsfólks. Ég óska komandi stjórn velfarnaðar í störfum og hvet félagsfólk að standa við bakið á þeim.

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Félagið þarf ólíkt fólk með ólíka hæfileika. Að fá að leggja sitt af mörkum innan KFUM og KFUK er gefandi og uppbyggjandi. Að vera sjálfboðaliði í félagsstarfi er lífsstíll. Að vera sjálfboðaliði í kristilegu starfi er hugsjón. Hvort tveggja fer saman í KFUM og KFUK.

*Tómas Torfason,
fráfarandi formaður KFUM og KFUK*

Efnisyfirlit

1. Forysta KFUM og KFUK	6
2. Æskulýðsstarf	9
3. Leikjanámskeið	15
4. Fræðslustarf	16
5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	19
6. Alþjóðastarf	22
7. Innlend samstarfsverkefni	25
8. Útgáfu- og kynningarmál	27
9. Fjármál	29

Starfsstöðvar:

KFUM og KFUK á Akureyri	30
KFUM og KFUK á Suðurnesjum	32
KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	34
Vinagarður	36
Vatnaskógur	38
Vindáshlíð	43
Ölver	46
Hólavatn	48
Kaldársel	51

Nafnið segir hver við erum

Við í KFUM og KFUK búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists. Kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum. Aldargamalt félag þarf að gæta þess að breytast ekki í stofnun. Ekki má rugla félaginu saman við söfnuð, þrátt fyrir kristilegan grunn þess.

U

Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn, unglinga og ungt fólk.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni, stofnanda KFUM og KFUK, stendur við Lækjargötu í Reykjavík.



Allt frá árinu 1909 hefur basar KFUK verið mikilvæg tekjulind fyrir félagið en þar er á boðstólum margs konar handverk. Saumafundir, þar sem unnið var handverk fyrir basarinn, voru lengi mikilvægur þáttur í félagsstarfinu. Enn í dag koma hópar saman í heimahúsum og vinna handverk til styrktar félaginu.

113 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn, sr. Friðrik Friðriksson, telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, Karlaóórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnun kristindómi.“

Skilvirkt skipulag

KFUM og KFUK leitast stöðugt við að gera innra skipulag skilvirkara. Nú eru allir félagar skráðir í sama félagið, KFUM og KFUK á Íslandi, óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Starfsstöðvar eru sjálfstæðar rekstrareiningar innan félagsins sem annast sértæka starfsemi á sínu starfssvæði. Hvort viðburður eða starf heyrir undir starfsstöð eða

félagið í heild byggir meira

á hefðum en reglum.


Stjórn og starfsmenn KFUM

og KFUK á Íslandi starfa

með stjórnun og starfsmönnum

starfsstöðva að sameiginlegum

markmiðum.



1. Forysta KFUM og KFUK

Starfsár stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi nær frá aðalfundi 9. apríl 2011 til aðalfundar 14. apríl 2012. Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi er skipuð tíu manns, átta eru í aðalstjórn og tveir varamenn. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundir. Kynjahlutfall er jafnt í stjórninni og hefur svo verið frá því að félagið var sameinað á landsvísi undir heitinu KFUM og KFUK á Íslandi. Þess má geta að meirihluti stjórnarfólks er undir þritugu.

Í stjórninni störfuðu á starfstímabiliinu og skiptu þannig með sér verkum:

Tómas Ingi Torfason, formaður
Björg Jónsdóttir, varaformaður
Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri
Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, ritari
Íris Kristjánsdóttir, vararitari
Auður Pálsdóttir,
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson og
Páll Ágúst Ólafsson.

Varamenn:

Arnór Heiðarsson og
Tinna Rós Steinsdóttir.



Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi starfsárið 2011-2012. Frá vinstri: Auður Pálsdóttir, Arnór Heiðarsson, Björg Jónsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Íris Kristjánsdóttir, Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, Páll Ágúst Ólafsson og Tómas Ingi Torfason. Á myndina vantar Tinna Rós Steinsdóttur.

Stjórnarfundir og málefni á borði stjórnar

Á starfsárinu hélt stjórnin þrettán stjórnarfundir. Þeir voru haldnir 13. apríl 2011, 2. maí, 1. júní, 24. ágúst, 31. ágúst, 21. september, 12. október, 16. nóvember, 8. desember, 17. janúar (2012), 9. febrúar, 7. mars og 28. mars. Fundirnir fóru fram í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og stöðu yfirleitt í um þrjár til fjórar klukkustundir hver.

Í upphafi starfstímabils stjórnarinnar var byrjað á að setja fram hugmyndir um markmið fyrir nýtt stjórnarár. Skipað var í nefndir og ráð á vegum félagsins sem einstakir stjórnarmenn fara fyrir. Má þar nefna æskulýðsráð (Páll Ágúst Ólafsson), alþjóðaráð (Björg Jónsdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir), samfélagsráð (Petrína Mjöll Jóhannesdóttir), laganeftnd (Auður Pálsdóttir), húsráð (Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson) og fjármálaráð (Guðmundur Karl Einarsson). Með stjórnarfólki í nefndum og ráðum á vegum félagsins starfa aðrir sjálfbóðaliðar og er nánar greint frá störfum þessara ráða og nefnda á viðeigandi stöðum í ársskýrslunni. Unnið var að því að endurverkja leikjánaðskeyðin fyrir árið 2012, en vegna fjárhagsstöðu félagsins voru ekki haldin leikjánaðskeyð í Reykjavík og Kópavogi sumarið 2011 með sama sniði og verið hafði. Íris Kristjánsdóttir leiddi þá vinnu.

Ýmis mál komu að borði stjórnar til umræðu og ákvörðunar. Áfram var haldið með mál er varða stækkun leikskólans og notkun húsnæðis undir hann í húsi félagsins á Holtavegi. Áfram var unnið með YERT-teyminu (YMCA Europe Resource Team) og verður nánar greint frá þeirri vinnu síðar í þessum kafla. Stjórnin skipulagði samráðshelgi í Vatnaskógi með forystusveit félagsins og starfsfólki þess. Unnið var að gerð fjárhagsáætlunar með fjármálastjóra félagsins og farið yfir uppgjör og fjárhagsstöðu félagsins nokkrum sinnum á starfsárinu. Stjórnin skipulagði og sá um framkvæmd hátíðar- og inntökufundar KFUM og KFUK á Íslandi og vann að öflun nýrra félaga.

Af ákvörðunum á sviði alþjóðatengsla má nefna að ákveðið var að tilnefna í fyrsta skipti til stjórnar Evrópusambands KFUM (EAY), en kosið verður í stjórn EAY á aðalfundi þess í maí 2012. Skipað var í nefnd til þess að undirbúa þátttöku Íslendinga í Evrópumóti KFUM í Prag 2013 sem áætlað er að mörg þúsund ungmenni sækji víðs vegar að úr Evrópu. Stjórnarfólk ásamt starfsfólki félagsins hitti Romulo Dantas, starfsmann Heimssambands KFUM, sem fer fyrir verkefninu „Empowering Young People“. Stjórnin tók ákvörðun um að fá tvo erlenda sjálfbóðaliða í gegnum Evrópu unga fólksins.

Af innlendu samstarfi má nefna að ákveðið var að sækja um aðild að Almannaveit, hagsmunasamtökum þriðja geirans. Stjórnin hafði til umræðu og yfirlstrar síðareglur sem unnið er að í samstarfi við samstarfsfélögin í Æskulýðsvettvanginum (Skáta og UMFÍ). Skipaður var fulltrúi í fagræð Æskulýðsvettvangsins. Tilnefnt var í Æskulýðsráð (ríkisins), og valinn fulltrúi í Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar. Varaformaður flutti kveðju frá félaginu á 100 ára afmæli Vals.

Stjórnin vann að undirbúningi aðalfundar 2012 og skipti með sér verkum að mæta á aðalfundi starfsstöðva félagsins. Unnið var að því að formfesta starfsfyrirkomulag Ölvers, til samræmis við aðrar starfsstöðvar félagsins, meðal annars með lagagerð. Stjórnin heldur fulltrúaráðsfundi árlega,



Helga Friðriksdóttir (t.v.) var gerð að heiðursfélaga KFUM og KFUK á Íslandi á hátíðar- og inntökufundi félagsins í febrúar 2012. Helga hefur gegnt lykilhlutverki í undirbúningi og framkvæmd basars KFUK í 50 ár. Með Helgu á myndinni eru Tómas Torfason, formaður félagsins, og Gyða Karlsdóttir framkvæmdastjóri.

en lög félagsins gera ráð fyrir að þeir séu haldnir a.m.k. einu sinni á ári. Fulltrúaráðsfundurinn verður haldinn 13. apríl, kvöldið fyrir aðalfund KFUM og KFUK á Íslandi.

Unnið úr niðurstöðum YERT á samráðsþingi í Vatnaskógi

Helgina 21.-23. október 2011 var haldið samráðsþing stjórna, starfsfólks og starfssviða KFUM og KFUK á Íslandi fjórða árið í röð. Þingið fór fram í Vatnaskógi og tóku yfir 70 manns þátt. Umræðuefni þingsins að þessu sinni var skýrsla YERT-teymisins sem meðal annars hefur að geyma niðurstöður þeirrar vinnu sem YERT-teymið vann með forystusveit félagsins á samráðsþinginu árið áður. Auður Pálsdóttir, Íris Kristjánsdóttir og Páll Ágúst Ólafsson unnu upp úr skýrslu YERT-teymisins atriði sem síðan voru rædd í þremur málstofum á samráðsþinginu í Vatnaskógi. Málstofustjórar voru Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Gunnar Finnbogason. Niðurstöður málstofanna voru teknar saman og birtar í 3. tbl. Fréttabréfs KFUM og KFUK 2011, nánar tiltekið í stjórnarþistli Auðar Pálsdóttur. Þau sem hafa áhuga á að kynna sér inntak skýrslu YERT-teymisins er velkomnið að hafa samband við Gyðu Karlsdóttur framkvæmdastjóra.

Á samráðsþinginu var jafnframt byrjað að horfa sjö ár fram í tímann og þrjú félagssystkin boðin að svara spurningunni: „Hvernig KFUM og KFUK viljum við sjá árið 2019, þegar félagið fagnar 120 ára afmæli?“. Í kjölfarið var gefið út hefti með framtíðarsýn nokkurra félagsmanna út frá sömu spurningu. Var heftið sent félagsfólki með Fréttabréfi KFUM og KFUK í lok árs 2011 og kostaði Tótem útgáfuna.

Áfram verður unnið með niðurstöður YERT-teymisins með það að markmiði að auka gæði í starfi KFUM og KFUK á Íslandi.

Norrænir formenn og framkvæmdastjórar KFUM og KFUK hittast á fundi í Svíþjóð

Norrænt samstarf KFUM og KFUK félaga á sér áratuga sögu og hafa formenn og framkvæmdastjórar félaganna hist síðustu helgi í janúar ár hvert. Fundurinn var haldinn að þessu sinni í Umeå í Svíþjóð helgina 27.-29. janúar 2012. Staðsetning fundarins að þessu sinni var valin með tilliti til þess að kynna fyrir þátttakendum alþjóðlegt KFUM og KFUK ungmennamót sem fram fer í Umeå árið 2014, sama ár og



Á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK var 28 nýjum félögum fagnað og þeir boðnir velkomnir í félagið. Hér heilsar Vilborg Jóhannesdóttir heiðursfélagi, Steinunni Þorsteinsdóttur, nýjum félaga í KFUM og KFUM og býður hana velkomna í félagið.

Umeå verður menningarborg Evrópu. Sérstakir gestir fundarins voru Juan Simoes Iglesias framkvæmdastjóri Evrópusambands KFUM og Michelle Higelin aðstoðarframkvæmdastjóri Heimssambands KFUK og tengiliður við Evrópu. Á fundinum var undirbúningur fyrir mótið í Umeå kynntur en jafnframt minnt á það heiðurssamkomulag sem gert var á milli Evrópusambands KFUM og KFUM og KFUK í Svíþjóð að hefja ekki kynningu á mótinu í Umeå fyrr en Evrópumótinu í Prag er lokið í ágúst 2013. Björg Jónsdóttir varaformaður og Gyða Karlsdóttir framkvæmdastjóri sóttu fundinn fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi. Fundurinn var styrktur af NORBUK.

Helga Friðriksdóttir kjörin heiðursfélagi KFUM og KFUK

Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi ákvað að gera Helgu Friðriksdóttur að heiðursfélaga KFUM og KFUK á hátíðar- og inntökufundi félagsins 16. febrúar 2012. Helga Friðriksdóttir hefur tekið þátt í og haldið utan um basarhóp KFUK samfelldt í 50 ár. Basar KFUK er ein flugasta fjárflokkun félagsins og hefur basarhópur Helgu átt stærstan þátt í þeirri vinnu sem liggur að baki handavinnu og heimagerðum kökum sem seldar eru á basarum. Með því að heiðra Helgu vill félagið vekja athygli á þeirri fyrirmynd sem hún er okkur félagssystkinum sínum og þakka trúmennsku hennar við félagið í hálfa öld. Helga er jafnframt fulltrúi þeirra fjölmörgu sem hafa gefið á basar KFUK og þannig tekið þátt í að treysta fjárhagsgrundvöll félagsins og gert félaginu kleift að ná til barna og ungmenna með fagnaðarerindið um Jesú Krist.

Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK

Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK fór fram í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 í Reykjavík, fimmtudaginn 16. febrúar 2012. Á fundinum voru 28 nýir félagar boðnir velkomnir í félagið. Boðið var upp á hátíðarkvöldverð sem Hreiðar Örn Z. Stefánsson hafði umsjón með. Þóra Björg Sigurðardóttir og Haraldur Örn Harðarson sýndu dans, hljómsveitin Tilviljun? lék tvö lög og Karlað KFUM og KFUK gladdi gesti með söng sínum. Á fundinum var Helga Friðriksdóttir gerð að heiðursfélaga og henni þakkað óeigingjarnt starf í þágu félagsins í hálfa öld, eins og kom fram hér að framan. Stjórn kvöldsins var í höndum Lauru Sch. Thorsteinsson og Ólafur Jóhannsson sóknarprestur í Grensáskirkju flutti hugleiðingu. Tækniamaður kvöldsins var Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson. Myndir frá kvöldinu má sjá á heimasíðu KFUM og KFUK, www.kfum.is.



Unnið var í málstofum á samráðsþingi stjórna, starfsstöðva og starfssviða KFUM og KFUK á Íslandi sem fram fór í Vatnaskógi helgina 21.-23. október 2011. Atriði úr skýrslu YERT-teymisins voru til umræðu og úrvinnslu.

Starfsfólk KFUM og KFUK á Íslandi

Með stjórn KFUM og KFUK á Íslandi starfar framkvæmdastjóri félagsins, Gyða Karlsdóttir. Hún hefur á að skipa öflugu teymi starfsfólks sem ásamt henni sér um daglegan rekstur félagsins og þjónar starfi þess eftir fremsta megni. Flestir starfsmenn eru með aðstöðu í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28, en auk þess hefur félagið starfsmann á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Starfsfólk KFUM og KFUK á Íslandi starfsárið 2011 - 2012 voru: Gyða Karlsdóttir, Halldór Elías Guðmundsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jóhann H. Þorsteinsson, Jón Grétar Þórsson, Jón Ómar Gunnarsson, Klara V. Þórhallsdóttir, Kristný Rós Gústafsdóttir, Ragnar Snær Karlsson, Soffía Magnúsdóttir, Þór Binó Friðriksson og Þorsteinn Arnórsson. Gísli Stefánsson er í 30% starfi í Vestmannaeyjum. Á starfsárinu létu af störfum þau Jón Grétar Þórsson, Kristný Rós, Ragnar Snær og Þór Binó. Er þeim þakkað einkar gott samstarf og fórnúst starf í þágu KFUM og KFUK á Íslandi. Vegna niðurskurðar í fjárhag félagsins fækkaði starfsmönnum um tvo í starfsmannhópnum.

Sjálfbóðaliðar

Starf KFUM og KFUK væri ekki mögulegt nema vegna þess að nokkur hundruð sjálfbóðaliðar koma að starfinu með einum eða öðrum hætti á hverju ári. Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi sinnir öllu sínu starfi í sjálfbóðavinnu. Sama á við um allar stjórnir starfsstöðva félagsins. Í kafla 2 er getið þeirra fjölmörgu sjálfbóðaliða sem eru leiðtogar í æskulýðsstarfi félagsins, ýmist í hverri viku vegna deildastarfsins eða vegna umsjónar með ýmsum viðburðum og verkefnum í æskulýðsstarfinu. Að baki þeim verkefnum sem greint er frá í öllum köflum þessarar ársskýrslu liggur vinna fjölda sjálfbóðaliða.

Félagshúsið á Holtavegi þarfnast viðhalds og tiltektar enda er það notað mikið hvern einasta dag vikunnar allt árið. Það hefur verið ómetanlegt að eiga að sjálfbóðaliða sem sýna félagshúsinu á Holtavegi ræktarsemi. Fjölmargir koma þar við sögu en einkum er vert að nefna Sverri Axelsson og Albert Bergsteinsson sem koma reglulega og hafa umsjón með ákveðnum verkþáttum. Oddrún Jónasdóttir Uri hefur fóstorað eldhúsið á Holtaveginum og haldið þar öllu í röð og reglu af einstakri trúmennsku. Tæknideildin, undir forystu Gylfa Braga Guðlaugssonar, hefur séð um tækniþing á fundum og samverum og haldið utan um eigur félagsins á tæknisviðinu.

Guðmundur Hjartarson afhenti KFUM og KFUK á Íslandi safn hreyfimynda sem teknar voru á árunum 1966-2001. Tökurnar annaðist Guðmundur sjálfur eða sá um að þær væru teknar. Eru myndirnar á rafrænu formi, vistaðar á tvo harða diska. Mikil vinna liggur að baki gjöfinni og eru Guðmundi færðar kærar þakkir fyrir gjöfina.

KFUM og KFUK hafa borist gömul skjöl sem tengjast starfi félagsins og bókgjafir frá einstaklingum. Félagið þakkar þann hlýhug sem felst í slíkum gjöfum.

Þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum, sem með einum eða öðrum hætti leggja sitt af mörkum til starfs KFUM og KFUK á Íslandi, eru færðar alúðarþakkir fyrir þeirra framlag.



2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK, enda er það markmið félagsins að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa uppbyggilegt og jákvætt félagsstarf. Starf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þátttakenda. Starfið er borið uppi af sjálfboðaliðum sem hafa í gegnum eigin þátttöku þroskast og vaxið til ábyrgðar, fengið til þess þjálfun og fræðslu og fundið til ábyrgðar að skila til samfélagsins eftir að hafa sjálf notið góðs af starfinu sem börn. Þannig er æskulýðsstarfið stöðugt að ala af sér framtíðarleiðtoga sem með jákvæðu hugarfari takast á við fjölbreytt verkefni, hvort sem það er á vegum félagsins eða á öðrum vettvangi. Án sjálfboðaliða, án grasrótarinnar væri félagið lítils megnugt og er það því eitt brýnasta verkefni félagsins, stjórnar og starfsmanna að hlúa vel að sjálfboðaliðum, hvetja þá og efla og skapa þeim spennandi vettvang til frekari afreka, íslenskrí æsku og kristni til framdráttar.

Félagsdeildir KFUM og KFUK starfsárið 2011-2012

Í félagsdeildum KFUM og KFUK eru vikulega haldnir fundir þar sem boðið er upp á fjölbreytta, skemmtilega og fræðandi dagskrá. Samverurnar geta verið nokkuð ólíkar að innihaldi en þó er alltaf hugleiðing út frá Guðs orði og bæn. Einn af styrkleikum okkar starfs er að efnistökin geta verið ólík eftir því hvaða styrkleikar finnast í leiðtogahópi hverrar deildar. Þannig getur verið að ein félagsdeild leggi mikið upp úr söng og jafnvel leiklist á meðan önnur deild er meira í skapandi handverki og föndri og sú þriðja kannski á íþróttalínunni með bandýfundi og skotbolta í bland við annað. Þannig höldum við á lofti sýn stofnandans, sr. Friðriks Friðrikssonar,

sem sagði að ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnnum kristindómi.

Félagsdeildirnar voru 43 talsins á starfsárinu 2011-2012 og við þær starfa 110-130 leiðtogar, sjálfboðaliðar og starfsmenn. Fjallað er um leiðtogabjálfun, sem er hluti ungmenntastarfsins í 4. kafla.

Börn 9-12 ára

Vikulegir fundir í hefðbundnum félagsdeildum og ýmsir sameiginlegir viðburðir og ferðalög. Skemmtileg og uppbyggileg dagskrá er útbúin og skipulögð fyrir börnin.

Unglingar 13-15 ára

Vikulegir fundir í hefðbundnum deildum. Þátttakendur taka meiri þátt í að skipuleggja dagskrána, með styrkri leiðsögn og frumkvæði frá leiðtogum. Einnig er boðið upp á sumarbúðadeildina Skógarvini og listadeildirnar Skapandi, sem eru starfræktar nokkrum sinnum á hvoru misseri.

Ungmennir 16-25 ára

Þátttakendur stýra dagskrá og verkefnum að mestu sjálf með dyggrri aðstoð frá starfsfólki æskulýðssviðs. Fjölbreytni verkefna er mikil, og felur til dæmis í sér fjöllistahópin Ten Sing, fjölbreytt leiðtogaverkefni, ýmis Evrópuverkefni og fleira.

Nálgun í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK er þrískipt. Því eldri sem þátttakendur eru því meira vægi hafa þeir sjálfir í mótun starfsins.

Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga veturinn 2011-2012

YD KFUK Aflagrandi (Vesturbær)

Hulda Guðlaugsdóttir
Kristín Sigrún Magnúsdóttir
Rósa Margrét Tryggvadóttir
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir
Skráðir á haustönn: 23
Skráðir á vorönn: 25

YD KFUM og KFUK Digraneskirkju

Þorsteinn Arnórsson – Forstöðumaður
Ragnar Schram
Tinna Ýr Birgisdóttir
Andri Lórentzson
Skráðir á vorönn: 67

YD KFUM og KFUK Fella- og Hóla kirkju

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður
Alla Rún Rúnarsdóttir
Daria Rudkova (haust)
Þátttakendur á haustönn: 2
Þátttakendur á vorönn: 2

UD KFUM og KFUK Fella- og Hóla kirkju

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður
Alla Rún Rúnarsdóttir
Daria Rudkova (haust)
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUK Garðabær

Carina Holmvík – Forstöðukona
Dagný Bjarnhéðinsdóttir
Hulda Guðlaugsdóttir
Skráðir á haustönn: 85
Skráðir á vorönn: 28

UD KFUM og KFUK Sandgerði

Þóra Jenny Benónýsdóttir – Forstöðumaður
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Skráðir á vorönn: 10
Skráðir á haustönn: 10

YD KFUK Grensáskirkju

Sesselja Kristinsdóttir – Forstöðukona
Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir
Skráðir á haustönn: 20
Skráðir á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Grensáskirkju

Dagrún Linda Barkardóttir – Forstöðukona
Daníel Bergmann
Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
Rebekka Sveinbjörnsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 9
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Gísli Davíð Karlsson – Forstöðumaður
Arnór Heiðarsson
Telma Ýr Birgisdóttir
Reynir Berg
Skráð á haustönn: 71
Skráð á vorönn: 23

UD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Gísli Davíð Karlsson – Forstöðumaður
Arnór Heiðarsson
Telma Ýr Birgisdóttir
Skráðir á haustönn: 42
Skráðir á vorönn: 21

YD KFUK Holtavegi

Hafðís Matsdóttir – Forstöðukona
Agnes Þorkelsdóttir
Snædis Snorraddóttir
Skráðir á haustönn: 34
Skráðir á vorönn: 34

UD KFUM og KFUK Hvammstangakirkju

Sr. Magnús Magnússon – Forstöðumaður
Guðmundur Helgason
Skráðir á haustönn: 35
Skráðir á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK Hvammstangakirkju

Sr. Magnús Magnússon – Forstöðumaður
Karen Ásta Guðmundsdóttir
Inga Rósa Böðvarsdóttir
Fanney Sandra Albertsdóttir
Skráðir á haustönn: 15
Skráðir á vorönn: 35

YD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Salvar Geir Guðgeirsson – Forstöðumaður
Haukur Árni Hjartarson
Arndís Lára Sigtryggsdóttir
Kristín Munda Kristinsdóttir
Pálína Agnes Baldursdóttir
Þátttakendur á haustönn: 28
Þátttakendur á vorönn: 28

UD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Salvar Geir Guðgeirsson – Forstöðumaður
Haukur Árni Hjartarson
Arndís Lára Sigtryggsdóttir
Kristín Munda Kristinsdóttir
Pálína Agnes Baldursdóttir
Skráðir á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 20

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona
Erla Guðmundsdóttir – Forstöðukona
Skráðir á haustönn: 40
Skráðir á vorönn: 40

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Þorsteinn Helgason
Ísak Henningsson
Ívar Karl Sveinsson
Práinn Andreusson
Skráðir á haustönn: 29
Skráðir á vorönn: 37

MD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Baldur Waage
Blær Elíasson
Þorsteinn Helgason
Skráðir á haustönn: 17
Skráðir á vorönn: 37

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – Forstöðukona
Inga María Henningsdóttir
Íris Hafþórsdóttir
Skráðir á haustönn: 35
Skráðir á vorönn: 38

MD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Aldís H. Rúnarsdóttir
Skráðir á haustönn: 51
Skráðir á vorönn: 51

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Björk Guðnadóttir – Forstöðukona
Aldís H. Rúnarsdóttir
Blær Elíasson
Brynja Eiríksdóttir
Hafþór I. G. Sigurðsson
Óskar Pétur Sævarsson
Skráðir á haustönn: 15
Skráðir á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK Akurskóla (Ytri Njarðvík)

Kristný Rós Gústafsdóttir – Forstöðukona (haust)
Blær Elíasson
Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona (vor)
Laufey Gísladóttir (vor)
Skráðir á haustönn: 13
Skráðir á vorönn: 13

YD KFUK Lindakirkju

Hjördís Rós Jónsdóttir – Forstöðukona
Kristín Gyða Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Halldóra Tinna Guðjónsdóttir
Helga Katrín Jónsdóttir
Jóhanna Blöndahl Guðmundsdóttir
Skráðir á haustönn: 50
Skráðir á vorönn: 50

YD KFUM Lindakirkju

Sr. Guðni Már Harðarson – Forstöðumaður
Jón K. Guðbergsson
Skráðir á haustönn: 25
Skráðir á vorönn: 30

UD KFUM og KFUK Lindakirkju

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson – Forstöðumaður
Sr. Guðni Már Harðarson – Forstöðumaður
Unnur Rún Sveinsdóttir
Anna Bergljót Böðvarsdóttir
Hreinn Pálsson
Þorleifur Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 50
Þátttakendur á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK Lágafellskirkju

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson – Forstöðumaður
Thelma Dögg Haraldsdóttir
Unnar Freyr Erlendsson
Hólmfríður Arnalds (haust)
Skráðir á haustönn: 30
Skráðir á vorönn: 25

YD KFUK Seljakirkju

Margrét Reynisdóttir – Forstöðukona
Sólveig Reynisdóttir
Berglind Ólafsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Skráðir á haustönn: 30
Skráðir á vorönn: 8

YD KFUM Seljakirkju

Sr. Ólafur J. Borgþórsson – Forstöðumaður
Hreinn Pálsson
Þátttakendur á haustönn: 8
Þátttakendur á vorönn: 10

Skógarvinir

Ársæll Aðalbergsson – Forstöðumaður
Styrmir Magnússon
Þór Bínó Friðriksson
Benedikt Snær Magnússon
Skráðir á haustönn: 21
Skráðir á vorönn: 13

YD KFUM Akureyri

Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Dagur Harðarson
Magni Harðarson
Skráðir á haustönn: 30
Skráðir á vorönn: 32

YD KFUK Akureyri

Helga Frímann Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Guðný Bára Jónsdóttir
Herdís Júlía Júlíusdóttir
Sandra M. Sigurðardóttir
Skráðir á haustönn: 31
Skráðir á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – Forstöðumaður
Helga Frímann Kristjánsdóttir
Pétur Ragnhildarson
Alexandra Ýr Thorarensen
Skráðir á haustönn: 21
Skráðir á vorönn: 23

YD KFUM og KFUK Dalvík

Helga Frímann Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson
Skráðir á haustönn: 22
Skráðir á vorönn: 24

YD KFUM og KFUK Ólafsfjörður

Helga Frímann Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson
Skráðir á haustönn: 30
Skráðir á vorönn: 34

YD KFUM og KFUK Borgarnes

Benedikt Snær Magnússon – Forstöðumaður (haustönn)
Hlín Guðný Valgarðsdóttir (haust)
Óskar Birgisson – Forstöðumaður (vor)
Sædis Björk Þórðardóttir (vor)
Skráðir á haustönn: 41
Skráðir á vorönn: 26

UD KFUM og KFUK Borgarnes

Benedikt Snær Magnússon – Forstöðumaður (haust)
Hlín Guðný Valgarðsdóttir (haust)
Óskar Birgisson – Forstöðumaður (vor)
Sædis Björk Þórðardóttir (vor)
Skráðir á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: Vantar

YD KFUM og KFUK Bústaðakirkja

Dagrún Linda Barkardóttir – Forstöðukona
Daniel Bergmann
Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
Rebekka Sveinbjörnsdóttir
Salóme Jórunn Bernharðsdóttir (haust)
Þátttakendur á haustönn: 35
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Bústaðakirkja

Perla Magnúsdóttir – Forstöðukona
Soffía Magnúsdóttir
Guðmundur Lúther Hallgrímsson
Skráðir á haustönn: 13
Skráðir á vorönn: 16

YD KFUM og KFUK Grafarvogur

Þóra Björg Sigurðardóttir – Forstöðukona
Daria Rudkova
Skráðir á haustönn: 8
Skráðir á vorönn: 6

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
Erlingur Orri Hafsteinsson
Ísak Máni Jarlsson
Sandra Dís Pálsdóttir
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir (haust)
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 25

Skapandi (MD) á Holtavegi

Guðlaug Jökulsdóttir – Forstöðumaður
Arna Auðunsdóttir
Skráðir á haustönn: 6
Skráðir á vorönn: 8

Skapandi (MD) á Akureyri

Katrín Harðardóttir – Forstöðumaður
Brynhildur Bjarnadóttir
Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir
Astrid Hafsteinsdóttir
Ragnheiður Harpa Arnardóttir
Jóhann Þorsteinsson
Skráðir á haustönn: 15
Skráðir á vorönn: 10

Ten sing á Holtavegi

Berglind Ólafsdóttir
Ásthildur Guðmundsdóttir
Steinnar Höskuldsson
Lárus Óskar Sigmundsson
Skráðir á haustönn: 15
Skráðir á vorönn: 15



Ungt fólk kynnir niðurstöður hópavinnu á Landsþingi unga fólksins í KFUM og KFUK sunnudaginn 26. febrúar 2012. Landsþingið er formlegur farvegur fyrir unglinga á aldrinum 13-15 ára til að hafa áhrif á stefnumótun og framtíðarsýn KFUM og KFUK.



Telma Ýr Birgisdóttir prófar nýjan leik sem var kynntur fyrir leiðtogum í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK á leiðtogahelgi í janúar 2012. Innan KFUM og KFUK er lögð áhersla á stöðuga nýsköpun og þróun á verkefnum fyrir börn og unglinga.

Viðburðir í æskulýðsstarfinu

Þátttaka í landsmóti kirkjunnar

Helgina 28.-30. október fór fram á Selfossi árvisst landsmót æskulýðsstarfs Þjóðkirkjunnar og þangað héldu nokkrar unglingadeildir KFUM og KFUK. Að þessu sinni fóru hópar frá Sandgerði, Grindavík, Vestmannaeyjum og Hvammstanga.

Fótboltamót YD

Fótboltamót yngri deilda KFUM og KFUK fór fram í íþróttahúsinu Austurbergi sunnudaginn 6. nóvember og voru þátttakendur 53 talsins. Mótið var hið fjögugasta og fór allt vel fram undir styrki stjórn Hákonar Arnars Jónssonar sem naut aðstoðar Arnars Ragnarssonar.

Miðnæturíþróttamót UD

Miðnæturíþróttamót unglingadeilda KFUM og KFUK fór fram í Vatnaskógi 18.-19. nóvember og aftur var það Hákon Arnar sem leiddi. Mótið var ekki mjög fjölmennt, en alls voru á svæðinu 43 unglingar og 18 leiðtogar sem áttu góðar stundir frá föstudagskvöldi fram á laugardagseftirmiðdag.

YD - mót á Norðurlandi

Helgina 5.- 6. nóvember tóku um 50 börn úr deildastarfinu á Norðurlandi þátt í haustmóti TTT-starfs kirkjunnar og yngri deilda KFUM og KFUK sem haldið var í Ólafsfirði en gist var í grunnskólanum og endað með fjölskylduguðspjónustu í Ólafsfjarðarkirkju. Yfirskrift mótsins var „Guð elskar glaðan gjafara“ og tóku börnin meðal annars þátt í verkefninu Jól í skókassa.

Jól í skókassa

Félagsdeildir í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa í október og nóvember 2011. Nokkuð misjafnar útfærslur eru á því hvernig deildirnar taka þátt. Á sumum stöðum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kynna verkefnið vel og krakkarnir útbúa skókassa heima fyrir með aðstoð foreldra en nokkrar deildir hafa fyrir sið að útbúa jólagjafir í skókassa á fundum og þannig sameinast krakkarnir um að hjálpa og gleðja jafnaldra sína í Úkraínu. Nánar má lesa um Jól í skókassa í 6. kafla.

Brennómót YD

Brennómót yngri deilda var haldið 12. febrúar í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda, íþróttahúsi Knattspyrnufélagsins Vals. Salóme Jörunn Bernharðsdóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir og Sesselja Kristinsdóttir aðstoðuðu æskulýðsfulltrúa við framkvæmd mótsins ásamt fleiri góðum leiðtogum. Alls komu 43 krakkar til leiks og nutu sín vel. Sigurvegari varð liðið Frelsisstytturnar sem samanstóð af stelpum úr KFUK deildinni í Aflagrandi og KFUM og KFUK starfinu í Bústaðakirkju.

Landsmót UD

Landsmót unglingadeilda fór fram í Vatnaskógi helgina 24.-26. febrúar. Yfirskrift mótsins var „Paradís“ og veltum við því fyrir okkur hvort við getum, með Guðs hjálp, sýnt hvert öðru meiri kærleika og gleði og þannig reynt að efla Guðs ríki hér á jörð. Um 130 unglingar og leiðtogar, víðsvegar af landinu, tóku þátt í mótnu og var dagskráin fjölbreytt og skemmtileg. Hjálmsveitin Tilviljun? sá um tónlistarflutning og mótið endaði með þátttöku unglinganna í gospelsmessu í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Í Landsmótsstjórn sátu: Alla Rún Rúnarsdóttir, leiðtogi í UD Fella- og Hólakirkju, Daniel Bergmann, leiðtogi í UD Grensáskirkju og Telma Dögg Haraldsdóttir, leiðtogi í UD í Lágafellssókn í Mosfellsbæ. Starfsmenn æskulýðssviðs voru mótsstjórninni innan handar við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Landsþing unga fólksins í KFUM og KFUK

Sunnudaginn 26. febrúar var í fyrsta sinn haldið Landsþing unga fólksins í KFUM og KFUK og var því alfarið stýrt af unglingunum sjálfum. Þátttakendur komu frá Akureyri, Grindavík, Hveragerði, Keflavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík, Sandgerði og Vestmannaeyjum. Á Landsþinginu voru tekin fyrir ýmis umræðuefni sem fulltrúar unglinganna í ungmenningaráði höfðu áður undirbúið. Tveir fulltrúar úr ungmenningaráði stýrðu umræðunni í hverjum hóp, sem voru alls fjórir talsins með um 20 unglingum í hverjum hóp. Kom meðal annars fram í umræðunum að vilji er fyrir auknu og öflugra starfi KFUM og KFUK. Unglingarnir vilja lengja starfsárið, fá fleiri mót og sumarmót og sameiginlega fundi og viðburði unglingadeilda. Þá vilja þau öflugra kynningastarf svo fleiri viti hve frábært starfið er og nefndu þau bæði

auglýsingar í blöðum og sjónvarpi og kynningar í skólum. Þau eru ánægð með sumarbúðirnar en vilja fleiri blandaða flokka og helst ódýrari líka. Þau ræddu um samskipti skóla og trúfélaga í ljósi nýrra reglna í Reykjavík. Þau lýstu furðu yfir því að nemendur hafa ekki verið spurðir álits og töldu að nemendur almennt vildu hafa skólann opnari og að foreldrar og nemendur ættu að fá að ráða þessu.

Næsta umræðuefni unglínganna var kynlíf og kom fram áhersla á að enginn ætti að stunda kynlíf fyrr en hann eða hún er tilbúinn og einungis með einhverjum sem maður treystir og elskar því annars er það tilgangslaust. Verð á smokkum er of hátt að mati unglínganna og eykur það líkurnar á óvörðu kynlífi og ótímabærri þungun.

Þá var umræða um verð í strætó og mátti heyra að unglíngarnir frá Akureyri og Keflavík voru ánægðir með að það væri frítt í strætó í þeirra bæjarfélögum en unglíngum af höfuðborgarsvæðinu blöskraði hve dýrt það er að ferðast með strætó og vildu þau kalla eftir ódýrara fargjaldi fyrir t.d. 12-18 ára unglínga.

Stefnt er að því að Landsþing með þessu sniði verði framvegis árviss viðburður sem tengdur verður við landsmót unglíngadeildanna.

Vorferðir YD

Á hverju ári halda yngri KFUM og KFUK deildir af Suður- og Suðvesturlandi í sólarhringsferð í sumarþúfir félagsins og vorið 2011 fóru rúmlega 200 börn í slíka ferð. KFUK deildirnar fóru í Vindáshlíð, Ölver og Kaldársel en KFUM deildirnar fóru í Vatnaskóg. Slíkar ferðir eru eins konar uppskeruhátíð fyrir krakkana og þar hitta þau fleiri krakka úr öðrum deildum, fara í leiki og leysa ýmis verkefni. Að sjálfsgöðu er svo kvöldvakan á sínum stað og sumarþúfðakynning. Fyrir norðan fóru deildirnar saman í dagsferð á Hólavatn og voru þátttakendur um 60 talsins.

Fyrirhuguð er ferð vorið 2012 og þegar þetta er skrifað er skráning þegar hafin. Vorferðin er áætluð dagana 30.-31. mars, en að þessu sinni munu KFUM-deildir og kynjablandaðar deildir fara í Vatnaskóg, en KFUK-deildirnar í Ölver og Vindáshlíð. Á sama tíma, þ.e. laugardaginn 31. mars, munu deildirnar á Norðurlandi fara í dagsferð á Hólavatn.

Viðburðir leiðtoga

Skipulagssamvera leiðtoga að hausti – Kick Off

Þann 1. september bauð æskulýðssvið KFUM og KFUK öllum leiðtogum deildastarfsins á haustsamveru leiðtoga eða Kick Off. Á samverunni var farið yfir dagskrá vetrarins og þá atburði vetrarins sem framundan voru. Auk þess gafst leiðtogum tækifæri til að bera saman bækur sínar, undirbúa deildarstarf sitt og eiga góða stund saman. Í lok kvölds var öllum leiðtogum boðið í bió.

Hið árlega keilumót leiðtoga KFUM og KFUK

Hart var barist á hinu árlega keilumóti leiðtoga KFUM og KFUK sem haldið var í fyrsta skipti 1. nóvember 2011. Fjöldmargir leiðtogar lögðu leið sína í Keiluhöllina og skemmtu sér konunglega. Keilubíkarinn var afhentur keilumeistara mótsins, Arnari Ragnarssyni, sem fær að njóta hans í eitt ár.

Skipulagssamvera leiðtoga að vori - Hálfleikur

Síðari skipulagssamvera leiðtoga var haldin 29. nóvember en tilgangur hennar var að undirbúa vorönnina í deildastarfinu. Leiðtogum gafst tækifæri til að útbúa dagskrár vorannar en einnig var farið yfir helstu viðburði ársins 2012.



Í deildastarfi félagsins er lögð áhersla á að börn og unglíngar geti notið sín á eigin forsendum undir leiðsögn og í samvinnu við leiðtoga félagsins eins og á þessum furðufatafundum í YD KFUK í Garðabæ.



Samvinna og samkennd meðal leiðtoga í starfi KFUM og KFUK skiptir miklu máli. Hér má sjá nokkra keppendur á hinu árlega keilumóti leiðtoga KFUM og KFUK sem haldið var í nóvember 2011.



Vínátta og sköpunargleði voru lykilorðin í yngri deild KFUK á Holtavegi þegar haldið var furðufataball í mars 2012. Í starfi KFUM og KFUK sköpum við vettvang fyrir ungt fólk til að skapa og prófa sig áfram í margvíslegum verkefnum.



KFUM og KFUK eru kristleg æskulýðssamtök og starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar. Í lok unglíngalandsmóts KFUM og KFUK í febrúar 2012 fóru þátttakendur á mótinu í almenna guðsþjónustu í Hallgrímskirkju í Saurbæ.

Jólasamvera leiðtoga

Árlega býður KFUM og KFUK leiðtogum deildastarfsins á jólasamveru til að þakka þeim fyrir það frábæra og óeigingjarna starf sem þeir vinna fyrir félagið. Í ár var jólasamveran haldin 9. desember. Boðið var upp á hangikjöt með uppstúf og öðru tilheyrandi. Það voru svo hinir hæfileikaríku leiðtogar sem sáu sjálfir um skemmtunina á stundinni. Í lok stundar fengu allir leiðtogar jólagjöf.

Norðurland – Jólasamvera og keilumót

Keilumóti leiðtoga og jólasamveru var skellt saman í eina góða kvöldstund á Akureyri fimmtudaginn 8. desember. Byrjaði samveran á pizzuhlaðborði á Kaffi Jónsson og að loknum snæðingi öttu leiðtogarnir kappi í keilu. Almenn ánægja var meðal leiðtoga með vel heppnað kvöld.

Námskeið og þjálfun

KFUM og KFUK leggur mikið upp úr menntun og þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða. Leiðtogi í æskulýðsstarfi ber mikla ábyrgð á gæðum starfsins og þátttakendum þess. KFUM og KFUK hefur lagt upp með markvissa þjálfun þar sem saman fara námskeið og þjálfun á vettvangi. Á liðnu starfsári hefur færst í vöxt að sjálfboðaliðar í starfi félagsins hafi átt þess kost að sækja námskeið erlendis og er það gríðarlega öflug viðbót sem eykur viðsýni og færir okkur nýjar og ferskar hugmyndir inn í félagsstarfið hér heima. Nánar má lesa um námskeið og þjálfun starfsfólks í 4. kafla.

Fræðsluefni í æskulýðsstarfinu 2011-2012

Fræðsluefni sumarþúða sumarið 2011

Fræðsluefni sumarþúða KFUM og KFUK 2011 var endurútgáfa fræðsluefnis frá sumrinu 2008 sem bar yfirskriftina „Ég er stofninn – þér eruð greinarnar“. Höfundur fræðsluefnisins 2008 var Henning Emil Magnússon og veitti hann góðfúslegt leyfi fyrir endurútgáfu efnisins með breytingum. Jóhann Þorsteinsson ritstýrði breytingum og viðbótum í samvinnu við Kristnýju Rós Gústafsdóttur og Jón Ómar Gunnarsson. Fræðsluefnið byggir á því að kynna fyrir börnunum grunnatriði kristinnar trúar. Börnin dvelja ekki lengi í sumarþúðunum en vonandi kviknar neisti trúar á þeim tíma. Fræðsluefnið fjallar um Biblíuna, bænina, Guð sem skapara, Jesú sem frelsara og samfélag trúaðra.

Fræðsluefni að hausti 2011 tengt við þjóðgildin

Fræðsluefnið í barna- og unglíngastarfi KFUM og KFUK á haustmisseri 2011 var sérstaklega tileinkað þjóðgildunum. Í lok árs 2009 mættu 1200 einstaklingar á fund í Laugardalshöll í Reykjavík til að ræða saman. Þar voru skilgreind þjóðgildi sem æskilegt væri að þjóðin tileinkaði sér enn frekar á næstu árum.

Fræðsluefni KFUM og KFUK á Íslandi er fyrst og fremst ætlað að miðla kristinni trú og kalla ungt fólk til fylgdar við Jesú Krist. Það markmið mótaði að sjálfsöğðu hvernig fjallað var um þjóðgildin í efninu.

Efnið byggir að nokkru leyti á fræðsluefni KFUM og KFUK fyrir starfsárið 2002-2003, en fjölmargir höfundar komu að gerð þess þá undir ritstjórn Gyðu Karlsdóttur. Ritstjóri þessarar útgáfu var Halldór Elías Guðmundsson.

Fræðsluefni að vori 2012

Fræðsluefni KFUM og KFUK á vormisseri 2012 var framhald efnisins frá hausti 2011, en þá var fjallað um þjóðgildin út frá kristinni lífssýn. Á vormisserinu var horft til gilda heimssambands KFUM sem bera heitið „Challenge 21“ og þau skoðuð í ljósi dyggðalista Páls postula úr 5. kafla Galatabréfsins.

Uppbygging fræðsluefnisins var örlítið breytt frá liðnum árum. Eins og fyrr var texti hvernar viku kynntur, markmið skilgreind og biblíutextinn útskýrður. Efninu var ætlað að vekja upp spurningar, ekki eingöngu hjá þátttakendum heldur einnig leiðtogum og því var lögð áhersla á góðan undirbúning leiðtoga fyrir hverja samveru. Auk þess var í efninu stutt vikuleg innsýn inn í líf Najac, 11 ára gamals drengs, sem bjó í óskilgreindu þriðja heims landi. Þá var líkt og áður bent á tengingar við kvikmyndir og tónlist sem þátttakendur könnuðust hugsanlega við.



3. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á þremur stöðum sumarið 2011, á Holtavegi 28 í Reykjavík, í Hátúni 36 í Reykjanesbæ og í sumarhúðunum Kaldárseli. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Því er mikil áhersla lögð á vináttu, kærleika og virðingu fyrir hvert öðru. Á námskeiðunum er unnið með kristni siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú námskeið í júní. Um 30 börn sóttu námskeiðin í ár. Reykjanesbær greiddi fyrir tíu börn á námskeiðunum. Í Kaldárseli var eitt leikjanámskeið í júlí en þá komu börnin að morgni til í sumarhúðirnar og fóru aftur heim síðdegis. Boðið var upp á gistingu aðfaranótt föstudags sem flest börnin þáðu. Flokkurinn var afar vinsæll í sumar en hann gefur börnunum tækifæri til að kynnst sumarhúðunum. Þátttakendur á námskeiðinu í ár voru 34.

Námskeiðin á Holtavegi voru með nokkuð breyttu sniði í ár en leikskólinn Vinagarður sá um þau. Námskeiðin voru í formi sumarnámskeiða þar sem börnum á sjötta aldursári við leikskólann var boðið upp á þrjú vikulöng námskeið í ágúst. Vel tókst til og sáu starfsmenn leikskólans um námskeiðin.

Ekki var boðið upp á leikjanámskeið í Kópavogi sumarið 2011.

Námskeiðin sumarið 2011 gengu vel fyrir sig. Hver dagur á leikjanámskeiðunum var uppfullur af ævintýrum og sá vel þjálfað starfsfólk um að allt gengi vel fyrir sig. Á hverjum degi fengu börnin kristilega fræðslu, sungu kristilega söngva og tóku þátt í leikjum. Hvort sem dagurinn var nýttur í leiki, fræðslu, ferðalög, náttúruskoðun, að smíða kassabíla eða njóta tilverunnar í góðum hópi skemmtu börnin og starfsfólkið sér vel.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf.

Eftirtaldir starfsmenn störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK sumarið 2011:

Í Reykjanesbæ: Hjördís Kristinsdóttir, Sólmundur Friðriksson, Guðmunda Lára Guðmundsdóttir, Sigurbjört Kristjánsdóttir, Bryndís Sunna Guðmundsdóttir, Íris Hafþórsdóttir, Esther Elín Þórðardóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Ísak Henningsson.

Í Kaldárseli: Arnór Heiðarsson forstöðumaður, Sigurður Jón Sveinsson, Auður Ákadóttir, Sigursteinn J. Gunnarsson, Ólafur Jón Magnússon, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Kristín Sverrisdóttir og Áslaug Dóra Einarsdóttir.



4. Fræðslustarf

Allt fræðslustarf KFUM og KFUK miðar að því að gera leiðtoga félagsins betur kleift að vinna með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. Fræðslustarfið byggir á fræðslu sem tengist þeim fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Í fyrsta lagi (K) erum við kristilegt félag með það að höfuðmarkmiði að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er helgihald einn af grunnþáttum fræðslustarfsins. Í öðru lagi (F) er lögð áhersla á fræðslu um félagsstarf. Í þriðja lagi (U) er KFUM og KFUK félag fyrir ungt fólk sem leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt og geti brugðist rétt við, komi eitthvað óvænt upp á. Því býður félagið upp á markvissa þjálfun þar sem fræðslu og reynslu er blandað saman. Í fjórða lagi (M/K) er KFUM og KFUK mannræktarhreyfing fyrir karla og konur á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Fimm þrepa leiðtogabjálfun KFUM og KFUK

Þjálfun leiðtoga í æskulýðsstarfi félagsins byggir á fimm þrepa leiðtogabjálfun. Hún byggir á heildrænni nálgun á einstaklingnum, fjölbreyttum kennsluháttum, þjálfun í samvinnu og samskiptum og eflingu sjálfsmyndar og sjálfstrausts hjá þátttakendum. Skipting þrepanna er eftirfarandi:

I. þrep: Grunnnámskeið leiðtoga. Efnistökin eru létt og skemmtileg og miða að því að leggja vandlega grunn að góðum eiginleikum leiðtogans ásamt því að veita undirstöðupekkingu á kristinni trú og starfi KFUM og KFUK.

II. þrep: Grunnnámskeið leiðtoga. Farið er nánar í skyldur leiðtogans og lögð áhersla á að hann þekki rétt viðbrögð við áföllum, þekki samskiptaleiðir innan félagsins og öðlist dýpri skilning á félaginu KFUM og KFUK. Gert er ráð fyrir að þeir sem hafa lokið II. þrepi séu tilbúnir að taka á sig ábyrgð í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK.

III. þrep: Framhaldsnámskeið leiðtoga. Lögð er áhersla á samskipti og mikilvægi þess að eiga góð samskipti við alla hlutaðeigandi aðila í æskulýðsstarfi hvort sem um er að ræða börn, foreldra, aðra leiðtoga eða starfsmenn KFUM og KFUK. Fjallað er um leiðsögn Guðs, bæði í starfinu og á persónulegum nótum.

IV. þrep: Framhaldsnámskeið leiðtoga. Ætlast er til þess að leiðtogar sem sækja námskeið á IV. þrepi hafi talsverða reynslu í æskulýðsstarfi. Fræðst er um helstu kirkjudeildir og trúarbrögð. Farið er í mikilvæga þætti sem snerta sálgæslu barna og unglinga og á hvaða hátt leiðtoga getur nýtt þá í starfi sínu.

V. þrep: Framhaldsnámskeið leiðtoga. Á lokaprepi leiðtogabjálfunarinnar er tekist á við ýmis veigamikil verkefni á borð við umræðustjórnun, kristni í nútímasamfélagi og mikilvægi trúarinnar.



KFUM og KFUK leitast við að gefa leiðtogum í starfinu tækifæri til að sjá nýja hluti. Unnur Rún Sveinsdóttir, Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir og Kristín Sigrún Magnúsdóttir, leiðtogar í deildastarfi KFUM og KFUK, fóru á samkirkjulegt mót í Þýskalandi um áramótin 2011-2012 til að kynna kristilegu starfi á heimsvísu.

Kennslan fer fram með tvenns konar hætti, annars vegar á tveimur leiðtogahelgum og hins vegar á dags- og kvöldnámskeiðum sem sérstaklega eru haldin af félaginu fyrir leiðtoga. Á fyrri leiðtogahelginni sem haldin er að hausti er farið í gegnum þrep eitt og tvö og á seinni leiðtogahelginni sem haldin er í janúar ár hvert eru haldin námskeið úr öllum þrepum.

Samstarf um fræðslumál 2011 - 2012

Undanfarin ár hefur KFUM og KFUK átt í umfangsmiklu samstarfi um fræðslumál við BÍS og UMF í gegnum Æskulýðsvettvanginn. Haldin voru fjölmörg *Verndum þau* námskeið um allt land. Auk þess stóð til að halda eitt Kompásnámskeið, en það var því miður fellt niður. Frekari upplýsingar er að finna í kafla skýrslunnar um innlent samstarf.

Mannréttinda – og lýðræðisfræðsla í fræðslustarfi KFUM og KFUK

Á starfsárinu var unnið að því að innleiða fræðslu um mannréttindi og lýðræði í grunnþjálfun leiðtoga og leiðtogaefna hjá félaginu. Á leiðtoganámskeiðum og samverum voru unnin verkefni úr bókinni Kompás, ásamt því að vinna að valdeflingu ungs fólks. Æskulýðssjóður styrkti félagið til þessa verkefnis.

Námskeið sem boðið var upp á á starfsárinu 2011 - 2012

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

30. - 31. maí 2011 í Vindáshlíð

Leiðbeinendur: Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Jóhann H. Þorsteinsson, Gyða Karlsdóttir, Jón Pétursson og Kristján Sígússon.

Á námskeiðinu var farið í hina ýmsu þætti sumarstarfsins. Starfsfólk sumarsins fékk kynningu á fræðsluefni sumarstarfsins ásamt fræðslu um hvernig eigi að vinna og miðla hugleiðingu. Á námskeiðinu var einnig fræðsla um samskipti við börnin og framkomu starfsfólks. Starfsfólk fékk fræðslu um þætti sem varða barnavernd og boðleiðir, leiki grunur á að barn hafi orðið fyrir vanrækslu eða ofbeldi. Námskeið í skyndihjálp og brunavörnum var einnig hluti af námskeiðinu, enda mikilvægur þáttur í undirbúningi sumarstarfsfólks KFUM og KFUK. Leiðbeinendur, sem eru reyndir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, fóru í helstu atriði skyndihjálpar og brunavarna með starfsfólkinu.



Hluti af leiðtogabjálfun KFUM og KFUK er að gefa ungu fólki kost á að kynnastrauum og stefnum í æskulýðsstarfi erlendis. Hópur leiðtoga tók virkan þátt í Unify - Kristniboðsráðstefnu KFUM í Evrópu sem var haldin í Northampton á Englandi í janúar 2012.

Verndum þau námskeið fyrir starfsfólk sumarstarfsins

27. apríl og 25. maí 2011

Leiðbeinendur: Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir.

Námskeiðið fjallar um hvernig þekkja megi einkenni ofbeldis og vanrækslu gagnvart börnum og hvernig eigi að bregðast við ef grunur vaknar um að slíkt eigi sér stað. Á námskeiðinu var farið yfir réttar boðleiðir í slíkum tilfellum sem og réttindi og skyldur allra aðila. KFUM og KFUK leggur áherslu á að allir sem starfa með börnum og unglingum á vegum félagsins sitji þetta námskeið. Námskeiðin voru haldin í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28.

Gauraflokksnámskeið

Leiðbeinendur: Þráinn Haraldsson og Erlendur Egilsson

Námskeiðið var haldið sérstaklega fyrir starfsfólk Gauraflokks í Vatnaskógi, en Gauraflokkur er ætlaður drengjum með ofvirkni og/eða athyglisbrest eða skyldar raskanir (ADHD). Á námskeiðinu var fjallað um ADHD og hvernig best væri að bregðast við hegðunarröskunum og hagnýt ráð gefin.

Haustnámskeið æskulýðsstarfsins: Hamingja í starfi

21. september 2011

Leiðbeinandi: Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi.

Námskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi. Á námskeiðinu var fjallað um hamingjuna og hvernig væri hægt að viðhalda henni í starfi. Fjallað var um ýmsar rannsóknir um hamingju og kynntar mismunandi leiðir til þess að viðhalda hamingju og ánægju í starfi. Námskeiðið var samstarfsverkefni KFUM og KFUK, ÆSKR, ÆNK, ÆSKP og Biskupsstofu.

Global Leadership Summit

4.-5. nóvember 2011

Global Leadership Summit (GLS) er alþjóðleg ráðstefna sem haldin er árlega í Bandaríkjunum í ágústmánuði og eru fyrirlestrarinnir sem þar eru fluttir, sýndir víða um veröld um haustið. Markmið ráðstefnunnar er að veita leiðtogum í kristilegu starfi innblástur og nýjar hugmyndir til uppbyggingar og vaxtar. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Salnum í Kópavogi. KFUM og KFUK tók þátt í skipulagningu ráðstefnunnar og sat Jón Ómar Gunnarsson í undirbúningsnefnd fyrir hönd félagsins. Um 20 einstaklingar tóku þátt í ráðstefnunni fyrir hönd KFUM og KFUK.

Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa: Tengsl persónuþroska og trúarþroska

18. nóvember 2011

Leiðbeinandi: Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur.

Námskeiðið fjallaði um tengsl trúarþroska og persónuþroska og var það ætlað prestum, djáknum, æskulýðsfulltrúum og forstöðufólki í deildastarfi. Á námskeiðinu var fjallað um guðsmynd okkar, hvaða áhrif hún hefur á sjálfsmynd okkar og hvernig hún birtist í samskiptum okkar við þau börn og unglunga sem sækja starfið. Námskeiðið var samstarfsverkefni KFUM og KFUK, ÆSKR, ÆNK, ÆSKP og Biskupsstofu. Námskeiðið sóttu fyrir hönd KFUM og KFUK Halldór Elías Guðmundsson, Hjördís Rós Jónsdóttir og Jón Ómar Gunnarsson.

Leiðtogahelgi I

12. – 14. nóvember 2011

Leiðbeinendur: Halldór Elías Guðmundsson, Hjördís Rós Jónsdóttir og Jón Ómar Gunnarsson

Námskeiðið er hluti af grunnþjálfun leiðtoga KFUM og KFUK og er það ein af grunnstöðum fimm þrepa leiðtogabjálfunar félagsins. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Kaldárseli. Farið var í gegnum grunnnámskeið fyrir unga og nýja leiðtoga. Fjallað var um leiðtogann og leiðtogahlutverkið hjá KFUM og KFUK. Þátttakendur fengu að reyna ýmsar þrautir sem allar höfðu það að markmiði að fá þá til þess að ígrunda vel í hverju leiðtogahlutverkið er falið. Mannréttinda- og lýðræðisfræðsla spilaði stórt hlutverk þessa helgi og voru unnin verkefni í anda Kompás (fræðsla um mannréttindi og lýðræði fyrir ungt fólk). Auk þess var lögð áhersla á fræðslu um Biblíuna, kristna trú og hugleiðingagerð. Þátttakendur voru um 30 talsins.

Leiðtogahelgi II

27. – 29. janúar 2012

Leiðbeinendur: Halldór Elías Guðmundsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jón Ómar Gunnarsson, Jóhann H. Þorsteinsson, Romulo Dantas og Sólveig Reynisdóttir.

Námskeiðið er hluti af fimm þrepa leiðtogabjálfun KFUM og KFUK. Á leiðtogahelginni voru námskeið fyrir alla leiðtoga í æskulýðsstarfi félagsins og var bæði boðið upp á grunnnámskeið (þrep 1-2) og framhaldsnámskeið (þrep 3-5). Á leiðtogahelginni var lögð sérstök áhersla á valdeflingu ungs fólks (e. Youth empowerment) og var sérstakur gestur Brasilíumaðurinn Romulo Dantas, en hann er verkefnisstjóri hjá Heimsambandi KFUM. Þátttakendur námskeiðsins voru 45.

Gítarnámskeið

Haustið 2011 og vorið 2012

Leiðbeinandi: Hannes Guðrúnarson.

Boðið var upp á gítarnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi og aðra áhugasama. Eitt námskeið var haldið að hausti og eitt að vori. Námskeiðin voru haldin að Holtavegi 28. Alls sóttu 12 nemendur námskeiðið.

Fræðslukvöld KFUM og KFUK

Vetur 2012

Leiðbeinendur: Halldór Elías Guðmundsson og Jón Ómar Gunnarsson

Eftir áramót stóð æskulýðssvið félagsins fyrir fræðslukvöldum um kristna trú. Fræðslukvöldin eru sérstaklega ætluð leiðtogum í æskulýðsstarfi, en allir eru velkomnir. Haldin hafa verið þrjú fræðslukvöld:

24. janúar: „Hvað er Biblían?“



Í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK er lögð áhersla á verklega þjálfun og hópinnu. Hér kynna leiðtogar niðurstöðu úr hópastarfi á leiðtogahelgi í Vatnaskógi í janúar 2012.

28. febrúar: „Hvern segja menn mig vera?“

20. mars: „Bænin og bænalf.“

Þann 24. apríl verður lokasamveran og þá verður fjallað um samfélag trúaðra.

Námskeið fyrir leiðtoga á erlendri grundu

Á starfsárinu var sjálfbóðaliðum í æskulýðsstarfi félagsins boðið að sækja spennandi námskeið og mót erlendis og nýttu 20 sjálfbóðaliðar sér þetta tilboð.

Mission-net mót

28. desember 2011 – 2. janúar 2012

Mission-net er samkirkjulegt kristniðsmót sem haldið var í Erfurt, Þýskalandi. Á árum áður var mótið haldið í Hollandi undir heitinu Mission. European Evangelical Alliance og European Evangelical Missionary Alliance eru skipuleggjendur og rekstraraðilar mótsins. Fimm sjálfbóðaliðar úr starfi félagsins sóttu mótið fyrir hönd KFUM og KFUK: Anna Bergljót Bóðvarsdóttir og Unnur Rún Sveinsdóttir, UD í Lindakirkju; Hulda Guðlaugsdóttir, Rósa Margrét Tryggvadóttir og Kristín Sigrún Magnúsdóttir, YD KFUK í Aflagrandi.

Unify – Kristniðsráðstefna KFUM í Evrópu

12. – 15. janúar 2012

Ráðstefnan var haldin í Northampton, Englandi. Helsta markmið ráðstefnunnar var að styrkja og efla kristlega þáttinn í starfi KFUM í löndum Evrópu. Á ráðstefnunni stóð þátttakendum til boða að taka þátt í fjölmörgum spennandi fyrirlestrum og verkstæðum. Unify-ráðstefnan var skipulögð af KFUM í Bretlandi (UK YMCAs), KFUM í München (YMCA Munich) og KFUM í Evrópu (YMCA Europe). Þátttakendur frá KFUM og KFUK á Íslandi voru 15 talsins: Dagrún Linda Barkardóttir, Ásta Guðrún Gunnarsdóttir, Rebekka Sveinbjörnsdóttir og Daniel B. Ásmundsson, UD Grensáskirkju; Hafís María Matsdóttir og Agnes Þorkelsdóttir, YD KFUK Holtavegi; Daria Rudkova og Þóra Björg Sigurðardóttir, YD KFUM og KFUK Engjaskóla; Unnar Freyr Erlandsson, UD Mosfellsbæ; Guðlaug Jökulsdóttir, Skapandi Holtavegi; Salvar Geir Guðgeirsson, YD og UD Hveragerði; Þorleifur Einarsson, UD Lindakirkju; Jón Ómar Gunnarsson, Hjördís Rós Jónsdóttir og Þorsteinn Arnórsson, starfsmenn Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK.

Í ágúst 2012 tekur hópur sjálfbóðaliða KFUM og KFUK þátt í „Teen Camp Europe“ í Michelstadt, Þýskalandi.

5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

KFUM og KFUK hefur að meginmarkmiði að safna saman ungu fólki um orð Guðs og starfa saman að útbreiðslu ríkis hans meðal barna og unglinga en unga fólkið vex upp og verður fullorðið. Þess vegna er einnig rík áhersla á að bjóða upp á uppbyggilegt kristlegt starf fyrir fullorðna og fjölskyldur. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er fjölbreytt og þar er lögð áhersla á að styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með skemmtilegri og uppbyggilegri dagskrá og samverustundum. Leitast er við að skapa afslappað og notalegt andrúmsloft þar sem allir aldurshópar njóta sín.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en að hausti og vori er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk. Þeir eru starfræktir í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkar, feðginaflokkur, fjölskylduflokkur, Heilsudagar karla auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Í Vindáshlíð voru haldnir mæðgna- og kvennaflokkar og í fyrsta sinn flokkur fyrir mæður með ung börn. Í Ölveri var haldinn mæðgna- og mæðginaflokkur.

Þátttaka í fjölskyldustarfi í sumarbúðum starfsárið 2011-2012:

Feðginaflokkur í Vatnaskógi.....	54
Feðgaflokkur í Vatnaskógi.....	148
Mæðgnaflokkur í Vindáshlíð	77
Mæðgna- og mæðginaflokkur í Ölveri.....	42
Fjölskylduflokkur í Vatnaskógi.....	66
Sæludagar í Vatnaskógi.....	1100
Heilsudagar karla í Vatnaskógi.....	57
Kvennaflokkur í Vindáshlíð.....	51
Ungbarnaflokkur í Vindáshlíð.....	36

Samtals: 1631

Sæludagar í Vatnaskógi

Fjölskylduhátíðin Sæludagar var haldin að vanda um verslunarmannahelgina í Vatnaskógi. Þessi hátíð hefur fest sig í sessi sem eftirsóknarverður valkostur á mestu ferðahelgi Íslendinga enda einkar fjölskylduvæn. Þrátt fyrir nokkra vætu fyrri part helgarinnar gekk hátíðin vel og var vel sótt. Alls voru um 1100 manns á svæðinu þessa helgi. Boðið var upp á skemmti- og fræðsludagskrá fyrir alla aldurshópa, m.a. Gospelsmiðu, barnastundir, vatnafjör, Café Lindarrjóður, knattspyrnuhátíð, tónleika, unglíngadagskrá, fjölskylduguðspjónustu, lofgjörðarstund í kapellunni og margt fleira.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Starf aðaldeilda KFUM og KFUK

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og formið er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna eru þó margvísleg og margt spennandi á dagskrá. Á fundina koma margir mætir gestir sem upplýsa og fræða félagi um ýmis áhugaverð efni. Aðaldeild KFUK heldur fundi á þriðjudögum. Dagskrá þeirra í vetur hefur falið í sér fjölbreytt viðfangsefni eins og til dæmis fræðslu um skartgripagerð, erindi um konuna með opna faðminn, þ.e. Immu á Hernum og jólin að heiman, ásamt föstum liðum eins og biblíulestrum og ferð í Vindáshlíð. AD-nefnd KFUK á starfsárinu skipuðu þær Þórdís Klara Ágústsdóttir, Sigrún Gísladóttir, María Aðalsteinsdóttir og Margrét Möller. Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Meðal þess sem þar hefur verið á dagskrá í vetur er fyrirlesturinn „Að upplífa hamfarir – Háiti 2010“, heimsókn í Kópavogskirkju, umfjöllun um stöðu kristni í Reykjavík í upphafi nýs árs, líf og starf Maríusystra, ásamt fleiru. Á starfsárinu sátu þeir Ársæll Aðalbergsson, Ólafur Sverrisson, Sigurbjörn Þorkelsson og Tómas Torfason í AD-nefnd KFUM.



Kynslóðirnar mætast á Sæludögum í Vatnaskógi og taka þátt í dagskrá sem þroskar líkama, sál og anda.



Boðið var upp á ungbarnaflokk í Vindáshlíð í október 2011 sem er nýjung í starfi félagsins.



Karلاكór KFUM og KFUK undir stjórn Laufeyjar G. Geirlausdóttur hefur vaxið og dafnað á þessu misseri, enda er kórinn frábær vettvangur til að syngja saman og hitta góða félaga.

Basar KFUK

Basar KFUK hefur verið fastur liður í upphafi aðventu í Reykjavík í rúm 100 ár. Að þessu sinni var hann haldinn laugardaginn 26. nóvember 2011. Mikill fjöldi fólks sótti basarinn og festi kaup á varningi sem þar var í boði enda um einstaklega fallegt handverk og ljúffengt góðgæti að ræða. KFUK-konur vinna markvisst að undirbúningi basarsins árið um kring undir handleiðslu Helgu K. Friðriksdóttur sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í undirbúningi og framkvæmd basarsins í 50 ár. Ágóði basarsins var yfir 800.000 kr. að þessu sinni og rennur til starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Um 10% af ágóða basarsins rennur í sérstakan Kærleikssjóð félagsins sem er í umsjá Kristínar Sverrisdóttur.

Aðventufundur KFUM og KFUK

Þriðjudaginn 6. desember 2011 var haldinn árlegur aðventufundur KFUM og KFUK undir yfirskriftinni: „Trúin er að treysta“. Fundurinn var að þessu sinni í umsjá AD-nefndar KFUK og ríkti sannkölluð hátíðarstemning. Karلاكór KFUM og KFUK söng undir stjórn Laufeyjar G. Geirlausdóttur. Rannveig Sigurbjörnsdóttir flutti minningarbrot um föður sinn, sr. Sigurbjörn Einarsson biskup, í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu hans og sr. Karl Sigurbjörnsson biskup flutti hugvekj. Góð mæting var á fundinn og ljúffengar veitingar voru á boðstólum.

Hátíðar- og inntökufundur

Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK á Íslandi var haldinn 16. febrúar 2012. Á fundinum voru 28 einstaklingar boðnir formlega velkomnir í félagið við hátíðlega athöfn. Á fundinum var boðið upp á glæsilegan kvöldverð í umsjón Hreiðars Arnar Zoëga Stefánssonar og fjölbreytta

hátíðardagskrá. Þóra Björg Sigurðardóttir og Haraldur Örn Harðarson sýndu dans, hljómsveitin Tilviljun? lék tvö lög og karلاكór KFUM og KFUK tók lagið. Stjórn kvöldsins var í höndum Lauru Sch. Thorsteinsson og séra Ólafur Jóhannsson sóknarprestur í Grensáskirkju flutti hugleiðingu. Á fundinum var Helga K. Friðriksdóttir gerð að heiðursfélaga KFUM og KFUK en hún hefur gegnt lykilhlutverki í undirbúningi og framkvæmd basars KFUK í 50 ár. Undirbúningur fundarins var í höndum stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi.

Léttkvöld AD KFUM

Hið árlega Léttkvöld Aðaldeildar KFUM var haldið fimmtudaginn 17. nóvember 2011 og tókst vel til. Kvöldið er hluti af starfi AD KFUM en Skógarmenn hafa umsjón með kvöldinu og allur ágóði fjáröflunarinnar rennur í Skálasjóð Vatnaskógar. Á fundinum var boðið upp á glæsilegan kvöldverð í umsjón Hauks Árna Hjartarsonar og fjölbreytta skemmtidagskrá; m.a. söng Karلاكór KFUM og KFUK nokkur lög, Þóra Björg Sigurðardóttir og Hákon Arnar Jónsson voru með upprifjun frá Sæludögum í Vatnaskógi og einnig var happdrætti. Séra Sigurður Grétar Sigurðsson var með hugvekj og veislustjóri var Magnús Viðar Skúlason.

Sunnudagssamkomur í Reykjavík og á Akureyri

Sunnudagssamkomur voru haldnar vikulega á Holtavegi í Reykjavík yfir vetrarmánuðina. Dagskrá samkomanna samanstendur af söng og tónlistarflutningi, hugleiðingu um Guðs orð og bæn. Á samkomunum var fjölbreytt starfsemi KFUM og KFUK kynnt og einnig var boðið reglulega upp á sérstakar bænasamverur. Undirbúningur og framkvæmd sunnudagssamkoma var í höndum sjálfboðaliða og margir leggja þar



Sæludagar voru að venju haldnir í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Um 1100 manns sótti hátíðina sumarið 2011.

hönd á plóginn. Fremst í flokki var Sunnudagssamkomunefndin en hana skipuðu á starfsárinu þau Arna Ingólfsdóttir, Björgvin Þórðarson og Magnús Pálsson. Tónlistarflutningur var í höndum eftirfarandi: hljómsveitarinnar Tilviljun?, Gleðisveitarinnar, Guðrúnar Jónu Práinsdóttur, Bjarna Gunnarssonar og félaga og Hilmarssonar og félaga. Ræðumenn á samkomunum voru: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, Guðlaugur Gunnarsson, séra Guðmundur Karl Brynjarsson, Halla Jónsdóttir, séra Íris Kristjánsdóttir, séra Jón Ómar Gunnarson, séra Ólafur Jóhannsson og séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.

Hjá KFUM og KFUK á Akureyri voru sunnudagssamkomur einnig haldnar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn í félagsheimilinu í Sunnuhlöð 12. Meðal þess sem var á dagskrá var konukvöld undir yfirskriftinni *Aðþrengdar eiginkonur*, fjölskyldusamvera á aðventu að ógleymdri hátíðarsamkomu í tilefni 60 ára afmælis félagsins á Akureyri.

Bænasamverur í Friðrikskapellu

Bænasamverur voru haldnar í hádeginu á mánudögum yfir vetrartímann, í Friðrikskapellu við Hlíðarenda. Hver stund felur í sér altarisgöngu og bænaund, í umsjá presta höfuðborgarsvæðisins. Friðrikskapella er í eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karalakórsins Fóstbræðra, Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK. Stjórn Friðrikskapellu á starfsárinu skipuðu þau Kári Geirlaugsson, Birgir Borgþórsson, Elías Hergeirsson, Bergur Jónsson og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir.



Karлакór KFUM og KFUK

Starfsemi Karlakórs KFUM og KFUK hefur gengið vel í vetur. Æfingar voru haldnar vikulega í húsi félagsins á Holtavegi í Reykjavík undir stjórn Laufeyjar G. Geirlaugsdóttur. Kórinn hefur sungið við ýmis tilefni í starfinu í Reykjavík á starfsárinu, bæði á samkomum og fundum við góðar undirtektir. Formaður kórsins er Guðmundur Ingi Leifsson, gjaldkeri er Hörður Geirlaugsson og undirleikari er Ásta Haraldsdóttir.

Knattspyrnufélagið Hvatur

Æfingar hjá knattspyrnufélaginu Hvati fóru fram samkvæmt venju bæði að sumri og vetri.

Ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK eru samtvinnuðar vinnu sjálfbóðaliða og starfsmanna KFUM og KFUK á Íslandi. Flestir viðburðir fullorðinsstarfs hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



6. Alþjóðastarf

KFUM og KFUK á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingum KFUM og KFUK. Félagið á Íslandi tekur virkan þátt í alþjóðlegu starfi af ýmsum toga, meðal annars margs konar samstarfi KFUM og KFUK-félaganna á Norðurlöndunum. Það er mikill ávinningur sem hlýst af alþjóðlegu samstarfi. Bæði getur það reynst vel fyrir félagið í heild sinni að læra af öðrum félögum innan sömu hreyfingar og einnig er dýrmætt að geta boðið félagsfólki upp á allt það sem alþjóðlegt samstarf hefur upp á að bjóða og þannig víkka sjóndeildarhring þess.

Í þeim tilgangi að halda betur utan um þennan hluta starfsins var stofnað sérstakt alþjóðaráð árið 2009. Það hefur sinnt því hlutverki að hafa upp á og hafa umsjón með þátttöku félagsmanna í námskeiðum, ráðstefnum og öðrum verkefnum sem bjóðast og tækifæri eru til að sækja. Í alþjóðaráði starfsárið 2011-2012 störfuðu Björg Jónsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Hildur Björg Gunnarsdóttir, Sólveig Reynisdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir.

Norrænt samstarf

Norrænu KFUM og KFUK félögin eiga með sér margþætt samstarf. Í því felst meðal annars norrænt æskulýðsmót sem haldið er annað hvert ár, fundir norrænnar æskulýðsnefndar og norrænir formanna- og framkvæmdastjórafundir. Árlegur fundur norrænu æskulýðsnefndarinnar var haldinn fyrstu helgina í október 2011 í Helsinki í Finnlandi. Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson fór utan á fundinn sem fulltrúi Íslands. Norræni formanna- og framkvæmdastjórafundurinn var haldinn í Umeå í Svíþjóð

27.-29. janúar 2012. Fulltrúar KFUM og KFUK á fundinum voru Björg Jónsdóttir, varaformaður félagsins og Gyða Karlsdóttir, framkvæmdastjóri. Nánar er greint frá fundinum í 1. kafla ársskýrslunnar.

Norrænt mót

Íslendingar hafa tekið þátt í norrænu æskulýðsmóti KFUM og KFUK annað hvert ár frá árinu 1976. Hópur íslenskra ungmenna tók þátt í norræna mótinu að þessu sinni sem haldið var í Danmörku 3.-9. júlí 2011. Fararstjóri var Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson sem hefur haldið utan um ferðir íslenska hópsins til margra ára. Alls fóru yfir 30 unglingar og leiðtogar frá deildum félagsins í Grindavík, Keflavík, Mosfellsbæ og Vestmannaeyjum, en á mótinu voru um 140 þátttakendur. Næsta norræna æskulýðsmót verður haldið í Svíþjóð sumarið 2014.

Heimssamband KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er aðili að Heimssambandi KFUK og sækir heimsping á vegum þess sem haldin eru fjórða hvert ár. Heimsping KFUK var haldið í Zürich í Sviss 10.-16. júlí 2011. Það hófst með dagsfundi fyrir ungar konur, síðan tók við kvennaráðstefna (International Women's Summit) og loks aðalfundur Heimssambands KFUK. Yfirskrift heimspingsins var „Konur skapa öruggan heim“. Fjórar konur sóttu þingið fyrir hönd félagsins, þær Gyða Karlsdóttir, Hildur Björg Gunnarsdóttir, Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir og Kristín Sverrisdóttir. Um 1100 konur alls staðar að úr heiminum sóttu kvennaráðstefnuna en aðalfundinn sjálfan sóttu 850 konur frá 115 löndum. Ásamt venjulegum aðalfundarstörfum var boðið upp á málstofur og fyrirlestra sem tengdust

yfirskrift þingsins. Fulltrúar félagsins frá Íslandi buðu upp á málstofu sem kallaðist „Protect the Children“. Þar voru *Verndum þau* námskeiðin kynnt sem félagið hefur staðið fyrir frá árinu 2006 í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Næsta heimsþing KFUK verður haldið í Taílandi 2015. Enginn kostnaður féll á félagið vegna þátttöku íslensku fulltrúanna.

Heimssamband KFUM

KFUM og KFUK á Íslandi tók á móti verkefnisstjóra Heimssambands KFUM, Romulo Dantas, en hann hefur umsjón með verkefninu „Youth Empowerment“. Romulo hitti stjórn og starfsfólk KFUM og KFUK á Íslandi á hádegisfundi fimmtudaginn 26. janúar 2012 og var leiðbeinandi á leiðtogahelgi í Vatnaskógi helgina 27.-29. janúar. Mikil ánægja var með komu hans hingað. Félagið fékk styrk úr Æskulýðssjóði til að kosta komu Romulo til landsins.

Evrópusamband KFUK

Undanfarin ár hefur Evrópusamband KFUK haldið námskeið fyrir ungar konur um ýmis mál efni tengd nútímasamfélagi. Í lok júlí 2011 hélt Daria Rudkova til Búdapest í Ungverjalandi á vikulangt „Study Session“. Fjallað var aðallega um baráttu gegn ofbeldi ásamt því hvernig hægt er að ýta frekar undir mannréttindi. Ferð Dariu var fjármögnuð af Evrópuráðinu.

Evrópusamband KFUM

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að Evrópusambandi KFUM og tekur þátt í störfum þess á margvíslegan hátt. Árlegur aðalfundur Evrópusambands KFUM var haldinn í Den Dolder í Hollandi 1.-5. júní 2011 og var yfirskrift fundarins „Inclusive and Relevant“. Hjördís Rós Jónsdóttir sat fundinn sem fulltrúi frá KFUM og KFUK á Íslandi en Hjördís sótti YES-fund Evrópusambands KFUM í sömu ferð.

YES-fundur

Evrópusamband KFUM hélt YES-fund („YMCA European Spectrum“) í Den Dolder í Hollandi í lok maí fyrir aðalfund Evrópusambands KFUM. Þar komu saman rúmlega 30 ungir leiðtogar innan samtakanna frá 18 Evrópulöndum og ræddu um þátttöku ungs fólks í starfi KFUM og KFUK í Evrópu. Hjördís Rós Jónsdóttir fór utan sem fulltrúi frá Íslandi. Ferð Hjördísar var styrkt af Evrópu unga fólksins.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM í Úkraínu er tiltölulega nýtt félag. KFUM og KFUK á Íslandi hefur tekið þátt í stuðningshópi fyrir félagið, Field Group Ukraine, frá árinu 2007. Björgvin Þórðarson situr í þeim hópi sem fulltrúi frá KFUM og KFUK á Íslandi. Björgvin sótti síðast vinnuhópsfund í Úkraínu árið 2009 en árið 2011 reyndist ekki unnt að fara utan á vinnuhópsfund af fjárhagsástæðum.



Mjöll Þórarinsdóttir með ungum börnum í Úkraínu við útdelingu jólagjafa í skókassa í janúar 2012.



Móttaka jólagjafa fyrir verkefnið Jól í skókassa. Alls söfnuðust 4.175 kassar árið 2011.

Jól í skókassa

Árið 2011 var áttunda árið sem verkefnið Jól í skókassa var framkvæmt og söfnuðust 4.175 kassar sem sendir voru til Úkraínu en það eru um 400 skókössum fleiri en í fyrra. Lokaskiladagur skókassa var laugardagurinn 12. nóvember 2011 og voru móttökustaðir á 12 stöðum um land allt. Fólk alls staðar að og á öllum aldri tók þátt í verkefninu með því að útbúa jólagjafir, pakka þeim inn í skókassa og skila inn á móttökustaði. Hópurinn sem hélt utan um verkefnið að þessu sinni samanstendur af eftirfarandi einstaklingum: Anna Guðný Hallgrímsdóttir, Áslaug Björgvinsdóttir, Björg Jónsdóttir, Guðmundur Pálsson, Gunnar Páll Baldvinsson, Herdís Hupfält, Karen Lind Ólafsdóttir, Mjöll Þórarinsdóttir, Páll Ágúst Ólafsson, Ragnheiður Pálsdóttir, Rakel Brynjólfssdóttir, Reynir Berg Þorvaldsson, Salvar Geir Guðgeirsson, Soffía Magnúsdóttir, Telma Ýr Birgisdóttir, Þóra Jenny

Benónýsdóttir og Björgvin Þórðarson sem er leiðtogi hópsins. Fjöldi fólks utan þessa hóps lagði þó hönd á plóg.

Þau Mjöll Þórarinsdóttir, Salvar Geir Guðgeirsson og Soffía Magnúsdóttir flugu til Úkraínu þann 1. janúar og afhentu börnum í Kirovograd kassana. Faðir Evheniy ferðaðist um með hópnum þar ytra og var meðal annars farið í heimsókn á heimili fyrir munaðarlaus börn, bókasöfn, geðsjúkrahús og unglingafangelsi.

Jafnstórt verkefni og Jól í skókassa krefst mikillar vinnu, enda farið yfir hvern kassa áður en hann er sendur utan og þess gætt að allir kassar uppfylli ákveðnar kröfur. Afar ánægjulegt var að sjá hversu mikil alúð var lögð í gerð kassanna og hversu margir voru tilbúnir að gefa af tíma sínum í þágu verkefnisins. Öllum þátttakendum eru færðar kærar þakkir fyrir framlag sitt til að gera verkefnið að veruleika.



Ten Sing hópur hefur verið starfandi í nokkur ár í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Síðastliðið sumar tók hópurinn þátt í Evrópumóti Ten Sing í Ziegenheim í Þýskalandi. Slíkar hópferðir eru mikilvægur þáttur í æskulýðsstarfi félagsins.

KFUM og KFUK á Íslandi hefur átt í vináttusamstarfi við KFUM í Úkraínu lengi en samstarfið hefur verið formlegt frá árinu 2004. Þá var í fyrsta skipti farið af stað með verkefnið Jól í skókassa, að þýskri fyrirmynd, í umsjón hóps ungs fólks innan KFUM og KFUK á Íslandi. Vel tókst til og hefur verkefnið, sem snýst um að safna jólagjöfum handa börnum sem eiga um sárt að binda í Úkraínu, farið sívaxandi síðan. Faðir Evheniy Zhabkovskiy er forsvarismaður verkefnisins í Úkraínu og tengiliður við Ísland og hefur honum verið boðið til landsins til að kynna starfi KFUM og KFUK og til að kynna Jól í skókassa verkefnið.

Fjallað er sérstaklega verkefnið Jól í skókassa á bls. 23.

Fríðarverkefni

Evrópuráðið stóð fyrir námskeiði í Búdapest í Ungverjalandi í lok júní 2011. Námskeiðið kallaðist „Youth Peace Ambassadors“ og fjallaði um frið, virðingu og mannréttindi ásamt því hvernig megi standa að frekari friðaruppbyggingu innan Evrópu. Þátttakendur voru m.a. frá Armeníu, Georgíu, Íslandi, Rússlandi, Serbíu og Tyrklandi. Pétur Ragnhildarson fór utan sem fulltrúi félagsins. Evrópuráðið greiddi námskeiðsgjald og ferðakostnað að fullu.

Alþjóðleg bænavíka

Dagana 13.-19. nóvember 2011 var haldin árleg alþjóðleg bænavíka Heimssambanda KFUM og KFUK. Einkunnarorð bænavíkkunnar voru „Young people seeking out for rights and justice“ og gáfu Heimsamböndin út hefti með hugvekjum fyrir hvern dag vikkunnar. KFUM og KFUK gaf út þýðingar á hugleiðingunum á heimasíðunni Youtube þar sem leiðtogar innan félaganna lásu þær inn á myndband. Hvern dag bænavíkkunnar var hugleiðing dagsins birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi leiðtogar í starfinu lásu bænirnar: Daria Rudkova, Hjördis Rós Jónsdóttir, Kristín Gyða Guðmundsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Steinarr Hrafn Höskuldsson og Unnar Freyr Erlendsson.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna

Alþjóðlegur bænadagur kvenna var að venju haldinn fyrsta föstudag í mars. Í þetta sinn var það 2. mars 2012 en félagið er formlegur aðili að deginum.

Að þessu sinni sendu kristnar konur í Malasíu frá sér efnið sem bar heitið „Látum réttlætið sigra“. Ágústa Þorbergsdóttir og Lydia Kristóbertsdóttir sátu í undirbúningsnefnd fyrir hönd félagsins. Bænasamverur voru haldnar víða um land í tilefni dagsins, meðal annars í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg og í Sunnuhlíð á Akureyri.

Evrópumót Ten Sing

Ten Sing hópur hefur verið starfræktur hjá KFUM og KFUK í nokkur ár. Hópur af 12 íslenskum ungmennum sem taka þátt í Ten Sing starfinu fór utan á Evrópumót Ten Sing í Ziegenheim í Þýskalandi fyrstu vikuna í ágúst 2011. Þar hittust Ten Sing hópar frá mörgum Evrópulöndum og áttu skemmtilega viku saman. Leiðtogar íslenska hópsins voru Gylfi Bragi Guðlaugsson og Helga Sif Helgadóttir. Ten Sing hópurinn stefnir á að vera með atriði á hátíð Evrópusambands KFUM í Prag sumarið 2013. Hópurinn fjármagnaði sjálfur ferð sína til Þýskalands.

Ljósmyndanámskeið í Tyrklandi

Í byrjun september fóru Agnes Þorkelsdóttir, Bogi Benediktsson, Geirlaugur Sigurbjörnsson, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir til Kastamonu í Tyrklandi á ljósmyndanámskeið sem bar heitið „Playing off a Picture says a Thousand Words“. Þar kom ungt fólk saman frá Íslandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Póllandi og Tyrklandi og notaði ljósmyndun sem samskiptatækni. Styrkur frá Evrópu unga fólksins fékkst fyrir ferðinni en Björgvin Þórðarson hélt utan um verkefnið.

Námskeið um ungmennapólitík

KFUM í Þýskalandi stóð fyrir námskeiði um ungmennapólitík í Berlín í Þýskalandi um miðjan október 2011. Námskeiðið fjallaði um hvernig rödd KFUM og KFUK í Evrópu getur heyrst betur innan Evrópusambandsins og Evrópuráðsins. Alla Rún Rúnarsdóttir og Jóhann Þorsteinsson fóru utan sem fulltrúar félagsins en á námskeiðinu komu saman rúmlega 20 þátttakendur frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Ferðin var styrkt af Evrópu unga fólksins.

Námskeið um Ungmennaaætlan Evrópusambandsins

Soffía Magnúsdóttir fór á námskeið til Búdapest í Ungverjalandi fyrir hönd félagsins í nóvember 2011. Námskeiðið fjallaði um hvernig nýta mætti styrkjakerfið hjá Ungmennaaætlan Evrópusambandsins til að styðja við verkefni sem snúa að þjálfun og samskiptum þeirra sem starfa með börnum og unglingum. Þátttakendurnir voru 25 talsins frá um 20 löndum. Kostnaður við ferðina var greiddur af Evrópu unga fólksins.

Evrópa unga fólksins

KFUM og KFUK fékk til liðs við sig tvo erlenda sjálfboðaliða í nóvember 2011 með stuðningi Evrópu unga fólksins. Um er að ræða tvær konur á þritugsaldri, Elena Romanenko frá Úkraínu og Ewa Wielgat frá Póllandi. Sjálfboðaliðarnir munu starfa fyrir félagið í eitt ár, á leikskólanum, í æskulýðsstarfinu, á leikjanámskeiðum, í sumarbúðum félagsins og við margvísleg verkefni í Þjónustumiðstöð félagsins.

Leiðtoganámskeið á erlendri grundu

Á starfsárinu sóttu sjálfboðaliðar í æskulýðsstarfi félagsins nokkur námskeið á erlendri grundu sem nánar er greint frá í kafla 4, um fræðslumál.

7. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands vegna málefna sem snúa að starfi með börnum og ungu fólki. Hér má sjá helstu samstarfsaðila og samstarfsverkefni á starfsárinu.


Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur KFUM og KFUK, Bandalags íslenskra skáta (BÍS), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Slysavarnarfélagssins Landsbjargar. Markmið vettvangsins er að stuðla að samræðu og samstarfi meðal aðildarsamtakanna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynninga og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Félögin standa saman að ýmsum verkefnum. Stjórn Æskulýðsvettvangsins skipa framkvæmdastjórn þeirra félagasamtaka sem standa að honum. Fulltrúi KFUM og KFUK í fræðsluhóp Æskulýðsvettvangsins er Hjördís Rós Jónsdóttir. Á starfsárinu var skipað sameiginlegt fagráð Æskulýðsvettvangsins um meðferð kynferðisbrota. Fulltrúi KFUM og KFUK í fagráðinu er Halla Jónsdóttir, sem jafnframt er formaður þess.

Á starfsárinu voru helstu verkefni Æskulýðsvettvangsins *Verndum þau*-námskeiðin, Kompás-námskeiðin og samning siðareglna fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða sem starfa á vettvangi æskulýðsstarfs. Báru Sigurjónsdóttir er verkefnisstjóri við gerð siðareglanna.

Á *Verndum þau*-námskeiðunum er farið yfir einkenni ofbeldis og vanrækslu svo þeir sem vinna með börnum og unglingum geti verið meðvitaðir um þá þætti sem gefa til kynna að barn búi við óviðunandi aðstæður. Einnig er farið yfir meðferð barnaverndarmála frá tilkynningu til mögulegra loka, tilkynningarskylda er kynnt fyrir þátttakendum og rætt um hvað séu viðeigandi samskipti við börn og hvað ekki. Æskulýðsvettvangurinn skipulagði þrettán *Verndum þau* - námskeið á árinu 2011 en fjögur þeirra féllu niður vegna ónægrar þátttöku eða veðurs. Haldin voru námskeið á: Akureyri, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hornafirði og Ísafirði auk fjögurra námskeiða sem haldin voru í Reykjavík. Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðunum níu voru 306.

Kompás-handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk er uppfull af hugmyndum, leikjum og verkefnum til að kynna mannréttindi fyrir ungu



Æskulýðsvettvangurinn stendur m.a. að námskeiðum um *Kompás* sem er handbók um mannréttindafræðslu og *Verndum þau* sem eru námskeið um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum.



Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra skrifar undir viljayfirlýsingu í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg um rétt barna til lífs án neikvæðra afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu. Viljayfirlýsingin var hluti af samstarfi frjálsra félagasamtaka um verkefnið Vika 43.

fólki. Tilvalið er að nota hana í starfi með börnum og ungmennum.

Æskulýðsvettvangurinn skipulagði og auglýsti eitt Kompás-námskeið í samvinnu við Félag framhaldsskólanema sem sá um að kynna og auglýsa námskeiðið innan sinna vébanda. Námskeiðið var fellt niður vegna ónægrar þátttöku. Einnig átti að halda Kompás-námskeið á Suðurnesjum síðastliðið haust en það var fært yfir á árið 2012. Haldin var kynning á Kompás-handbókinni fyrir nema á tómstundabraut við Háskóla Íslands á haustmisseri en hana sóttu um 30 manns.

Vika 43

Vímuvarnarvikan 2011 eða Vika 43 er samstarfsverkefni frjálsra félagasamtaka um málefni sem varða velferð og hag komandi kynslóða. Á starfsárinu var skrifað undir yfirlýsingu um rétt barna til lífs án neikvæðra afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu. Fulltrúi KFUM og KFUK í Viku 43 var Jón Ómar Gunnarsson.

Þjóðkirkjan

KFUM og KFUK á í góðu samstarfi við fjölmarga söfnuði kirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Ennfremur er samstarf um leiðtogaþjálfun við æskulýðssambönd kirkjunnar og fræðsluvið Biskupsstofu. KFUM og KFUK átti þrjá fulltrúa á Kirkjuþingi unga fólksins sem fram fór í haust, það voru þau Alla Rún Rúnarsdóttir, Berglind Ólafsdóttir og Gísli Davíð Karlsson. Hjördís Rós Jónsdóttir situr sem fulltrúi KFUM og KFUK í nýstofnaðri Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.



KFUM og KFUK á Íslandi á í góðu samstarfi við fjölmarga söfnuði kirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Á myndinni má sjá stelpur í nælugerð á KFUK fundi í Lindakirkju í Kópavogi.



KFUM og KFUK starfar náið með Kristilegu skólahreyfingunni sem er vettvangur fyrir kristilegt starf fyrir 16-20 ára ungmenni undir merkjum Kristilegra skólasamtaka (KSS) og fyrir háskólastúdenta undir merkjum Kristilegs stúdentafélags (KSF). KSF er með reglulega fundi í Dómkirkjunni í Reykjavík þar sem þessi mynd var tekin.

Kristilega skólahreyfingin

KFUM og KFUK á í góðu samstarfi við Kristilegu skólahreyfinguna. Skólahreyfingin hefur aðstöðu í þjónustumiðstöð KFUM og KFUK auk þess sem starfsmaður hennar, sr. Jón Ómar Gunnarsson skólaprestur, er jafnframt starfsmaður KFUM og KFUK á Íslandi í hálfu starfi. Fundir Kristilegra skólasamtaka fara fram í félagshúsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28.

Samstarf við sveitarfélög

KFUM og KFUK gerði á starfsárinu þjónustusamning við Reykjavíkurborg vegna æskulýðsstarfs fyrir börn og unglinga. Félagið á einnig í góðu samstarfi við önnur sveitarfélög.

KFUM og KFUK þátttakandi í átaki í baráttu gegn einelti

Á starfsárinu hóf verkefnisstjórn á vegum fjármálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis sérstakt átak í baráttu gegn einelti á Íslandi. Átakið hófst í kjölfar útgáfu

Greinargerðar um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum sem kom út í júní 2010 (á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytis, Mennta- og menningarmálaráðuneytis, og Heilbrigðisráðuneytis). KFUM og KFUK er þátttakandi í áttakinu. Þriðjudagurinn 8. nóvember var ákvarðaður sem baráttudagur gegn einelti á Íslandi. Haldið var upp á þennan dag með athöfn í Höfða þar sem þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti var settur fram og undirrituðu borgarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúar félaga og samtaka sáttmálann. Mörg félagasamtök taka þátt í áttakinu, en fulltrúar KFUM og KFUK við athöfnina voru þau Hjördís Rós Jónsdóttir og Jón Ómar Gunnarsson, sem undirrituðu sáttmálann. Heimasiða átaksins er: www.gegneinelti.is

8. Útgáfu- og kynningarmál

Hér verður gerð grein fyrir útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK á Íslandi á starfsárinu 2011-2012. Ýmsir starfsmenn og sjálfboðaliðar félagsins unnu að þeim málum.

Ársskýrsla

Ársskýrsla KFUM og KFUK er gefin út árlega, að vori, fyrir aðalfund félagsins. Vorið 2011 kom hún út í byrjun apríl fyrir starfsárið 2010-2011. Í henni er fjallað á ítarlegan hátt um starfsemi félagsins og þar er að finna kafla um forystu KFUM og KFUK, fjölskyldu- og fullorðinsstarf, fjármál, alþjóðastarf, æskulýðsstarf, innlend samstarfsverkefni, útgáfu- og kynningarmál og fræðslustarf. Í skýrslunni eru einnig starfsskýrslur allra níu starfsstöðva félagsins sem höfðu þegar verið samþykktar á aðalfundum þeirra.

Heimasíða og aðrir samskiptavefir

Í febrúar 2012 var tekin í notkun ný heimasíða KFUM og KFUK á sömu slóð og áður, www.kfum.is. Halldór Elias Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi félagsins, hafði veg og vanda af vinnu við innleiðingu hennar, forritaði hana og hannaði útlit hennar.

Nýja heimasíðan er búin ýmsum kostum umfram hina eldri. Þar er vefstjórn einfaldari og fljótlegri, og dæmi um það er að á henni er stuðst við bloggkerfi við gerð texta í stað vefumsýslukerfis. Einnig eru ýmsar tilbúnar ókeypis veflausnir notaðar, s.s. dagatalskerfi frá Google og myndakerfi frá flickr. Á nýju síðunni er bein tenging við samskiptavefina facebook og twitter.

KFUM og KFUK á Íslandi er með facebook-síðu, sem hafði 574 „aðdáendur“ um miðjan mars 2012, þar sem allar fréttir heimasíðunnar birtast sjálfkrafa, ásamt myndum úr starfinu. Undanfarnar vikur hafa myndir úr nokkrum æskulýðsdeildum félagsins birtst þar. Félagið á einnig twitter-síðu þar sem vísanir í fréttir af heimasíðunni birtast sem „tvít“ á slóðinni www.twitter.com/kfum_kfuk. Mikilvægt er að þessir tveir síðastnefndu samskiptavefir séu nýttir í æskulýðsstarfi félagsins, þar sem þeir eru í gríðarmikilli notkun hjá ungu fólki. Áhersla hefur því að undanförunni verið lögð á notkun þeirra.

Netfréttir

Vikulega allan ársins hring, á fimmtudögum, eru sendar út netfréttir úr starfi félagsins í tölvupósti til félagsmanna og annarra viðtakenda sem óskað hafa eftir því. Í netfréttum koma fram upplýsingar og fréttir um það helsta sem er á döfinni í æskulýðs- og fullorðinsstarfi í viku hverri. Umsjón með netfréttum hefur Soffía Magnúsdóttir, starfsmaður Þjónustumiðstöðvar. Hægt er að óska eftir skráningu á netfréttalista með því að senda tölvupóst til hennar á netfangið soffia@kfum.is.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom þrisvar sinnum út á starfsárinu: í júní, september og desember 2011. Öll fréttabréfin voru tólf blaðsíður að lengd, en í þeim var fjallað um helstu fréttir, viðburði og dagskrá í æskulýðs- og fullorðinsstarfi félagsins ásamt því að þar birtust pistlar og hugleiðingar frá félagsfólki. Stór hluti hvers blaðs er tileinkaður umfjöllun um æskulýðsstarf og sumarbúðir félagsins. Ritstjórar Fréttabréfsins á starfsárinu voru Gyða Karlsdóttir og Soffía Magnúsdóttir.



Fréttabréfið var að venju sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, og til alþingismanna, borgar- og bæjarfulltrúa og margra kirkna og æskulýðssamtaka á landinu. Það var einnig aðgengilegt á heimasíðu félagsins og í Þjónustumiðstöð þess.

Dagskrá

Dagskrá fullorðinsstarfs KFUM og KFUK var venju samkvæmt gefin út tvisvar sinnum á starfsárinu, í byrjun september (við upphaf haustmisseris) og lok desember (við upphaf vormisseries). Dagskráin felur í sér upplýsingar um viðburði í aðaldeildum (AD) KFUM og KFUK, sunnudagssamkomur í Reykjavík og á Akureyri, bænasmætur í Friðrikskapelli og fræðslustarf félagsins. Hún var gefin út í „vasaumbroti“ og send út með Fréttabréfi til félagsfólks. Útgáfa Dagskrárinnar var í umsjá Soffíu Magnúsdóttur og Gyðu Karlsdóttur.

2019 – Hugleiðingar um félagið og framtíðina

Í desemberlok kom út heftið „2019 – Hugleiðingar um félagið og framtíðina“, þar sem átta einstaklingar innan félagsins lýsa framtíðarsýn sinni og væntingum um KFUM og KFUK árið 2019, á 120 ára afmæli félagsins. Umsjón og ábyrgð þessarar útgáfu var í höndum Tómasar Torfasonar.

Sumarbúðablað KFUM og KFUK

Í mars 2011, fyrir árlega Vorhátíð félagsins og fyrsta skráningardag í sumarbúðir, kom árlegt sumarbúðablað félagsins út, sem hefur það að meginmarkmiði að kynna sumarstarf félagsins fyrir komandi sumar. Blaðið er afar mikilvægur kynningarmáti starfsins og var gefið út í 7000 eintökum og sent til barna sem höfðu tekið þátt í sumarstarfi félagsins árið áður (2010) og einnig til barna fæddra árið 2002 (þá 9 ára).

Í mars 2012 var bláðið gefið út í ríflega 100.000 eintökum og því dreift víða um landið.

Aðrir kynningarbæklingar

Nokkrir aðrir bæklingar voru gefnir út á starfsárinu. Kynningarbæklingur um Kaldársel kom út í maí og kynningarbæklingur um Ölver kom út í júní. Í júlí kom út kynningarbæklingur fyrir Sæludaga í Vatnaskógi og í september komu út kynningarbæklingur um Jól í skókassa og haustbæklingur æskulýðsstarfsins. Í ágúst voru sendir rafrænrir kynningarbæklingar um Feðgaflokka í Vatnaskógi til forráðamanna drengja sem höfðu dvalist þar í sumarflokkum.

Sjálfboðaliðar í kynningarmálum félagsins

Nokkrir sjálfboðaliðar hafa lagt hönd á plóginn hvað varðar útgáfu- og kynningarmál KFUM og KFUK. Haraldur Guðjónsson hefur tekið fjölda ljósmynda í starfi félagsins sem hafa nýst afar vel í kynningarmálum þess og miðlum, bæði prentuðum og rafrænum. Tómas Torfason tók að sér uppsetningu allra Fréttabréfa félagsins og ársskýrslu þess sem gefin voru út á starfsárinu, og einnig uppsetningu heftisins „2019 – Hugleiðingar um félagið og framtíðina“. Þá annaðist Rakel Tómasdóttir útlitshönnun á forsiðu „2019“-heftisins og uppsetningu Dagskrár. Sjálfboðaliðum eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt.

Lindin - útvarpsstöð

KFUM og KFUK er einn af mörgum styrktaraðilum Lindarinnar og kynnir starf sitt þar með reglubundnum hætti.



Ný heimasíða KFUM og KFUK var tekin í notkun í febrúar 2012.

Annað almennt kynningarstarf

Nokkrir hópar fengu kynningar á starfsemi KFUM og KFUK á starfsárinu, m.a. namar á Tómsundasviði Háskóla Íslands og háskólanemar í stúdentastarfi lúthersku kirkjunnar í Norður-Karólínaháskóla í Chapel Hill. Ýmsir hópar leik - og grunnskólanema á höfuðborgarsvæðinu komu í heimsóknir í hús KFUM og KFUK í tengslum við Jól í skókassa og fengu um leið kynningar á verkefnum og félaginu, og *Verndum þau* – námskeiðin voru sérstaklega kynnt fyrir Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. Þá tók Þórarinn Björnsson á móti Éljagangi (gömlum KFUM-drengjum úr Laugarnesi), sýndi þeim Friðriksstofu og fræddi þá um sr. Friðrik og tengsl hans við Laugarnes.

Starfsfólk Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK bindur vonir við að sem flest tækifæri og miðlar verði áfram nýtt við útgáfu- og kynningarmál félagsins. Með þessu móti er leitast við að sem flestar manneskjur á öllum aldri fái að njóta boðskaparins sem er grundvöllur félagsins og fjölbreyttrar dagskrár sem stuðlar að þroska og velferð þeirra.

9. Fjármál

Á umrótartíma, sem nú hefur staðið yfir í íslensku samfélagi, hafa breytingar á rekstri KFUM og KFUK orðið miklar. Undanfarin ár hafa farið í viðsnúning á rekstarhalla ásamt því að aðlagast breyttum tekjum félagsins. Þessi tími hefur ekki verið auðveldur og margar ákvarðanir teknar sem hafa valdið því að félagsfólk þarf í auknum mæli að styðja félagið með vinnuframlagi eða auknum gjöfum. Þjónustumiðstöðin hefur ekki farið varhluta af þeim samdrætti sem hefur orðið og hafa margar ákvarðanir verið teknar fyrst og fremst til að verja grunnstarf félagsins, æskulýðsstarfið. Félagshúsnæðið okkar á Holtaveginum hefur breyst mikið og nú er komið daglegt líf í kjallarann og eru tvær deildir Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, þar núna. Með þessum breytingum hafa tekjur aukist þar sem leikskólinn greiðir húsaleigu fyrir afnotin og er þetta mikilvægur þáttur í rekstri félagsins til að ná endum saman. Rekstur Vinagarðs hefur styrkst og er rekstur hans til fyrirmyndar. Þessar breytingar hafa kallað á fleiri starfsmenn þangað.

Við horfum enn fram á samdrátt fyrir árið 2012 og höfum enn og aftur þurft að bregðast við honum með erfiðum ákvörðunum til að halda þeirri stefnu sem félagið stendur fyrir. Félagið er þakklátt fyrir allar þær gjafir og öll þau verkefni sem skila félaginu tekjum. Án félagsfólks og stuðningsaðila væri félagið ekki það sem það er í dag. Guð blessi alla þá sem leggja félaginu lið með gjöfum, vinnuframlagi og fyrirbænum.

Styrkir og gjafir

Meira en helmingur af tekjum félagsins felst í gjöfum og styrkjum frá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Árið 2011 var lækkun á gjöfum og styrkjum til félagsins en stærsta ástæðan er lækkun frá ríkinu. Án styrkja og gjafa getur félagið ekki staðið undir öflugri æskulýðsstarfi. Biðjum fyrir gjafakerfi félagsins og auknum styrkjum til starfsins.

Fjáraflanir

Basar KFUK var að venju haldinn laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Í basarnefnd sátu Kristín Sverrisdóttir, Betsy Halldórsson, Hanna Jósafatsdóttir og Gunnlaug Sverrisdóttir. Undirbúningur basarsins stendur yfir allt árið og er þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd þakkað sitt framlag. Tekjur af basarnum (að frádregnum kostnaði) námu 808.870 kr. Af þeirri upphæð renna 80.870 kr. í Kærleikssjóð félagsins. Hluti af sölu basarsins var sala á jólakaffi frá Kaffitári, sú fjárfloflun skilaði 25.000 kr. til félagsins.

Flugeldasala KFUM og KFUK á Íslandi var að venju opin síðustu daga ársins 2011 og var salan með ágætum. Umsjón með flugeldasöluinni var í höndum Inga E. Erlingssonar og Guðmundar Karls Einarssonar og sérlegur vaktmaður var Albert E. Bergsteinsson.

Atlantsolíulykill. Á miðju ári var gerður samningur við Atlantsolíu. Samkvæmt honum býðst félagsmönnum að fá dælykil með fjögurra króna afslætti af hverjum lítra og af þeim fær KFUM og KFUK á Íslandi eina krónu. Um 70 lykklar eru virkir í þessari fjárfloflun og alls um 27.000 lítrum var dælt í gegnum lykklana, og fékk félagsfólk því samtals 108.000 kr. afslátt og KFUM og KFUK á Íslandi fékk 27.000 kr. Hver króna telur og gaman væri ef fleiri félagsmenn myndu nýta sér þessa leið. Hægt er að senda tölvupóst á skrifstofa@kfum.is eða hafa samband við Þjónustumiðstöð í síma 588-8899 ef áhugi er fyrir að nýta sér þessi kjör.

Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þakkar öllum þeim sem hafa lagt félaginu lið fjárhagslega og biður þeim blessunar Guðs. Frekari upplýsingar um fjármál félagsins er að finna í ársreikningum þess.



Í yfir 100 ár hefur KFUK staðið að basar til stuðnings starfi félagsins. Enn í dag gegnir basarinn mikilvægu hlutverki í fjárfloflun félagsins. Fjárhagslegur stuðningur félagsfólks og styrktaraðila, ásamt ómældri vinnu sjálfbóðaðila, eru forsenda þess að félagið nái að vaxa og dafna.



KFUM og KFUK á Akureyri

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Markmið starfsins

Í lögum starfsstöðvarinnar segir, að markmið starfsins eigi að vera að:
 „...leitast við að vekja og efla trúarlegt og siðferðilegt líf ungs fólks
 og hlynnast að andlegum og líkamlegum þroska þess.“

Þess vegna býður KFUM og KFUK á Akureyri upp á tómstundastarf fyrir börn og unglinga þar sem biblíufræðsla og bænir eru fastir liðir. Starf fyrir fullorðna er einnig mikilvægur þáttur í starfinu.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 17. mars 2011.

Stjórn KFUM og KFUK á Akureyri skipuðu:

Katrín Harðardóttir, formaður
 Brynhildur Bjarnadóttir, gjaldkeri
 Astrid Hafsteinsdóttir, ritari

Varamenn:

R. Harpa Arnardóttir
 Pétur Ragnhildarson

Skoðunarmenn reikninga voru kosin:

Davíð Ingi Guðmundsson
 Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Haldnir voru sex stjórnarfundir á árinu. Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs, sat alla fundi stjórnar nema einn.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu hafa tengst nýjung í barnastarfinu sem fékk nafnið Skapandi! Um er að ræða handverks- og listahóp fyrir 11-13 ára stelpur og voru sex samverur á haustmisseri og sex á vormisseri en stjórnin sá um skipulag og framkvæmd. Þá hafa verið nokkrar samverur á árinu fyrir fullorðna og ber þar hæst 60 ára afmæli KFUM á Akureyri sem var fagnað þann 1. desember.

Starfsemi starfsstöðvar

Starfsstöðin á Akureyri leggur fyrst og fremst áherslu á barna- og unglingastarf. Starf fyrir fullorðna hefur falist í samkomum á sunnudögum sem hafa að jafnaði verið einu sinni í mánuði.

Starfsfólk

Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi, hefur skrifstofuaðstöðu í Sunnuhlíð, félagsheimili starfsstöðvar félagsins á Akureyri, og heldur utan um barna- og unglingastarfið á Norðurlandi. Starfshlutfall hans er 100%. Fyrirtækið Hreint ehf. sér um ræstingar á húsnæðinu.

Yfirlit starfs

Eftirfarandi deildir voru starfræktar á Akureyri og Norðurlandi:

Unglingadeild – Skráðir voru 23, en meðaltalsmæting á fund var tíu unglingar. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Alexandra Thorarensen (á vorönn), Helga Frímánn og Pétur Ragnhildarson.

Yngri deild KFUM – Skráðir voru 32, en meðaltalsmæting á fund voru tólf drengir. Leiðtogar: Pétur Ragnhildarson, Dagur Harðarson og Magni Harðarson.

Yngri deild KFUK – Skráðar voru 31, en meðaltalsmæting á fund voru þrettán stúlur. Leiðtogar: Helga Frímánn, Sandra M. Sigurðardóttir, Guðný Bára Jónsdóttir og Herdís Júlía Júlíusdóttir.

Skapandi! – handverkshópur KFUK. Í vetur var í fyrsta sinn boðið upp á sérstakan hóp fyrir 11-13 ára stelpur. Sex samverur voru hálfsmánaðarlega á haust- og vormisseri. Efnisgjald var 3.500 kr. á haustmisseri en 4.000 kr. á vormisseri. 15 stelpur voru skráðar á haustmisseri en 10 á vormisserinu. Verkefnin voru fjölbreytt og falleg og má meðal annars nefna mósaik, jólakortagerð, hársþangagerð, bollakökubakstur og tauprykk á boli. Leiðtogar: Astrid Hafsteinsdóttir, Katrín Harðardóttir, Brynhildur Bjarnadóttir, Ragnheiður Harpa Arnardóttir, Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhann Þorsteinsson.

Á Dalvík og Ólafsfirði var haldið áfram með yngri deildastarf, fjórða árið í röð, og voru haldnar átta samverur á haustmisseri 2011 og átta samverur á vormisseri 2012. Verkefni þetta er í samvinnu við sóknarkirkjurnar en leiðtogar í þessum deildum eru Helga Frímánn og Pétur Ragnhildarson. Á Dalvík voru 24 börn skráð og var mæting á haustmisseri að meðaltali átta börn. Á Ólafsfirði voru skráð 34 börn og mæting á haustmisseri var að meðaltali 18 börn.

Sunnudagssamkomur hafa verið að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, stundum í samstarfi við Kristniðsfélag Akureyrar.

Viðburðir á árinu

Vorhátíð var í Sunnuhlíð laugardaginn 26. mars. Þátttaka á vorhátíðinni var nokkuð góð og börnin úr deildastarfinu voru með skemmtiatriði og boðið var upp á léttar veitingar.

Helgina 5.-6. nóvember tóku um 50 börn úr deildastarfinu á Norðurlandi þátt í haustmóti TTT-starfs kirkjunnar og yngri deilda KFUM og KFUK sem haldið var í Ólafsfirði en gíst var í grunnskólanum og endað með fjölskylduguðspjónustu í Ólafsfjarðarkirkju. Yfirskrift mótsins var „Guð elskar glaðan gjafara“ og tóku börnin meðal annars þátt í verkefninu Jól í skókassa.

Þann 1. desember 2011 var haldin hátíðarsamkoma í tilefni þess að 60 ár voru liðin frá stofnun KFUM á Akureyri. Samkoman var haldin í gamla Kristniðshúsinu Zíon sem var fengið að láni hjá núverandi eigendum í tilefni afmælisins en KFUM á Akureyri var stofnað í því húsi og starfsemin fór þar fram allt þar til félagsheimilið í Sunnuhlíð var vígt 1985. Á milli 50 og 60 gestir sóttu samkomuna. Guðmundur Ómar Guðmundsson stjórnaði samkomunni og var með skemmtileg sögubrot inn á milli atriða. Gyða Karlsdóttir framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi byrjaði samkomuna með orði og bæn og Skúli Svavarsson kristniðboði



KFUM og KFUK fagnaði því með hátíðarfundi í desember 2011 að 60 ár eru liðin frá stofnun KFUM á Akureyri. Á fundinn komu meðal annarra fjórir af stofnfélögunum á Akureyri.

og stofnfélagi í KFUM á Akureyri flutti hugvekju og í lokin var boðið upp á kaffi og kökur. Mikil gleði ríkti meðal gesta og sérstaklega ánægjulegt að fá að halda samkomuna í gamla kristniðshúsinu sem er mörgu félagsfólki kært í minningunni.

Námskeið og þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða

Á starfsárinu hafa leiðtogar tekið þátt í tveimur leiðtoganámskeiðum sem haldin voru í Kaldárseli og í Vatnaskógi.

Útleiga

Nokkuð var um útleigu fyrir fermingar- og skírnarveislur. Þar að auki hefur hópur kvenna leigt salinn á miðvikudagskvöldum frá september 2011.

Gjafir og styrkir

Helstu styrkir á árinu voru frá Akureyrarbæ. Þeir fólust annars vegar í endurgreiðslu á fasteignagjöldum og hins vegar styrk frá Samfélags- og mannréttindaráði.

Lokaorð

Það er alltaf ánægjulegt þegar starfsstöðin okkar hér á Akureyri fagnar nýjungum og Skapandi! – lista og handverkshópurinn okkar var sannarlega nýjung sem við getum glaðst yfir og þá ekki síst vegna þess að í þeim hóp hafa verið stelpur sem voru við það að detta út úr YD starfinu en eru ekki nógu gamlar fyrir unglingastarfið fyrr en næsta vetur. Vonandi var Skapandi! liður í því að halda þeim inni og standa vonir okkar til að þær komi sterkar inn í unglingastarfið næsta vetur enda um að ræða stelpur sem hafa verið virkar í 3-5 ár í starfi KFUK á Akureyri. Afmælisfögnuður KFUM á Akureyri í tilefni 60 ára starfsafmælis félagsins var einnig mjög ánægjulegur og það gladdi okkur að fjórir af stofnfélögunum gátu tekið þátt í dagskránni og rífað upp með okkur aðdragandann og deilt minningum um fyrstu árin. Markmiðið var skýrt og mikilvægt þá og vonandi er það alveg jafn skýrt í hugum okkar í dag og örugglega er það alveg jafn mikilvægt fyrir íslenska æsku. Guð gefi okkur fleiri farsæl ár.

*Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK á Akureyri,
Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi
Astrid Hafsteinsdóttir, ritari*



KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 3. mars 2011.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – meðstjórnandi
Erla Guðmundsdóttir – varamaður
Björk Guðnadóttir – ritari/varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

- Almenn umsjón með deildastarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum.
- Leikjanámskeið í þrjár vikur sumarið 2011.
- Deildastarfið á Suðurnesjum veturinn 2011-2012 er á fjórum starfsstöðum; sex deildir í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í Akurskóla í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkursókn,

tvær deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn og ein deild í Sandgerði í samstarfi við Útskálaprestakall.

- Fá leiðtoga til að leiða starfið.
- Stjórnin sér einnig um umsjón og viðhald félagsheimilis KFUM og KFUK að Hátúni 36 í Reykjanesbæ, en helsta verkefni á starfsárinu var að mála húsið að innan.

Leiðtogar:

Nafn:	Deild
Aldís H. Rúnarsdóttir	UD/MD
Arnór Heiðarsson	YD/UD Grindavík
Baldur Waage	MD M
Björk Guðnadóttir	UD/Stjórn
Blær Elíasson	MD M /UD/Akurskóli
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir	MD K
Brynja Eiríksdóttir	UD/VINAD
Erla Guðmundsdóttir	VINAD/Stjórn
Gísli Davíð Karlsson	YD/UD Grindavík
Hafþór I. G. Sigurðsson	UD
Inga María Henningsdóttir	YD K
Íris Hafþórsdóttir	YD K
Ísak Henningsson	YD M

Ívar Karl Sveinsson	YD M
Kristný Rós Gústafsdóttir	Akurskóli - Haust
Laufey Gísladóttir	Forföll
Margrét Guðjónsdóttir	YD/MD K/ UD Sandgerði/Stjórn
Óskar Pétur Sævarsson	UD
Sigurbjört Kristjánsdóttir	MD K/ Akurskóli/Stjórn
Sveinn Valdimarsson	YD/MD M/Stjórn
Telma Ýr Birgisdóttir	YD/UD Grindavík
Þorsteinn Helgason	YD/MD M
Þóra Jenný Benónýsdóttir	UD Sandgerði
Þráinn Andreusson	YD M

Framkvæmdir

Veggir innanhúss voru allir málaðir.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í starfi KFUM og KFUK haustið 2011 voru alls um 330 á Suðurnesjum.

Þrjú leikjanámskeið voru haldin hjá KFUM og KFUK á Suðurnesjum í júní 2011. Umsjón var í höndum Hjördísar Kristinsdóttur, Sólmundar Friðrikssonar, Guðmundu Láru Guðmundsdóttur og Sigurbjartar Kristjánsdóttur sem skiptu vikunum sín á milli. Auk þeirra unnu á námskeiðunum fimm unglingar, þau Bryndís Sunna Guðmundsdóttir, Íris Hafþórsdóttir, Esther Elín Þórðardóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Ísak Henningsson. Þátttakendur á námskeiðunum voru rúmlega 30. Reykjanæsbær greiddi fyrir tíu börn á námskeiðunum.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum:

Óvissuferð leiðtoga vorið 2011

Leiðtogum sem starfa á vorin er boðið í óvissuferð sem þakklætisvott fyrir starfið.

UD fór á Norræna KFUM og KFUK mótið í Danmörku sumarið 2011

Fimm unglingar og þrír leiðtogar fóru frá Suðurnesjum ásamt deildum frá Mosfellsbæ og Vestmannaeyjum. Ferðin gekk vel og komu allir glaðir og sátir heim.

Vorferðir YD-KFUM OG KFUK

YD-K fór í vorferð í Vindáshlíð vorið 2011.

YD-M fór í vorferð í Vatnaskóg vorið 2011.

Leikjanámskeið

Þrjú námskeið voru haldin sumarið 2011, 30 börn mættu og fjórir leiðtogar héldu utan um námskeiðin ásamt fimm aðstoðarleiðtogum.

Starfsstöðin að Hátúni 36 í Keflavík máluð að innan

Nokkrir meðlimir komu saman og máluðu húsið að innan.

Fótboltamót YD-KFUM OG KFUK

YD-K og YD-M fóru á fótboltamót haustið 2011



Æskulýðsstarf KFUM og KFUK á Suðurnesjum er öflugt. Þar geta öll börn og unglingar fundið eitthvað við sitt hæfi. Á starfsárinu voru haldin leikjanámskeið þar yfir sumartímann og fjölbreytt deildastarf að vetri.

Landsmót ÆSKP

Nokkrir unglingar frá UD-Keflavík, Sandgerði og Grindavík fóru á landsmót kirkjunnar á Selfossi haustið 2011.

Miðnæturiþróttamót

Unglingar frá UD-Keflavík fóru á miðnæturiþróttamót KFUM OG KFUK í Vatnaskógi haustið 2011

Jólamatur leiðtoga

Í janúar ár hvert er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í glæsilega máltíð og kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið um haustið. Leiðtogar undir 20 ára fá jólagjöf sem þakklætisvott fyrir starfið.

Landsmót KFUM OG KFUK

UD-Keflavík, Sandgerði og Grindavík fóru á landsmót í Vatnaskógi í febrúar 2012

Brennómót YD-KFUM OG KFUK

YD-K og YD-M fóru á brennómót í febrúar 2012

Gjafir og styrkir

Stærsti hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjanæsbæ samkvæmt samstarfssamningi við bæinn, þá kemur einnig góður styrkur frá Keflavíkursókn. Einnig koma styrkir frá ýmsum velunnurum starfsins. Þá er ótalinn hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfbóðaliða sem koma að starfinu. Samstarfssamningur við Reykjanæsbæ rann út um áramótin 2011 – 2012. Unnið er að endurnýjun samningsins. Félagið veitti nokkra styrki til leiðtoga og þátttakenda, t.d. vegna ferðalaga og námskeiða.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 21. mars 2011.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
 Hulda Líney Magnúsdóttir, ritari
 Steinunn Einarsdóttir, gjaldkeri
 Sigríður Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
 Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, meðstjórnandi
 Gísli Stefánsson, varamaður.

Skoðunarmaður reikninga:

Halldór Hallgrímsson

Fjöldi stjórnarfunda á starfsárinu var: 4.

Helstu verkefni stjórnar á starfsárinu voru eftirfarandi:

Sem fyrr var stjórnin með húsnæði starfstöðvarinnar í huga. Þörf er á töluverðum endurbótum en þær munu dragast eitthvað á langinn enn sem komið er. Það er einbeittur vilji stjórnar að vinna að endurbótum á næsta starfsári og ráðast í frekari fjáröflun vegna þeirra.

Framkvæmdir

Engar framkvæmdir voru á síðasta starfsári sökum fjárskorts en það stendur nú vonandi til bóta.

Starfsemi starfsstöðvar

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild. Í vetur voru tvær deildir, fyrir 8. bekk og 9.-10. bekk. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í húsnæði deildarinnar við Vestmannabraut og sóttu það 15-20 unglingar í hverri viku. Leiðtogarnir Erlingur Orri Hafsteinsson og Ísak Máni Jarlsson hafa tekið að sér að sjá um dagskrárliði á opnu húsunum og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja 20 til 25 unglingar þá fundi. Starfið gengur mjög vel og krakkarnir eru ánægðir þar sem í starfinu hefur tekist að skapa sterkan kjarna sem samanstendur aðallega af krökkum úr 9. bekk.

Starfsfólk

Gísli Stefánsson er starfsmaður KFUM og KFUK á Íslandi í hlutastarfi.



Unglingar í unglingastarfinu í Vestmannaeyjum komu á landsmót KFUM og KFUK í Vatnaskógi í febrúar 2012 og skemmtu sér með unglingum víða að á landinu.

Ungleiðtogar

Erlingur Orri Hafsteinsson
Ísak Máni Jarlsson
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir
Sandra Dís Pálsdóttir

Ýmsir viðburðir í starfi Vestmannaeyja

Pitsukvöld í KFUM og KFUK. Þátttakendur í starfi Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum bökuðu sér pitsur eitt kalt haustkvöld í október. Gríðarleg ánægja var með kvöldið fyrir utan það að einhverra hluta vegna bráðnaði osturinn ekki sem settur var á pitsurnar. Málið er enn í rannsókn.

Æskulýðsdagurinn 6. mars. Fjölmenni sótti Landakirkju og tók þátt í æskulýðsmessu á Æskulýðsdeginum 4. mars. Messan var liður í fjáröflun félagsins en þátttakendur styrktu félagið með frjálsum framlögum og með kaupum á vöfflum og kakói.

Ferð til Danmerkur á norrænt mót. Leiðtogar og þátttakendur félagsins fóru til Danmerkur síðastliðið sumar ásamt leiðtogum og þátttakendum úr öðrum KFUM og KFUK-félagsdeildum, á norrænt æskulýðsmót er haldið var í Haldstedhus sem er sex kílómetra frá Nakskov á Lálendi. Ferðin var skemmtileg og það voru þreyttir en sælir krakkar sem komu aftur til Eyja eftir ferðina.

Landsmót ÆSKP á Selfossi. Frá Vestmannaeyjum fór 26 manna hópur á Selfoss á eitt skemmtilegasta æskulýðsmót sem haldið hefur verið af Þjóðkirkjunni, dagana 28. – 30. október.

Jólatónleikar Æskulýðsfélagsins og KFUM og KFUK. Félagið hélt sína árlegu jólatónleika 20. desember. Tónleikarnir voru geysilega vel sóttir og varla andrými í safnaðarheimili Landakirkju. Okkar færustu tónlistarmenn gáfu vinnu sína sem H-hljóð útvegaði hljóðkerfi fyrir okkur að kostnaðarlausu og tónleikahaldarinn og fyrrum starfsmaður Landakirkju, Birkir Thor Högnason, gaf alla sína vinnu við undirbúning tónleikanna. Allur aðgangseyririnn rann óskertur til félagsins.

Gjafir og styrkir

Fyrir utan aðgangseyri jólatónleikanna voru leiðtogar og þátttakendur styrktir um því sem samsvarar kr. 310.000.- til fararinnar til Danmerkur, bæði af starfsstöðinni, Landakirkju sem og ónafngreindum aðilum. Starfsstöðin styrkti hóp félagsins sem fór á Landsmót ÆSKP á Selfossi í október 2011.

Sjálfbóðaliðar

Fastir sjálfbóðaliðar í starfinu eru alls sjö fyrir utan þá sem koma stöku sinnum til aðstoðar við fjáraflanir. Flestir eru foreldrar eða aðrir aðstandendur þátttakenda.

Fastir sjálfbóðaliðar eru:

Erlingur Orri Hafsteinsson
Guðmundur Örn Jónsson
Hulda Líney Magnúsdóttir
Ísak Máni Jarlsson
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir
Sandra Dís Pálsdóttir og
Steinunn Einarsdóttir.

Lokaorð

Leiðtogastarf félagsins fer sívaxandi og hófu um 15 ungleiðtogar þjálfun á síðasta starfsári. Sá hópur er grunnstoð félagsins. Er það vilji okkar, sem höldum um stjórnartauma félagsins og deildarinnar, að styrkja þann hóp enn frekar til þátttöku í starfi á vegum Þjóðkirkju og KFUM og KFUK í framtíðinni.



Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vinagarðs var haldinn 17. mars 2011.

Stjórn Vinagarðs á starfsárinu skipuðu:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
Anna Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Ásdís Björnsdóttir, ritari
Guðmundur Ingi Leifsson
Heiðrún Ólöf Jónsdóttir.

Varamenn:

Bryndís Erla Eggertsdóttir
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Arnmundur Kristinn Jónasson
Ólöf Jóna Jónsdóttir
María Aðalsteinsdóttir.

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 5.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Opnun nýrrar deildar

Góð reynsla hefur verið af nýrri deild, Uglugarði, sem opnaði árið 2010 í kjallara á Holtavegi 28. Vegna mikillar eftirspurnar eftir leikskólavistun fór stjórn leikskólans þess á leit við stjórn KFUM og KFUK á Íslandi að fá einnig að nota húsnæðisbúð til leikskólastarfsins. Því var vel tekið enda húsnæðið í lítilli notkun síðustu árin. Nýja deildin rúmar 10 börn og þar starfa tveir starfsmenn. Deildin er ætluð yngstu leikskólabörnunum.

Töluverð vinna fylgdi því að breyta húsnæðinu þannig að það uppfyllti kröfur heilbrigðis- og brunaeftirlits (sjá kafla um framkvæmdir), en sú vinna var að mestu unnin í sjálfbæðavinnu.

Stækkun leikskólans styrkir rekstur skólans en hefur jafnframt styrkt rekstur KFUM og KFUK með leigutekjum af húsnæði sem áður var í takmarkaðri notkun.

Endurskoðun vistunarsamninga og dvalarreglna

Anna Kristín Guðmundsdóttir og Þorsteinn Arnórsson unnu að nýjum vistunarsamningi og dvalarreglum sem foreldrar þurfa að undirrita þegar barn þeirra hefur skólavist. Þar er skert á úrræðum sem grípa má til vegna vanskila á dvalargjöldum. Slík mál eru ekki algeng en kostnaðarsöm. Vonast er til að nýjar reglur dragi úr þeim kostnaði.

Starfsmenn:

Á leikskólanum eru 14,7 stöðugildi.

Leikskólastjóri: 1 staða

Leikskólakennarar: 1,80 stöður (deildastjórar)

Grunnskólakennarar: 2,8 stöður

Kennaranemi: 0,80 staða

Sálfræðinemi: 0,80 staða

Leiðbeinendur: í 5,5 stöður

Matráður: 1 staða

Aðstoð í eldhúsi: 0,5 staða.

Í leikskólanum starfa:

María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri,

María Jónsdóttir, deildarstjóri og aðstoðarleikskólastjóri,

Sigrún Lilja Hjartardóttir, matráður,
Ólöf Jóna Jónsdóttir, deildarstjóri (í fæðingarorlofi frá september),
Ragnhildur Gunnarsdóttir, deildarstjóri og Hulda Björg Jónasdóttir,
deildarstjóri,
Ingibjörg Ingvarsdóttir, grunnskólakennari (sérkennsla) deildarstjóri.
Alma Auðunardóttir nemi á menntavísindasviði HÍ,
Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Bjarnveig
Hjörleifsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir, Þorbjörg Tómasdóttir, Arna
Ingólfssdóttir, Guðrún Tómasdóttir leiðbeinendur,
Kristbjörg Harðardóttir leikskólakennaranemi í afleysingum,
María Sigurðardóttir, aðstoð í eldhúsi.

Bryndís Hrólfsdóttir á Grísagarði og Finnur Jens Númason á Uglugarði,
nemi á menntavísindasviði, létu af störfum á árinu og eru þeim þökkúð vel
unnin störf. Finnur er skólanum enn innan handar í lóðarmálum.

Framkvæmdir

Nýtt aðalhlíð var sett upp, öllu völdugra en það sem fyrir var. Hellulagt var
þar í kring. Einnig var sett upp innkeyrsluhlíð á lóð skólans til að auðvelda
aðkomu að lóðinni. Minniháttar úrbætur gerðar á lóð. Hellulagt meðfram
húsi og blómabeðum.

Til að hægt væri að opna nýja deild þurfti að lagfæra húsvarðaríbúðina á
Holtavegi 28. Má þar nefna:

- Húsnæði var brunahólað með nýrri hurð milli íbúðar og stigagangs.
- Tekin var niður innrétting í forstofu.
- Veggir, loft og gluggar máluð og flisalagt á baðherbergi.
- Settir upp snagar og hillur í geymslu þar sem aðstaða er fyrir
fatahengi.
- Skiptiaðstaða sett upp í baðherbergi.
- Lág handlaug sett upp í baðherbergi.
- Húsgögn keypt: borð, stólar, loftljós og hirslur.

Starfsemi starfsstöðvar

Ýmsir viðburðir í starfi Vinagarðs:

Vorhátíð. Grillaðar pylsur í boði fyrir gesti og gangandi, en verkefni
vetrarins voru sýnd á veggjum deildanna. Börnin nutu sín í hoppukastala.
Boðið var upp á sælkerabasar á vegum foreldrafélagsins. Hestafólk úr
röðum stjórna leikskólans teymdi gæðinga sína undir börnunum.

Danssýning. Foreldrum var á vordögum boðið á danssýningu til að sjá
afrakstur danskennslu vetrarins hjá eldri deildum leikskólans.

Útskriftarferð elstu barna. Eins og undanfarin ár héldu elstu börnin
suður með sjó og heimsóttu orlofshús Maríu leikskólastjóra á vordögum.

Heimsókn frá Japan. Japanskir leikskólakennarar heimsóttu
leikskólann og kynntu sér starfið og dvöldu þar dagpart til að sjá hvernig
leikskóladagurinn gengur fyrir sig.

Sumarnámskeið. Börnum á 6. aldursári var boðið á þrjú vikulöng
sumarnámskeið á vegum leikskólans í ágúst. Það tókst vel til og var mest
sótt af nýtskrifuðum leikskólabörnum. Þau höfðu aðstoðu á Uglugarði.
Farið var í smærri ferðir og næsta nágrenni skoðað. Starfsmenn
leikskólans sáu um námskeiðin.

Haustferð í Vatnaskóg. Rútuferð var farin í Vatnaskóg haustið 2011 með
börnin. Foreldrum og öðrum fullorðnum sem vildu fara með var einnig
boðið í ferðina og var hún að venju afar vel sótt.

Jólaball. Glæsilegt jólaball var skipulagt af foreldrafélagi Vinagarðs og
haldið í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi. Á dagskránni voru jólasveinar,



**Leikskóli KFUM og KFUK er í örur vexti. Frá árinu 2010 hefur
leikskólarýmum fjölgað úr 60 í 86. Tvær deildir leikskólans eru nú á
neðri hæð félagshúss KFUM og KFUK á Holtavegi.**

veitingar og gjafir til barna. Jólabasar var haldinn á sama tíma þar sem
ágóði rennur til foreldrafélagsins.

Kirkjuferðir fyrir jól og páska. Börnin heimsækja Áskirkju fyrir jól og
einnig fyrir páskana. Þá heimsækir djákinn í Áskirkju, Ásdís Pétursdóttir
Blöndal, leikskólann einu sinni í mánuði og sér um helgistund með
börnunum.

Fríðuhús, sem er dagvistun fyrir minnissjúka, er heimsótt einu sinni í
mánuði. Börnin syngja með vistmönnum og þiggja veitingar að því loknu.

Viðbrögð við boðflennum. Bæði lús og njálgur komu í heimsókn
og þurfti samstillt átak starfsmanna og foreldra til að koma hinum
síðarnefnda út úr húsi. Hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu í hverfinu
mætti á morgunfund til að fræða foreldra um hvað þyrfti til að losna við
þessa óværu. Starfsmenn lögðu mikið á sig til að þrífa leikföng og annað.
Ýmsar ráðstafanir voru gerðar til að vinna bug á ófögnuðinum.

Námskeið sótt af starfsmönnum

- Allir starfsmenn sóttu ráðstefnu Samtaka sjálfstæðra skóla í mars
um gleði í skólastarfi.
- Laura Scheving Thorsteinsson var með fyrirlesturinn „Hamingjan er
best af öllu í sköpunarverkinu“ á námskeiðsdegi hjá okkur.
- Hulda Jónasdóttir sótti trúnaðarmannanámskeið.
- María Jónsdóttir og María Sighvatsdóttir sóttu námskeið í
hugarþjálfun og öfluga liðsheild hjá Endurmenntun HÍ.

Sjálfboðaliðar

Sem fyrr er mikið starf unnið af foreldrum og félagsmönnum KFUM og
KFUK. Foreldrafélag Vinagarðs er öflugt og aðstoðar í ýmsum verkum og
með fjárflyun. Færum við þeim öllum bestu þakki fyrir og tæpum á því
helsta sem gert var í sjálfboðavinnu:

Á vorhátíð var haldinn sælkerabasar sem foreldrar og starfsmenn komu
færandi hendi með varning á. Samskonar basar var haldinn á jólaballinu.
Ágóði af sólunni rann til foreldrafélagsins.

Fyrir tilstuðlan foreldrafélagsins komu foreldrar og hjálpuðu til inni á
deildum leikskólans í einn dag til móts við dagsfrí starfsmanna.
Nokkrir vaskir foreldrar settu upp nýtt hlið.

Framkvæmdir við nýja deild voru að hluta í höndum sjálfboðaliða.

*Fyrir hönd stjórnar Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK
Ásdís Björnsdóttir, ritari stjórnar.*



Vatnaskógur

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Starfsskýrsla þessi fjallar um starfsemi Skógarmanna KFUM sem starfrækja sumarbúðirnar og aðra starfsemi í Vatnaskógi fyrir árið 2011.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (3. grein) eru markmið Skógarmanna:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi“.

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein):

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundarhöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga“.

Aðalfundur Skógarmanna KFUM árið 2011 var haldinn 31. mars.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á árinu:

Ólafur Sverrisson, formaður

Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður

Páll Hreinsson, gjaldkeri

Ingi E. Erlingsson, varagjaldkeri

Porkell Gunnar Sigurbjörnsson, vararitari

Jón Ómar Gunnarsson, meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi

Sigurður Pétursson, meðstjórnandi

Magnús Viðar Skúlason, 1. varamaður og ritari

Salvar Geir Guðgeirsson, 2. varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK) og Bjarni Árnason.

Stjórnin hélt níu fundi á árinu: 19. janúar, 22. febrúar, 27. apríl, 23. maí, 21. júní, 7. september, 20. október, 10. nóvember, 10. desember.

Starfsmenn

Ársæll Aðalbergsson er framkvæmdastjóri Skógarmanna og Þórir Sigurðsson er ráðsmaður Vatnaskógar. Um 90 manns störfuðu sem starfsmenn með einhverjum hætti hjá Vatnaskógi 2011.

Framkvæmdir

Nýbygging

Vinna við byggingu hins nýja svefn- og þjónustuskála hefur miðað hægt á árinu vegna fjárskorts. Þess í stað hafa Skógarmenn unnið að fjárföllum meðal fyrirtækja þannig að í lok ársins var haldið af stað með innréttingarvinnu í þeim hluta hússins sem er næstur Birkiskála. Húsið sem er 541 m² og tengist Birkiskála mun leysa gístiaðstöðu í Gamla skála af hólmi. Allir dvalargestir Vatnaskógar munu því njóta sambærilegrar gístiaðstöðu í einu húsi. Auk þess verður stofa fyrir um 100 manns í nýbyggingunni og tvær minni setustofur.

Hið nýja hús hefur verið notað við ýmis tilefni þótt ekki sé búið að innrétta það, meðal annars sem kaffihús á Sæludögum um verslunarmannahelgina.

Framundan er áframhaldandi innréttingavinna og framgangur verksins mun ráðast af fjármögnun. Byggingarnefnd hefur umsjón með verkinu og sitja Ársæll Aðalbergsson, Ólafur Sverrisson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Sveinn Valdimarsson í henni.

Matskálinn

Í byrjun árs var þvottahús, starfsmannasalerni og anddyri í íbúð starfsmanna endurnýjað. Einnig voru gerðar nokkrar breytingar á rýminu, og meðal annars sett hitalögn í gólf. Miklar skemmdir vegna raka kölluðu á þessa endurnýjun.

Kapelluflöt

Kapelluflötin fyrir ofan Lindarrjóður var stækkuð til suðurs, hún tyrfd og tekin í notkun á Sæludögum.

Kapellan

Umhverfi kapelli Vatnaskógar var lagfært, girðing endurnýjuð og fleira. Sjálfboðaliðar undir forystu Hans Gíslasonar sáu um framkvæmd verksins. Sérstök söfnun meðal gamalla Skógarmanna er í gangi til að fjármagna þær endurbætur sem gerðar hafa verið á kapelli Vatnaskógar og umhverfi hennar.



Fjölmörg tilvonandi fermingarbörn heimsóttu Vatnaskóg á starfsárinu og spreyttu sig á verkefnum af ýmsu tagi. Fastur liður á fermingarnámskeiðunum eru bátsferðir um Eyrarvatn, ef veður leyfir.

Bátaskýlið

Í lok árs voru nýir gluggar settir í Bátaskýlið en hinir gömlu voru ónýtir. Vorið 2012 verður skipt um klæðningu á húsinu.

Aðrar framkvæmdir fólust í reglubundnu viðhaldi en Vatnaskógur er í mjög mikilli notkun og því þarf húsakostur og nánasta umhverfi á stöðugu viðhaldi og uppbyggingu að halda.

Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2011 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
	20.05.-22.05.	6-99	2	54	Feðginaflokkur
1	02.06.-07.06.	10-12	6	36	Gauraflokkur
2	08.06.-13.06.	9-11	6	100	
3	14.06.-19.06.	10-12	6	91	
4	20.06.-26.06.	12-14	7	71	Ævintýraflokkur
5	27.06.-03.07.	9-11	7	84	
6	04.07.-10.07.	10-12	7	79	
7	11.07.-17.07.	12-14	7	38	
8	18.07.-24.07.	10-12	7	57	
9	02.08.-07.08.	14-17	6	70	Ungl.fl. f. bæði kyn
10	08.08.-14.08.	10-13	7	43	
11	15.08.-19.08.	16-18	5	34	
12	26.08.-28.08.	7-99	2	98	Feðgaflokkur I
13	02.09.-04.09.	7-99	2	51	Feðgaflokkur II
14	16.09.-18.09.	17-99	2	57	Heilsudagar karla
					Samtals: 703

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum 2011 var 703, en var 836 árið 2010.

Fjöldi í feðga- og feðginaflokka og heilsudaga karla 2011 var 262, en var 304 árið áður.

Heildarfjöldi þátttakenda í starfi sumarsins árið 2011 var 965 en var 1140 árið 2010.

Forstöðumenn sumarið 2011

1. flokkur: Erlendur Egilsson og Práinn Haraldsson.
2. flokkur: Sigurður Grétar Sigurðsson.
3. flokkur: Ársæll Aðalbergsson.
4. flokkur: Halldór Elías Guðmundsson.
5. flokkur: Sigurbjörn Þorkelsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.
6. flokkur: Halldór Elías Guðmundsson.
7. flokkur: Henning Emil Magnússon.
8. flokkur: Halldór Elías Guðmundsson.
9. flokkur: Halldór Elías Guðmundsson.
10. flokkur: Salvar Geir Guðgeirsson.
11. flokkur: Jón Ómar Gunnarsson og Þór Bínó Friðriksson.

Foringjar

Arnar Ragnarsson (1 flokkur), Arnór Heiðarsson (1 flokkur), Árni Gunnar Ragnarsson (5 flokkar), Ásgeir Pétursson (1 flokkur), Baldur Ólafsson (2 flokkar), Benedikt Snær Magnússon (1 flokkur), Bogi Benediktsson (7 flokkar), Eggert Kaaber (1 flokkur), Geirlaugur Sigurbjörnsson (1 flokkur), Gísli Guðlaugsson (6 flokkar), Gunnar Thomas Guðnason (1 flokkur), Gylfi Bragi Guðlaugsson (1 flokkur), Halldór Rúnarsson (1 flokkur), Hannes Þ. Guðrúnarson (1 flokkur), Hlynur Kristján Árnason (1 flokkur), Hákon



Á liðnu starfsári var fjölskylduhátíðin Sæludagar um verslunarmannahelgina vel sótt af öllum aldurshópum. Á komandi sumri verður boðið upp á fleiri fjölskylduhelgar í Vatnaskógi, þar sem öll fjölskyldan getur notið lífsins saman.

Arnar Jónsson (5 flokkar), Hilmar Einarsson (8 flokkar), Jón Gunnar Bergs (1 flokkur), Jón Konráð Guðbergsson (1 flokkur), Jón Grétar Þórsson (2 flokkar), Jón Kristinn Lárusson (1 flokkur), Kristinn Schram Reed (2 flokkar), Magnús Júlíusson (1 flokkur), Ólafur Már Lárusson (4 flokkar), Ólafur Jón Magnússon (6 flokkar), Rakel Björg Kristinsdóttir (1 flokkur), Sigurður Pétursson (1 flokkur), Sigurður Jón Sveinsson (5 flokkar), Sólveig Reynisdóttir (1 flokkur), Thelma Lind Waage (1 flokkur), Þorleifur Einarsson (3 flokkar) og Þóra Björg Sigurðardóttir (2 flokkar).

Í Gauraflokk störfuðu sem sérfræðingar Ásdís Eypórsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Haukur Einarsson, Júlía Heiða Ocares, Pálmar Ragnarsson og Margrét Rós Harðardóttir.

Vinumenn

Hafsteinn Ingi Gunnarsson (9 flokkar) og Hákon Arnar Jónsson (3 flokkar). Auk þeirra komu fjölmargir sjálfboðaliðar sem hjálpuðu til við verklega þætti, þar af nokkrir í vikutíma.

Matráðar

Hreiðar Örn Zoëga (2 flokkar), Katla Þórarinsdóttir (1 flokkur), Tinna Rós Steinsdóttir (1 flokkur) og Valborg Rut Geirsdóttir (7 flokkar).

Starfsfólk í eldhúsi

Agnes Þorkelsdóttir (6 flokkar), Árni Gunnar Ragnarsson (2 flokkar), Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (3 flokkar), Dagrún Linda Barkardóttir (3 flokkar), Eva Magnúsdóttir (5 flokkar), Gunnar Thomas Guðnason (1 flokkur), Hafdis Matsdóttir (4 flokkar), Helga Jónsdóttir (3 flokkar), Inga Hrönn Jónsdóttir (1 flokkur), Karítas Pálsdóttir (1 flokkur), Kristín

Rut Ragnarsdóttir (3 flokkar), Kristín Sveinsdóttir (2 flokka), Páll Steinar Sigurbjörnsson (2 flokkar), Sigríður Jóhönnudóttir (1 flokkur), Viktoría K. Hrafnhildardóttir (1 flokkur), Tinna Magnúsdóttir (5 flokkar), Thelma Lind Waage (6 flokkar).

Ráðsmaður

Geirlaugur I. Sigurbjörnsson (9 flokkar).

Sjálfboðaliðar

Nokkrir af ofantöldum starfsmönnum voru sjálfboðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Afar góð og gleðileg þróun. Einnig kom ungt fólk og aðstoðaði við ýmis verk, uppvask, umhirðu staðarins og fleira.

Ýmsir viðburðir í starfi Skógarmanna

Fjölskylduflokkur

Fjölskylduflokkur var í febrúar. Þátttakendur voru 66. Forstöðumaður var Sigurður Grétar Sigurðsson.

Feðginaflokkur

Boðið var upp á feðginaflokk fyrir feður og dætur í byrjun júní. Þátttakendur voru 54. Ársæll Aðalbergsson var forstöðumaður.

Feðgaflokkar

Feðgaflokkar voru tveir og voru samtals 148 þátttakendur, afar, feður og synir. Ársæll Aðalbergsson var forstöðumaður í öðrum flokknum og Sigurður Grétar Sigurðsson í hinum.

Sæludagar

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, hátíð fyrir alla fjölskylduna, um verslunarmannahelgina 2011. Um 1100 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Boðið var upp á dagskrá með það að markmiði að höfða til sem flestra aldurshópa. Ársæll Aðalbergsson, Guðmundur Karl Brynjarsson, Páll Hreinsson, Sigurður Pétursson og Þóra Björg Sigurðardóttir stýrðu undirbúningi. Ráðskonur helgarinnar voru Eva og Tinna Magnúsdætur. Mikill fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða kom að hátíðinni og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Heilsudagar karla

Helgina 16. til 18. september fóru Heilsudagar karla í Vatnaskógi fram. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldi var Sigurður A. Magnússon rithöfundur með erindi. Á laugardegi var biblíulestur í umsjá sr. Ragnars Gunnarssonar og vinnutími í þágu Vatnaskógar: Unnið var við eldivið, umhverfi malarvallarins var hreinsað og snyrt, skipt var um glugga á neðri hæð bátaskýlisins og vinnupallar reistir til efri hæðar. Einnig var innréttingavinnu haldið áfram í Birkiskála II, stétt lagfærð fyrir framan Matskála og handrið sett upp við aðalinngang Gamla skála. Þessa helgi var stofnað Skógræktarfélag Vatnaskógar. Félagið hefur það verkefni að sinna umhirðu skógarins og mættu meðlimir þess í þrjá vinnuflokka um haustið undir forystu Styrmis Magnússonar sem hafði umsjón með starfsemi félagsins. Á sunnudeginum var haldið í messu í Hallgrímskirkju í Saurbæ í umsjá sr. Sigurðar G. Sigurðssonar. Alls tóku 57 karlmenn þátt í Heilsudögum 2011. Ólafur Sverrisson og Sigvaldi Björgvinsson sáu um skipulag þeirra.

Skógarvinir

Skógarvinir fyrir drengi 12 til 14 ára voru starfræktir í samstarfi við KFUM og KFUK. Starfsmenn voru Davíð Arnar Sigvaldason og Styrmir Magnússon á vormisseri en Ársæll Aðalbergsson, Benedikt Snær Magnússon, Styrmir Magnússon og Þór Bínó Friðriksson á haustmisseri.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest og skyldar raskanir var haldinn í fimmta sinn. Í flokknum voru 43 drengir skráðir, en 36 þeirra mættu. Starfsmenn voru mun fleiri en í venjulegum flokki og dagskrá flokksins var í samræmi við þarfir drengjanna. Eftir flokkinn var gerð könnun meðal foreldra þar sem fram kom mjög mikil ánægja með flokkinn en allir þeir foreldrar sem svöruðu sögðust vera ánægðir eða mjög ánægðir með flokkinn. Forstöðumenn og forsvarsmenn verkefnisins voru Erlendur Egilsson og Þráinn Haraldsson.

Leikskólar

Í apríl og maí komu leikskóláhópar í dagsferðir og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og önnuðust. Alls komu 514 leikskólabörn vorið 2011. Umsjón með heimsóknum höfðu Arnar Ragnarsson, Bára Sigurjónsdóttir, Helga Sif Helgadóttir, Tinna Rós Steinsdóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir og fleiri. Valborg Rut Geirsdóttir og Kristín Rut Ragnarsdóttir voru eldhússtarfsmenn á námskeiðunum.

Kynningarstarf

Skógarmenn tóku þátt í Vorhátíð KFUM og KFUK í mars. Blað sumarþúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við hátíðina. Lindin, blað Skógarmanna, var gefin út um vorið og kynnti starfsemi Vatnaskógar, ritstjóri var Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.

Jólatréssala

Fyrir jólin buðu Skógarmenn upp á sölu á jólatrjáum í Vatnaskógi. Starfsmenn Alcan í Straumsvík heimsóttu Vatnaskóg að þessu tilefni. Nokkrir einstaklingar komu einnig á staðinn í desember 2011 og keyptu tré.

Fermingarnámskeið, skólabúðir og skálaleiga

Fermingarnámskeið/skólabúðir

Á árinu 2011 voru haldin fjölmörg fermingarnámskeið.

Námskeiðin voru með eftirfarandi hætti:

- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn frá Norðurlandi í samvinnu við Skagafjarðarprófastsdæmi.
- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn frá Garði, Grindavík og Sandgerði í samvinnu við Kjalarnessprófastsdæmi.
- Tveggja til þriggja daga fermingarnámskeið í umsjá Skógarmanna í samvinnu við Kjalarness- og Reykjavíkurprófastsdæmi.
- Dagsnámskeið í samvinnu við Reykjavíkurprófastsdæmi.
- Þriggja daga fermingarnámskeið og skólabúðir í umsjá Skógarmanna í samvinnu við Rimaskóla í Grafarvogi og Reykjavíkurprófastsdæmi.

Í febrúar og mars 2011 komu 157 unglingar á fjögur námskeið.

Um haustið (ágúst–nóvember 2011) kom alls 1731 unglingur í Vatnaskóg á 32 námskeið.

Árið 2011 komu því samtals 1888 unglingar á 34 námskeið.

Umsjón með námskeiðunum hafði framkvæmdastjóri Skógarmanna.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins var: Ársæll Aðalbergsson, Jón Grétar Þórsson, Matthildur Bjarnadóttir, sr. Magnús Magnússon og sr. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Hákon Arnar Jónsson, Jón Grétar Þórsson og Rákel Björg Kristjónsdóttir voru fastir starfsmenn á námskeiðunum en auk þeirra komu Árni Gunnar Ragnarsson, Hilmar Einarsson, Þór Bínó Friðriksson og Þóra Björg Sigurðardóttir að nokkrum námskeiðum.

Árni Gunnar Ragnarsson, María Lúisa Kristjánsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir voru eldhússtarfsmenn á námskeiðunum.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskóg, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Allmargir hópar komu árið 2011, þar á meðal leiðtogar á leiðtoganámskeiði KFUM og KFUK, Skákdeild Fjölnis, hópar frá barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar, börn í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK, Skógarvinir, KSS (haust- og vorskólamót), Íslenska Kristskirkjan (haustmót), Starfsmannafélag Skeljungs, Landsbjörg (ungmennamót), hópar úr unglingadeildum KFUM og KFUK (Landsmót) og einnig voru haldnir UNG- tónleikar.

Fjárafilanir – styrkir

Kaffisala

Kaffisala Skógarmanna hefur verið haldin sumardagurinn fyrsta í áratugi. Kaffisalan gekk vel, fjölmargir komu og studdu við starf Vatnaskógar, bæði með því að gefa veitingar og einnig að kaupa þær.

Tónleikar

Að kvöldi sumardagsins fyrsta voru haldnir tónleikar til stuðnings nýjum skála Vatnaskógar. Allir sem komu að verkefninu gáfu vinnu sína en þeir sem komu fram voru Karlakór KFUM og KFUK, Jóhann Helgason, Rannveig Káradóttir, Sigtryggur Baldursson, Pétur Ben og félagar.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Annað árið í röð hófst sala á „línunum“ í Línuhappdrætti Skógarmanna á Sæludögum, til stuðnings nýjum skála í Vatnaskógi. Sölnunni lauk á Heilsudögum karla en þá höfðu selst um 300 línur.

Fjáröflun meðal fyrirtækja

Fjáröflun meðal fyrirtækja sem kallast „Bakland Vatnaskógar“ til stuðnings nýbyggingunni hefur nú verið í gangi í rúmt ár. Hefur tekist að fá þó nokkur fyrirtæki til liðs við verkefnið. Eru framlög þeirra grunnurinn að því að hægt er að halda áfram með framkvæmdir við hið nýja hús. Það eru þeir Magnús Pálsson og Tómas Torfason sem hafa verið frumkvöðlar þessa verkefnis.

Léttkvöld KFUM

Léttkvöld aðaldeildar KFUM var haldið í nóvember. Allur ágóði af léttkvöldinu var til stuðnings nýbyggingarinnar. Hreiðar Örn Zoëga var yfirkokkur og Magnús Viðar Skúlason var veislustjóri.

Stuðningur/styrkir

- Menntamálaráðuneytið studdi við fræðslustarf Vatnaskógar.
- Kirkjumálasjóður styrkti Sæludaga og nýbygginguna.
- Lýsi hf. tók þátt í kostnaði vegna gjafa til þátttakenda sumarstarfsins.
- Félagsmálaráðuneytið (nú Velferðarráðuneytið), í samvinnu við Reykjavíkurborg, styrkti Gauraflokk.
- Forvarnarsjóður styrkti Sæludaga.
- Norvík (Byko) styrkti Gauraflokk.
- Einstaklingar hafa styrkt Skálasjóð með einstökum framlögum og sumir hafa einnig gefið mánaðarlega í hann.
- Æskulýðssjóður styrkti leiðtogaskóla að sumri sem haldinn var í samvinnu við KFUM og KFUK.
- Skeljungur styrkti Gauraflokk.

Þakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins, 20. nóvember var starfsfólki ársins boðið í þakkargjörðarhátíð í Vatnaskógi þar sem þeim var þakkað fyrir sitt góða framlag til Vatnaskógar.

Lokaorð

Starfið í Vatnaskógi gekk mjög vel árið 2011 og geta bæði starfsmenn, dvalargestir og velunnarar starfsins glaðst yfir því góða starfi sem unnið er þar. Þó er ljóst að þungt ár er að baki í rekstri Vatnaskógar en minni þátttaka var bæði í sumar- og vetrarstarfi.



Allir eiga kost á að skemmta sér í fjölbreyttu og gjöfulu umhverfi Vatnaskógar, bæði að sumri og vetri.

Starfsemi Skógarmanna í Vatnaskógi er mikil og nær yfir allan ársins hring, fjöldi þátttakenda, starfsmanna, sjálfbóðaliða og fyrirbiðjenda er mikill og starfið gengur vel. Starfið er vel grundvallað og aðalmarkmiðið skýrt.

Skógarmenn KFUM hafa á undanförunum árum þurft að kljást við breytt landslag í efnahagsmálum eins og flestir hér á landi. Síðastliðið ár kom þungt niður á rekstrinum þegar færri tóku þátt í starfi Skógarmanna KFUM heldur en árið áður. Mikilvægt er að horft sé til lengri tíma og gerð ítarleg fjárhagsáætlun um hvernig er hægt að vinna á auknum skuldahalla. Margt hefur áunnist undanfarin ár í greiningu á rekstri til þess að hægt sé að nýta Vatnaskóg enn betur. Slík vinna er þó ekki sjálfsögð og sem fyrr búa Skógarmenn KFUM vel að því að eiga að góða einstaklinga sem hafa lagt mikla vinnu í þessi mál. Sérstaklega ber að þakka ítarlegar upplýsingar frá fjármálastjóra KFUM og KFUK sem gefa glögga mynd af því sem vel fer og því sem betur má fara. Þó má ekki gleyma ýmsum jákvæðum merkjum í rekstrinum og má benda sérstaklega á aukinn hlut fjáröflunar vegna ýmissa viðburða sem haldnir hafa verið á vegum Skógarmanna KFUM.

Ljóst er að nú stendur yfir mjög mikil uppbygging í Vatnaskógi. Það er gleðilegt að finna fyrir miklum stuðningi og hlýhug til starfsins víða frá. Allir þeir frábæru starfsmenn, sjálfbóðaliðar og velunnarar Vatnaskógar sem koma að starfinu eru einnig mikið þakkarefni. Þökkum Guði fyrir blessun hans og varðveislu Vatnaskógar og starfsins þar.

Stjórn Skógarmanna þakkar öllum velunnurum staðarins stuðninginn á starfsárinu með von um áframhald þar á. Megi Drottinn blessa Vatnaskóg, starfsmenn og þátttakendur í starfinu þar á komandi tíð.

Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri

Magnús Viðar Skúlason, ritari stjórnar Skógarmanna



Vindáshlíð

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn 15. mars 2011.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Helga Rut Guðmundsdóttir, formaður.
 Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varaformaður.
 Ingibjörg Sigurðardóttir, gjaldkeri.
 Steinunn Jónsdóttir, varagjaldkeri.
 Guðrún Nína Petersen, ritari.
 Rúna Þráinsdóttir, vararitari.
 Jessica Andrésdóttir, meðstjórnandi/kynningarfulltrúi.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Ásta Þorbjörnsdóttir og
 Sigríður Schram.

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 15.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Almenn stjórnun sumarþúðastarfsins, endurskipulag herbergjaskipunar starfsfólks, gríjun skógar, skógrækt og nýting landsvæðis Vindáshlíðar, undirbúningur skólabúða auk margra minni verkefna.

Starfsmenn:

Hólmfríður Petersen, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar.

Framkvæmdir

Haldið var áfram með gríjun skógar með sérstöku tilliti til nýtingar svæða til samveru og leikja. Ruddur var stígur í skóginum fyrir neðan veg allt frá húsi niður að Einbúa. Rætur voru hreinsaðar úr rjóðrum. Myrkvatjöld voru sett upp í matsal og foringjaherbergi. Steypt var í tröppur við inngang, skipt um gler í íþróttahúsi. Skipt var um varahluti í rafmagnskút í íþróttahúsi. Skipt var um les- og loftljós í mörgum herbergjum, og þar af var eitt herbergi algjörlega endurnýjað. Útljós lagfærð og nettenging var löguð. Í nokkrum herbergjum var skipt um hurðarhúna og stormjárn og bilaðar hurðir og hurðarkarmar lagaðir. Útbúnir voru ramar með upplýsingum um flóttaleiðir við hvert herbergi. Leiktæki voru uppfærð,



Líkt og í öllum sumarþúðum KFUM og KFUK er útivist ríkur þáttur í starfi Vindáshlíðar. Reyndir starfsmenn leiða útivistina og aðstoða börnin eftir þörfum.

m.a. var grafið undan aparólunni og hún lagfærð. Körfuboltaspijald og fótboltaspil í íþróttahúsi var endurnýjað ásamt ýmsum smærri verkum. Hliðarbilnum var fargað á árinu.

Starfsemi starfsstöðvar

Sumarstarf:

Flokkur	Tímabil	Kyn	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	9.-15. júní	KVK	9-11	7	84	
2.	16.-22. júní	KVK	10-12	7	65	
3.	23.-29. júní	KVK	11-13	7	82	Ævintýraflokkur
4.	30. júní-6. júlí	KVK	12-14	7	86	Ævintýraflokkur
5.	7.-13. júlí	KVK	10-12	7	37	
6.	14.-20. júlí	KVK	11-13	7	78	Ævintýraflokkur
7.	21.-27. júlí	KVK	9-11	7	64	
8.	2.-8. ágúst	KVK	11-13	7	48	Ævintýraflokkur
9.	9.-15. ágúst	KVK	10-12	7	43	
10.	16.-19. ágúst	KVK	14-17	4	16	Óvissuflokkur
11.	26.-28. ágúst	KVK	18-99	3	60	Kvennaflokkur
12.	30. sept.-2. okt.	KVK	6-99	3	77	Mæðgnaflokkur
13.	13.-14. okt.	KVK	0-99	1	23	Ungbarnaflokkur

Samtals: 763

Í dvalarflokkum sumarsins er daglega boðið upp á gönguferðir og nánasta umhverfi Vindáshlíðar skoðað. Í hverjum flokki er keppt í brennó og í lokin stendur eitt herbergi eftir sem brennómeistarar. Einnig er keppt í öðrum íþróttum og leikjum. Margvísleg leiktæki eru í Vindáshlíð sem stúlkurnar sækja í og vinsælt er að útbúa svokölluð vinabönd. Herbergin skiptast samkvæmt hefðum á að sjá um kvöldvökur. Er þá jafnan glatt á hjalla. Mikið er sungið í Vindáshlíð, bæði á kvöldvökum og á öðrum skipulögðum stundum. Auk þess er sunginn fánasöngur, borðsöngur fyrir máltíðir og kvöldsöngur fyrir svefninn.

Á sunnudögum er guðsþjónusta í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð og taka allar stúlkur þátt í undirbúningi hennar með ýmsum hætti. Tvisvar á dag er biblíulestur og fræðsla úr Biblíunni. Hver starfsmaður hefur umsjón með einu herbergi og kallast bænakona þess herbergis. Hver bænakona ber ábyrgð á sínu herbergi og er upplagt að fylgjast sérstaklega vel með stúlkunum í því herbergi.



Hugmyndaflug hæfileikaríkra foringja fær að blómstra í sumarþúðunum. Myndin er tekin á góðri stundu í fallegu umhverfi Vindáshlíðar.

Ævintýraflokkar, sem fela í sér meira magn óvæntra upphákoma og frávík frá hefðbundinni dagskrá heldur en aðrir flokkar, voru fjórir yfir sumarið 2011. Ævintýraflokkar hafa verið mjög vinsælir. Það var einn óvissuflokkur fyrir eldri unglinga.

Starfsfólk sumarsins

Forstöðukonur sumarsins voru: Auður Pálsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Guðrún Jóna Práinsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Ingunn Huld Sævarsdóttir, Jessica Andrésdóttir, Nanna Björk Rúnarsdóttir og Soffía Magnúsdóttir, Ráðskonur sumarsins voru: Anna Elísa Gunnarsdóttir, Arna Auðunsdóttir og Berglind Ósk Einarsdóttir.

Foringjar sumarsins voru: Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Anna Elísa Gunnarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Ágústa Björnsdóttir, Ágústa Ebba Hjartardóttir, Ásgerður Birna Halldórsdóttir, Ásgerður Alma Ómarsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Berglind Björk Skaftadóttir, Bryndís María Kristjánsdóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Helga Sif Helgadóttir, Hildur Björg Gunnarsdóttir, Hildur Kjartansdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Kristín Rut Ragnarsdóttir, Kristín Sigurvinsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Nanna Björk Rúnarsdóttir, Pálína Axelsdóttir, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, Sandra Birna Ragnarsdóttir, Thelma Lind Waage og Þorgerður G. Garðarsdóttir.

Ýmsir viðburðir í starfi Vindáshlíðar

Vinnuflokkar: Haldnir voru tveir vinnuflokkar í maí þar sem unnið var að því að gera Vindáshlíð tilbúna fyrir sumarstarfið. Hópur frá Auði Capital mætti í sinn hvorn flokkinn og vann við skógggrisjun í framhaldi af þeirri vinnu sem hófst árið 2010.

Kaffisala var haldin við upphaf sumarstarfs 5. júní 2011. Hún var að venju haldin í Vindáshlíð og var boðið upp á nýbakað bakkelsi. Sr. Hildur Sigurðardóttir messaði í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð. Boðið var upp á hoppukastala og andlitsmálningu fyrir börnin.

Kvennaflokkur var haldinn 26.-28. ágúst 2011. Yfirskrift helgarinnar var „Krydd í tilveruna“. Um 60 konur á öllum aldri tóku þátt í flokknum. Kristín Sveinsdóttir stjórnaði dagskránni, Helga Rut Guðmundsdóttir og Rúna Práinsdóttir sáu um tónlistina og matráður var Berglind Ósk Einarsdóttir. Boðið var upp á salsakennslu á föstudagskvöldinu og kvöldstund í kirkjunni. Á laugardagsmorgninum sagði Betsy Halldórsson frá ferð sinni til Afríku og Sigríður Hrönn Sigurðardóttir fjallaði um bók sína Imma á

Hernum. Að loknum veislukvöldverði var kvöldvaka þar sem Hlíðarmeyjar fóru á kostum og svo söng Björg Þórhallsdóttir söngkona nokkur lög. Eftir kvöldkaffi voru hugleiðingar þriggja kvenna. Á sunnudeginum messaði sr. Sigrún Óskarsdóttir í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð.

Mæðgnaflokkur var haldinn 30. september-2. október.

Á föstudagskvöldinu var kvöldvaka með hópleikjum en á laugardagskvöldinu hefbundin Hlíðarkvöldvaka með leikjum og leikritum. Signý Gyða Pétursdóttir, leikskólakennari og B.A. í guðfræði, hélt fyrirlesturinn „Lifðu lífinu lifandi“ á laugardagsmorgni fyrir eldri kynslóðina, hugleiðing var á laugardagskvöldinu og á sunnudeginum var kirkjustund í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð áður en haldið var heim. Lögð var áhersla á samverustundir mæðgna svo og að yngri og eldri kynslóðir fengju stundir út af fyrir sig. Ásamt því að verja tíma með öðrum mæðrum og dætrum fengu mæðgur tækifæri til að vinna og leika saman og skapa minningar án þess að hafa áhyggjur af því hvað átti að vera í matinn eða hver ætti að ganga frá eftir matartímann. Stjórnandi flokksins var Nanna Björk Rúnarsdóttir en Arna Auðunsdóttir meðstjórnandi. Rúna Práinsdóttir og Helga Rut Guðmundsdóttir sáu um tónlist og matráður var Berglind Ósk Einarsdóttir.

Ungbarnaflokkur var í fyrsta sinn haldinn í Vindáshlíð, 13.-14.

október 2011. Flokkurinn var miðaður við mæður með ung börn að tveggja ára aldri. Gist var eina nótt. Boðið var upp á að stimpla hendur og fætur ungabarna á striga, hugleiðingu fyrir mæður, ungbarnaudd, nudd fyrir mæður og Tónagull sem er rannsóknargrunnað tónlistaruppeldi frá fæðingu. Flokkurinn heppnaðist mjög vel.

23 mæðgur/mæðgin tóku þátt og voru mæðurnar mjög ánægðar með dvölinu. Stjórn flokksins var í höndum Hjördísar Rósar Jónsdóttur og Tinnu Rósar Steinsdóttur.

AD fundur KFUK: Fyrsti aðaleldisfundur KFUK að hausti var haldinn að venju í Vindáshlíð fyrsta þriðjudaginn í október. Halla Gunnarsdóttir stjórnaði og sá um upphafsorð og bæn. Helga Rut Guðmundsdóttir og Rúna Práinsdóttir sáu um undirleik. Laufey G. Geirlausdóttir söng. Sigurbjörg Þórgrímsdóttir djáknakandidat kynnti kristna íhugun sem kallast „centering prayer“.

Fjáröflunartónleikar: Þann 25. október var efnt til fjáröflunartónleika fyrir Vindáshlíð. Kaffiveitingar voru seldar á staðnum og einnig var happdrætti. Fram komu Karlaðór KFUM og KFUK, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Rósin okkar, Hafðís Huld, Fabula og Lay Low. Húsfylli var á Holtaveginum og voru allir sammála um að þetta hefðu verið mjög vel heppnaðir tónleikar.

Jólatréssala var 10. desember þar sem fólk var boðið að koma og fella sitt eigið jólatré. Boðið var upp á kaffi, súkkulaði og bakkelsi. Mikill snjór var í Hlíðinni og voru gestir á fólksbílum sóttir niður á veg. Mikil jólastemning var á svæðinu.

Árshátíð Vindáshlíðar var haldin laugardaginn 4. febrúar á Holtavegi. 106 stúlkur mættu og var árshátíðin með hefðbundnu sniði, skemmtiatriði í boði foringja og aðstoðarforingja sumarsins, söngur og hugvekja. Í hléi var boðið upp á gos og súkkulaði.

Gjafir og styrkir

Auður Capital og Landsvirkjun styrktu Vindáshlíð með vinnuframlagi. Styrkur Auðar fólst í *Dagsverki Auðar 2010*. Einn hópur kom í vinnu haustið 2010 og tveir hópar vorið 2011. Starfsmenn Auðar komu



Í hverjum dvalarflokki í Vindáshlíð geta 80 stúlkur á aldrinum 9-15 ára dvalið. Margar skemmtilegar hefðir fylgja staðnum, og glatt er á hjalla á skemmtilegum samverustundum sem einkenna sumarstarfið.

tvær helgar í maí en Landsvirkjun sendi 6 manna hóp nemenda á framhaldsskólastigi í viku, seinni part sumars. Árangurinn af þessari vinnu var opnun svæða og stígur í skóginum og voru þessi svæði tekin í notkun um sumarið.

Maráðonhlaupari styrkti Vindáshlíð með áheitum sem söfnuðust í Reykjavíkummaráðon. Byko styrkti Vindáshlíð með láni á tromlu fyrir jólatréssölu. Baðhúsið gaf öllum konum í kvennaflokki aðgangskort í eina viku í leikfimi og L'Occitane snyrtivöruverslunin gaf öllum gjafapoka með snyrtivörum. Garðheimar styrktu Vindáshlíð með notkun á trjáklara, en eftir er að nota þann styrk.

Starfsmenn Vindáshlíðar létu útbúa á sig hettupeysur með merki „Bleika fílsins“, sem er starfsmannafélag Vindáshlíðar. Nafn Vindáshlíðar kemur fram á peysunni og styrkti Vindáshlíð starfsmenn um 1000 krónur á peysu, eða alls 27.000 krónur.

Útgáfa

Söngbók Vindáshlíðar var prentuð í 1000 eintökum. Útbúið var námsefni og leiðbeiningarbæklingur fyrir Lífsleiknibúðir í Vindáshlíð. Heimasíðan: lífsleiknibudir.is var stofnuð. Útbúið var auglýsingamyndband um Vindáshlíð.

Sjálfboðaliðar

Tólf aðstoðarforingjar tóku þátt í almennu samarbúðastarfi.

Aðstoðarforingjar dvelja í Vindáshlíð einn flokk og taka þátt í öllu almennu starfi.

Aðstoðarforingjar sumarið 2011 voru: Alexandra Líf Ívársdóttir, Birta Dögg Skaftadóttir, Guðfinna Eiríksdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Halldóra Arnar, Hildur Alexandersdóttir, Jóhanna Skúladóttir, Karítas Pálsdóttir, Rebekka Waage, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, Stefanía Lilja Arnardóttir, Stella Rut Guðmundsdóttir, Unnur Bjarnadóttir og Þórhildur Einarsdóttir.



Ölver

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Ölvers var haldinn 23. mars 2011.

Stjórn Ölvers á starfsárinu skipuðu:

Anna Guðný Hallgrímsdóttir, formaður
 Erla Björg Káradóttir, varamaður
 Guðni Már Harðarson, gjaldkeri
 Hafsteinn Kjartansson, varamaður
 Hjördís Rós Jónsdóttir, ritari
 Kristján Sigurðsson, meðstjórnandi
 Þóra Jenny Benónýsdóttir, meðstjórnandi.

Skoðunarmaður reikninga var:

Bendt Harðarson.

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var: 8.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Hlutverk stjórnarinnar var að halda utan um sumarbúðarreksturinn, skipuleggja sumarstarfið, ráða starfsfólk og sinna viðhaldi á staðnum. Stjórnin hélt einnig átta stjórnarfundi á starfsárinu auk þess að taka þátt í samráðsþingi KFUM og KFUK á Íslandi. Þá bauð stjórnin starfsfólki sumarsins í þakarkvöldmat til að þakka þeim fyrir vinnu sína og til að eiga saman góða stund.

Starfsmenn:

Forstöðukonur: Erla Björg Káradóttir, Jóhanna Sesselja Erludóttir, Margrét Rós Harðardóttir, Petra Eiríksdóttir, Sólveig Reynisdóttir, Þóra Jenny Benónýsdóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir.

Ráðskonur: Bryndís Erla Eggertsdóttir, Hildur Kjartansdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Katrín Garðarsdóttir og Súsanna Steinþórsdóttir.

Aðrir starfsmenn: Agnes Porkelsdóttir, Alla Rún Rúnarsdóttir, Alma Guðný Árnadóttir, Dagný Halla Tómasdóttir, Daria Rudkova, Geirlaug B. Geirlaugsdóttir, Hafdís María Matsdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Matthias Wörle, Perla Ósk Hjartardóttir, Snædís Snorradóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir.

Framkvæmdir

Framkvæmdir í Ölveri voru hefðbundnar þetta starfsárið. Húsið var allt málað að utan, auk þess sem þó nokkur málningarvinna átti sér stað innanhúss. Þá var almennu viðhaldi sinnt og brunavarnir yfirfarnar. Einnig var skipt um girðingarstaura austan megin á landareigninni. Vegna vatnsskemmda í Fróni, sumarbústað Ölvers, þurfti að skipta út gólfi þar. Þak og gler á sumarbústað var einnig endurnýjað að hluta.

Starfsemi starfsstöðvar

Sumarstarf:

Flokkur	Tímabil	Kyn	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	7.-13. júní	KVK	10-12	7	30	
2.	14.-19. júní	KVK	8-11	6	46	
3.	20.-26. júní	KVK	10-12	7	50	Ævintýraflokkur
4.	27. júní -3. júlí	KVK	9-11	7	32	
5.	4.-10. júlí	KVK	10-12	7	47	Ævintýraflokkur
6.	11.-15. júlí	KVK	8-11	5	47	
7.	18.-24. júlí	KVK	10-13	7	36	Ævintýraflokkur
8.	25.-28. júlí	KVK	6-9	4	33	Krifaflakur
9.	Unglingafl. – felldur niður					
10.	9.-12. ágúst	KVK	9-12	4	40	Listaflokkur
11.	9.-11. sept	Bæði	6-99	3	42	Mæðgna- og mæðginaflokkur
						Samtals: 403

Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers:

Vinnuflokkar

Nokkrir vinnuflokkar voru haldnir í Ölveri þetta starfsárið en flestir þeirra voru síðastliðið vor. Frábærir sjálfboðaliðar mættu á staðinn og tóku þátt í viðgerðum á staðnum og undirbúningi fyrir sumarstarfið.

Kaffisala

Kaffisala Ölvers var haldin 21. ágúst 2011 í Ölveri. Þátttakan í ár fór fram úr björtustu vonum. Yfirumsjón með kaffisölunni í ár höfðu þær Súsanna Steinþórsdóttir og Kristín Halldórsdóttir en þær fengu úrvalsfólk til liðs við sig.

Mæðgna- og mæðginahelgi

Mæðgna- og mæðginahelgi Ölvers var haldin helgina 9.-11. september 2011. Helgin gekk mjög vel fyrir sig. Umsjón helgarinnar var í höndum Erlu Bjargar Káradóttur, Hjördísar Rósar Jónsdóttur og Unnar Rúnar Sveinsdóttur. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir var með erindi. Þátttakendur um helgina voru 42.



Í öllu starfi KFUM og KFUK á Íslandi er lögð áhersla á bænalið og bænakenndu.



Sungið á kvöldvöku í Ölveri. Söngur og samkennd eru mikilsverðir þættir í starfi KFUM og KFUK.

Pakkarkvöldmatur starfsfólks

Þann 13. september 2011 var öllu starfsfólki sumarsins boðið í kvöldmat. Mjög gott tækifæri gafst til að ræða um sumarið, hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur. Um leið fékk stjórnin tækifæri til að þakka hæfileikaríku starfsfólki sumarsins fyrir vel unnin störf.

Bingó!

Hið árlega Sveinusjóðsbingó var haldið laugardaginn 8. október 2011. Guðni Már Harðarson og Kjartan Ólafsson Víðó sáu um skipulagningu viðburðarins. Öllum þátttakendum sumarsins var boðið á bingóið og margir nýttu tækifærið og freistuðu gæfunnar. Aðalvinningurinn var vikudvöl í Ölveri. Allur ágóði bingósins rann í Sveinusjóð.

Fjáröflun

Velunnarar Ölvers hafa safnast saman og tekið þátt í virkri fjáröflun fyrir sumarþúðinnar. Meðal þess sem hefur verið á dagskrá þetta starfsárið eru sala á lakkrís og smákökum auk þess sem 22 hlaupagarpar hlupu fyrir hönd Ölvers í Reykjavíkummaraboninu þetta árið. Stjórn Ölvers langar til að koma á framfæri þakklæti fyrir alla þá vinnu sem sjálfboðaliðar þessir hafa lagt á sig.

Gjafir og styrkir

Ölver hefur fengið styrk frá Akranesbæ síðastliðin ár. Sá styrkur hefur ekki borist í ár en vilyrði hefur fengist frá bæjarfélaginu fyrir styrk að upphæð 65.000 kr. Ölveri bærust einnig tvær nafnlausar gjafir á árinu.

Sjálfboðaliðar

Fjölmarginir sjálfboðaliðar tóku þátt í starfi sumarþúðanna þetta starfsár, aðallega við þríf og viðhald á staðnum. Að auki störfuðu matvinnungar sem sjálfboðaliðar í flokkum sumarsins. Hlutverk þeirra var að aðstoða foringjana, en um leið er þetta aðferð til að þjálfar upp framtíðarstarfsmenn. Sjálfboðaliðar tóku einnig þátt í fjáröflun fyrir sumarþúðinnar eins og fram hefur komið. Stjórn Ölvers þakkar þessum frábæru sjálfboðaliðum fyrir þeirra störf.

Fyrir hönd stjórnar Ölvers,
Hjördís Rós Jónsdóttir



Hólavatn

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatsns var haldinn 17. mars 2011.

Stjórn Hólavatsns á starfsárinu skipuðu:

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, formaður
 Arnar Yngvason, gjaldkeri
 Jóhann Þorsteinsson, ritari
 Hreinn Andrés Hreinsson, meðstjórnandi
 Þórður Daníelsson, meðstjórnandi
 Anna Ingólfssdóttir, varamaður
 Brynhildur Bjarnadóttir, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Davíð Ingi Guðmundsson
 Hanna Pórey Guðmundsdóttir.

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 5 en þar sem framkvæmdir hafa verið miklar hefur stjórnin eða hluti hennar margsinnis rætt málin og tekið ákvarðanir utan funda á starfsárinu og hefur tölvupóstur líka verið notaður mikið í þeim efnum.

Þá hefur bygginganefnd fundað reglulega á starfsárinu en í henni sitja:

Guðmundur Ómar Guðmundsson, formaður
 Arnar Yngvason
 Davíð Ingi Guðmundsson
 Jóhann Þorsteinsson og
 Þórður Daníelsson.

Framkvæmdir

Framkvæmdum við nýbyggingu á Hólavatni var haldið áfram á starfsárinu. Á vormánuðum 2011 voru tvö herbergi á neðri hæð kláruð til bráðabirgða svo starfsfólk sumarsins gæti gist í þeim herbergjum. Þegar tók að hausta var haldið áfram og fóru sjálfbóðaliðar tvær til þrjár vinnuferðir í mánuði á haustmisseri og það sem af er árinu 2012 hefur einungis einn laugardagur fallið niður en annars hafa alltaf farið sjálfbóðaliðar á laugardögum til að halda verkinu áfram undir dyggri stjórn Guðmundar Ómars Guðmundssonar, formanns bygginganefndar, byggingastjóra og því yfirverkstjóra á staðnum. Þegar þetta er skrifað í byrjun marsmánaðar er nokkuð langt í land og framundan er strangur og erfiður tími fyrir fáar hendur. Það er alltaf gleðiefni þegar nýliðar



Hólavatr er á fallegum stað í Eyjafirði. Yfir sumartímann geta allt að 34 börn dvalið þar í viku hverri. Á starfsárinu hefur verið unnið ötullega að nýbyggingu staðarins, sem verður vígð formlega í ágúst 2012.

bætast í hópinn og eflaust eru það yfir 50 manns sem hafa komið í eina vinnuferð eða fleiri en kjarninn er alltaf sá sami, bygginganefndin og stjórn. Eðli máls samkvæmt hafa aðrar framkvæmdir verið í lágmarki.

Starfsemi starfsstöðvar

Sumarstarf:

Flokkur	Tímabil	Kyn	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	2.-4. júní	Bæði	7-8	3	23	Frumkvöðlaflokkur
2.	6.-10. júní	KVK	8-11	5	30	
3.	13.-17. júní	KVK	11-13	5	21	
4.	20.-24. júní	KK	8-11	5	30	
5.	27. júní-1. júlí	KVK	8-11	5	29	
6.	4.-8. júlí	KVK	11-14	5	16	Ævintýraflokkur
7.	11.-15. júlí	KK	11-14	5	10	Ævintýraflokkur
Samtals: 159						

Starfsfólk sumarið 2011

Forstaða: Jóhann Þorsteinsson, Jóna Salmína Ingimarsdóttir, Salvar Geir Guðgeirsson, Sólveig Reynisdóttir og Þóra Jenny Benónýsdóttir.

Ráðskonur: Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Hildur Kjartansdóttir og Arndís Jóna Vigfúsdóttir.

Foringjar: Helga Frímann Kristjánsdóttir, Hreinn Pálsson, Pétur Ragnhildarson, Daria Rudkova, Alla Rún Rúnarsdóttir, Arnar Ragnarsson og Páll Ágúst Ólafsson.

Matvinnungar: Dagur Harðarson og Magni Harðarson.

Yfirlit starfs

Skráning fór vel af stað og fleiri börn voru skráð en árið á undan og verður það að teljast mikið ánægjuefni. Fullbókað var í nokkra flokka og þar voru jafnframt nokkur börn á biðlistum sem ekki komust að og þykir okkur alltaf miður að vita af börnum sem vilja koma á Hólavatr en geta það ekki. Júní var kaldur og fátt sem minnti á sumar en börnin kvörtuðu ekki og klæddu af sér kuldann og voru dugleg að leika sér. Það er þakkarefni hve vel hefur gengið undanfarin ár að fá starfsfólk og margir af foringjunum og forstöðufólki hafa verið nokkur sumur í röð. Þetta gefur staðnum aukið jafnvægi og hefðirnar verða ríkari og börnin finna sig betur heima þegar allt og allir eru á sínum stað.



Á Hólavatni er vatnið sjálft uppspretta leikja, fjörs og gleði hjá þeim sem dveljast í sumarbúðunum.

Ýmsir viðburðir í starfi Hólavatns:

Árleg kaffisala Hólavatns fór fram sunnudaginn 14. ágúst í ágætu veðri og var aðsókn mjög góð. Mikill áhugi var fyrir því að skoða nýbygginguna og að sjálfsögðu var líka mikið um bátsferðir og útileiki hjá yngri kynslóðinni. Það er trúfastur hópur sjálfbóðaliða sem á hverju ári bakar fyrir kaffisölu og mætir svo á staðinn og borgar fyrir brauðið. Þá hefur það færst í vöxt á síðustu árum að börnin sem dvelja á Hólavatni á sumrin koma með foreldrum og systkinum á kaffisölu.

Útleiga

Á haustmánuðum var að venju nokkuð um útleigu en Verkmenntaskólinn á Akureyri fór í tvær dagsferðir með stóra hópa nýnema og nýtti sér aðstöðuna í byrjun september, fór á báta, grillaði og leysti ýmis verkefni sem kennarar skólans hafa útbúið.

Þá var það einkar ánægjulegt að skálaferðir nýnema við Menntaskólann á Akureyri komust aftur í fastar skorður. Nú er svo komið að foreldrafélagið við Menntaskólann hefur tekið að sér skipulag og framkvæmd og því dvöldu níu hópar í sólarhring á Hólavatni í október og nóvember og er það ánægjulegt að nýta megi staðinn með þessum hætti.

Gjafir og styrkir

Á vormánuðum 2011 hófst átakswerkefni í fjáröflun sem fékk nafnið *Byggjum upp Hólavatr* og var þar um að ræða áheitasöfnun þar sem fólk var boðið að leggja fram ákveðna upphæð í áheiti fyrir hvert það barn sem myndi dvelja við Hólavatr um sumarið. Ríflega 60 einstaklingar og hjón tóku þátt í söfnuninni og voru lögð fram áheiti að upphæð 3.142 kr. og fjöldi barna sumarið 2011 var 159 og því safnaðist um hálf milljón króna í nýbyggingarsjóð með þessum hætti. Vegna fjölda áskorana hefur þessi söfnun nú verið endurtekin fyrir sumarið 2012 og þegar þessi skýrsla er skrifuð eru komnar rúmlega 1.500 kr. í áheiti á hvert barn.

Stærstu framlög til nýbyggingar á árinu 2011 komu frá Akureyrarbæ, ríkissjóði og KFUM og KFUK á Akureyri en hvert þessara framlaga var að upphæð tveimur milljónum króna. Akureyrarbær hefur því alls lagt fjórar milljónir króna til verkefnisins, KFUM og KFUK á Akureyri leggur verkefninu til fimm milljónir á fjórum árum en um er að ræða hluta af arfi sem KFUM og KFUK á Akureyri fékk árið 2003 og samþykkt var á aðalfundi félagsins 2008 að verja þessum hluta til uppbyggingar starfsins

á Hólavatni. Framlag ríkissjóðs var samþykkt á fjárlögum fyrir árið 2011 og gaf það Hólvétningum góðar vonir um að ríkissjóður myndi styrkja verkefnið áfram en ekkert varð af áframhaldandi stuðningi fyrir árið 2012 og þykir það okkur sárt að svo mikilvægt verkefni sem þetta skuli ekki hljóta náð fyrir augum fjárveitingarvaldsins.

Auk þess sem að framan er talið fékk Hólavatn hálfa milljón í styrk frá Útgerðarfélaginu Samherja á Akureyri og veittu Jóhann og Anna Elísa styrknum í móttöku í Flugsafni Íslands á milli jóla og nýárs. Nokkrir aðrir styrkir hafa borist og er það þakkarvert hve margir hafa komið að því að styðja við uppbyggingu staðarins.

Sjálfboðaliðar

Fjöldmargir sjálfboðaliðar koma að starfi Hólavatns á hverju starfsári og þó að það sé ekki venja að telja þá alla upp, líklega af ótta við að einhver gleymist í upptalningunni, þá er kannski tímabært að gera þeim skil hér að þessu sinni til þess að lesendur átti sig á þeim fjársjóði sem Hólavatn nýtur í kröftum þessa fólks. Í þessari upptalningu eru þeir ekki upptaldir sem hafa gefið fé til Hólavatns á árinu heldur einungis þeir sem hafa lagt fram vinnuframlag, t.d. með bakstri fyrir kaffisölu, með vinnuferðum eða annars konar verkefnum. Beðist er velvirðingar á því að hugsanlegt er að einhver gleymist í upptalningunni, enda eru margar hendur að störfum.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Anna Ingólfssdóttir, Arna Axelsdóttir, Arnar Scheving, Arnar Yngvason, Aron Birkir Stefánsson, Bjarni Guðleifsson, Benedikt Benediktsson, Brynhildur Bjarnadóttir, Dagur Harðarson, Davíð Ingi Guðmundsson, Greta Benjamínsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson, Guðmundur Rúnar Guðmundsson, Guðrún Rut Guðmundsdóttir, Hanna Björk Bragadóttir, Hafdís Ingimarsdóttir, Hafþór Helgason, Halldór Brynjarsson, Hanna Þórey Guðmundsdóttir, Helga Frimann Kristjánsdóttir, Helgi Haraldsson, Herdis Helgadóttir, Hreinn Andrés Hreinsson, Hörður Óskarsson, Katrín Harðardóttir, Kristjana Svavarsdóttir, Kristján Helgason, Linda Líf Harðardóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jóhann Hjaltdal Þorsteinsson, Jóhann Þór Sigurvinsson, Magni Harðarson, Pálína Jóhannesdóttir, Pétur Ragnhildarson, Radek Dudziak, Samúel Örn Pétursson, Sandra Rebekka Dudziak, Sigurjón Bergur Kristinsson, Snjólaug Jónsdóttir, Snjólaug Ósk Aðalsteinsdóttir, Stella Sverrisdóttir, Sverrir Pálmason, Tinna Hlín Ásgeirsdóttir, Tryggvi Haraldsson, Þorsteinn Pétursson, Þóra Ester Bragadóttir, Þórður Daníelsson og eflaust fleiri.

Lokaorð

Við í stjórn Hólavatns erum öll þakklát og stolt af því að fá að standa í framvarðasveit Hólvétninga. Við sjáum í hyllingum ávexti af uppbyggingarstarfi og streði síðustu ára því nú í sumar munum við taka í notkun nýja byggingu sem leysa mun af hólmi eldri svefnaðstöðu barna og starfsmanna og gjörbylta allri aðstöðu við Hólavatn. Engu að síður er



Í starfi KFUM og KFUK er lögð áhersla á að þroska bæði líkama og sál. Holl hreyfing er stór hluti sumarstarfsins og tilvalin í fallegu umhverfi sumarbúðanna.

það von okkar að staðurinn muni áfram halda sínum sjarma og vera litlu og notalegu sumarbúðirnar þar sem ævintýraheimurinn vaknar til lífs á hverju sumri. Við erum svo þakklát öllum þeim sem hvetja okkur áfram, leggja okkur lið og deila með okkur brennandi áhuga fyrir uppbyggingu Hólavatns. Guð gefi okkur krafta og kærleika til að starfa áfram og leiði okkur í hverri ákvörðun. Honum einum er Hólavatn helgað og það er ósk okkar að félagsfólk og vinir Hólavatns geti samglaðst okkur og tekið þátt í kaffisölu og vígsluhátíð nýrrar byggingar sem fram fer sunnudaginn 19. ágúst 2012. Þangað eru allir velkomnir.

Akureyri í mars 2012,
Jóhann Þorsteinsson, ritari.



Kaldársel

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012

Starfsemi Kaldársels á starfsárinu var hefðbundin, skiptist annars vegar í rekstur sumarbúða fyrir part sumars fyrir stúlkur og pílta á aldrinum 6-13 ára og hins vegar útleigu húsnæðis á öðrum tíma til einstaklinga, félagasamtaka og annarra hópa.

Flokkastarfið í Kaldárseli gekk vel síðastliðið sumar, þar sem öflugt og reynslumikið starfsfólk leiddi starfið. Skráningar reyndust þó aðeins færri en starfsárið á undan. Flokkurinn „Stelpur í stuði“ fyrir stúlkur með ADHD greiningu og skyldar raskanir var haldinn í annað sinn og virðist vera að festa sig í sessi í starfi Kaldársels. Almenn ánægja var með flokkinn og stefnt er að því að hann verði haldinn aftur á komandi sumri.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Kaldársels 2011 var haldinn að Holtavegi 28 þann 14. mars.

Kjörin var stjórn og skipti hún svo með sér verkum.

Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, formaður
Jón Grétar Þórsson, gjaldkeri
Ómar Þorvaldur Kristinsson, ritari
Björn Þór Baldursson, verkefnisstjóri

Þór Bínó Friðriksson, meðstjórnandi.

Varamenn:

Jón Guðbergsson,
Sigursteinn J. Gunnarsson.

Skoðunarmenn reikninga:

Elín Elíasdóttir og Guðmundur Jóhannsson.

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir.

Starfsfólk

Starfsmannastjóri: Sólrún Ásta Steinsdóttir.

Matráðar og starfsfólk eldhúss: Eva Magnúsdóttir, Tinna Magnúsdóttir, Sigursteinn J. Gunnarsson og Auður Ákadóttir.

Forstöðufólk: Arnar Ragnarsson, Arnór Heiðarsson og Tinna Rós Steinsdóttir



Í Kaldárseli er boðið upp á hressandi og skemmtilega útiveru í ýmiss konar mynd. Farið er í hellaferðir og göngur. Í sérstökum ævintýraflokkum fyrir eldri börn er gíst í eina nótt undir berum himni.



Bibliufræðsla er rauður þráður gegnum dagskrá allra sumarbúða KFUM og KFUK, en börnin leysa gjarnan verkefni og taka þátt í leikjum í tengslum við hana. Meginmarkmið félagsins er að trú á Jesú Kristi vaxi og dafni hjá þátttakendum í starfinu.

Foringjar: Ebba Katrín Finnsdóttir, Kristín Steinunn Helga Þórarinsdóttir, Kristín Sverrisdóttir, Linda Birgisdóttir, Markús Bjarnason, Ólafur Jón Magnússon, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Rakel Björg Kristjónsdóttir og Sigurður Jón Sveinsson.

Stelpur í stuði: Hrunð Þrándardóttir sálfræðingur (umsjón), Alda Árnadóttir þroskaþjálfari og Erla Margrét Hermannsdóttir sálfræðingur.

Framkvæmdir

1. Göngubrú yfir Kaldá var kláruð fyrir upphaf sumarstarfs.
2. Eldhúsinnrétting við vegg að matsal var endurnýjuð þegar skipt var um neðri skápa og borðplötu. Einnig voru lagnir, vaskur og blöndunartæki endurnýjuð.
3. Í matarbúri var gólf flotað og nýr dúkur lagður.
4. Loftplötur í anddyri voru endurnýjaðar eftir vatnsskemmdir sem urðu í janúar 2011.
5. Stoðir undir aparólu voru styrktar og endurnýjaðar að hluta.
6. Nýr útibekkur keyptur og settur upp.
7. Mottur við útidyr endurnýjaðar.

Sumarstarf

Heildarskráning í flokka sumarsins 2011 var aðeins minni en árið á undan eða 132 á móti 157 sumarið 2010. Flokkastarfið var engu að síður rekið án halla eins og árið á undan.

Boðið var upp á 6 flokka:

Flokkur	Tímabil	Kyn	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1.	6.-10. júní	Stúlkur	10-12	5	13	Stelpur í stuði
2.	14-19. júní	Bæði	11-13	6	24	Ævintýraflokkur
3.	20.-24. júní	Drengir	8-10	5	18	Drengjaflokkur
4.	27. júní-1. júlí	Stúlkur	8-10	5	20	Stúlknaflokkur
5.	4.-8. júlí	Bæði	6-9	5	34	Leikjanámskeið
6.	11.-15. júlí	Bæði	11-13	5	23	Ævintýraflokkur
Samtals: 132						

Leikjanámskeiðið var vinsælasti flokkur sumarsins. Þetta var fimm daga flokkur frá mánudegi til föstudags, ætlaður yngsta aldurshópnum (6 – 9

ára) sem er að stíga sín fyrstu skref í sumarbúðum. Börnum var ekið í rútu frá Hafnarfirði að morgni en þau voru síðan sótt af foreldrum sínum síðdegis til þess að halda niðri rútukostnaði. Boðið var upp á gistingu aðfaranótt föstudags, sem nær öll börnin þáðu, og fengu þau þannig að kynna lífinu í sumarbúðunum.

Tveir ævintýraflokkar voru haldnir fyrir eldri börnin (11-13 ára) þar sem dagskráin var meira krefjandi en í hefðbundnum dvalarflokkum. Meðal annars var farið í lengri gönguferðir, gíst eina nótt undir berum himni á toppi Sandfells, íþróttakeppnir haldnar og fleira spennandi gert. Flokkurinn „Stelpur í stuði“ sem sniðinn er að þörfum 10-12 ára stúlkna með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í annað sinn í Kaldárseli. Skráning var svipuð og búist var við þegar litið er til skráningar í samsvarandi drengjaflokk í Vatnaskógi og hvað varðar stærð markhóps. Auk sumarstarfsfólks voru til viðbótar þrír sérmenntaðir starfsmenn með reynslu af starfi með börnum með ADHD. Gerð var könnun líkt og á síðasta ári þegar þessi flokkur var haldinn. Hringt var í foreldra stúlkanna og niðurstöður sýndu mikla ánægju með flokkinn.

Af starfi í flokkum sumarsins má nefna að kynntur var til sögunnar nýr leikur sem varð strax mjög vinsæll í öllum flokkum. Mjúkir boltar voru búnir til úr dagblöðum, vafðir með límbandi og síðan notaðir sem skot í leiknum. Á skilgreindum leikvelli leiksins voru síðan útbúnir felustaðir og skjól. Hóp er skipt upp í tvö lið og stendur það lið uppi sem sigurvegari sem hefur eitt eftir liðsmenn sem engin skot hafa fengið í sig.

Útgáfumál

Gefinn var út Kaldárselsbæklingur fyrir upphaf sumarstarfs. Var honum dreift í Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi og á Suðurnesjum til allra 8, 11 og 12 ára barna. Fjöldi sjálfboðaliða tók síðan að sér að bera bæklinginn í hús og eiga þeir allir þakkir skildar. Einnig var gert veggspjald sem dreift var víðsvegar í sömu bæjarfélögum.

Ný handbók sumarstarfs var gefin út fyrir vorið. Eldri handbók var samsett úr nokkrum blöðungum frá ýmsum tímum. Texti blöðunga var endurskoðaður, uppsetning samræmd og sett í eina heildstæða handbók ásamt ýmsu nýju efni. Með nýrri útgáfu handbókar var lögð áhersla á að skrá allar hefðir og venjur sem skapast hafa í gegnum tíðina í starfinu í Kaldárseli. Leitað var til eldri starfsmanna til að afla upplýsinga.



Í Kaldárseli var boðið upp á hefðbundna sumardvalarflokka og leikjanámskeið. Þátttakendur og starfsfólk vörðu góðum stundum saman við skemmtilega leiki og uppbyggilega dagskrá.

Kaffisala

Árleg kaffisala fór fram 11. september. Í Kaldárseli var hoppkastali og boðið var upp á andlitsmálun. Meðal veitinga var kökuhlaðborð og grillaðar pylsur. Allur ágóði af kaffisölu rann í skálasjóð Kaldársels.

Gjafir og styrkir

Í samræmi við samstarfssamning Hafnarfjarðarbæjar og KFUM og KFUK á Íslandi hefur Hafnarfjarðarbær stutt við sumarbúðarstarfið í Kaldárseli en Hafnarfjarðarbær styður vel við bak alls æskulýðsstarfs í bæjarfélaginu. Auk þess hefur bærinn veitt ýmsa aðstoð við lagfæringar og betrubætur á umhverfi staðarins.

Í tengslum við verkefnið „Stelpur í stuði“ var styrkja aflað sérstaklega þar sem kostnaður við þennan flokk er nærri tvöfaldur á við hefðbundna flokka. Stærstu styrkirnir fyrir flokkinn síðasta sumar komu frá Reykjavíkurborg, forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar og Pokasjóði. Eru öllum aðilum færðar alúðarpakkir fyrir.

Prentmet styrkti gerð Kaldárselsbæklingsins auk þess sem styrktarlínum var safnað og þær birtar á bakhlið bæklingsins.

Lokaorð

Margt hefur breyst í þjóðfélagi okkar á síðustu árum. Samdrátt í skráningum má eflaust skrifa að einhverju leyti á efnahag lands okkar um þessar mundir. Vonir standa til þess að nú sé botninum náð og að við í Kaldárseli getum tekið við fleiri börnum og gert þau að vinum Jesú. Til

þess að fleiri börn geti haft tækifæri til að koma í Kaldársel, hefur m.a. verið ákveðið að lækka dvalargjöldin fyrir næsta sumar í 29.900 kr. fyrir 5 daga flokk.

Það er enginn vafi að starf okkar byggist á því góða starfsfólki sem við höfum haft á að skipa. Sólrún Ásta Steinsdóttir hefur verið dyggur starfsmaður í Kaldárseli og m.a. séð um starfsmannamálin um langt skeið. Hún hefur ákveðið að láta af störfum og færum við henni bestu þakkir fyrir frábært starf í þágu Kaldársels.

Að lokum eru þeim Sigrúnu Lilju Guðbjörnsdóttur og Birni Þór Baldurssyni þökkuð góð störf í stjórn Kaldársels, en þau láta nú bæði af stjórnarstörfum. Rétt er að nefna að í stjórn hefur Björn verið lykilmáður í umsjón verklegra framkvæmda um langt árabíl. Það er von stjórnar að Kaldársel fái notið krafta þeirra Björns, Sigrúnar Lilju og Sólrúnar sem öflugra sjálfböðaliða um ókomin ár.

Ómar Þorvaldur Kristinsson, ritari stjórnar Kaldársels







Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)